

## Um Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 markar sameiginlega framtíðarsýn Fjarðabyggðar, Fljótsdalshrepps, Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps fyrir landshlutann. Tilgangurinn er að samstillta stefnu sveitarfélaganna á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar og tryggja þar með sjálfbæra þróun, komandi kynslóðum í hag. Svæðisskipulagið er langtíma stefnumarkandi áætlun sem framfylgt verður með skipulagsáætlunum hvers sveitarfélags og öðrum áætlunum SSA.

Ábyrgðaraðili: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Verkefnisstjórn: Austurbrú

Skipulagsráðgjöf: Alta. Aðalráðgjafi: Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

Aðrir ráðgjafar: Elín Guðnadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir og Hildur Kristjánsdóttir.

Teikningar og kort: Herborg Árnadóttir, herborgdraws.com

Umbrot: Esther Ösp Gunnarsdóttir, Austurbrú

Ljósmyndir: Árni Geirsson, Ásgeir Metúsalemsson, Esther Ösp Gunnarsdóttir, Austurbrú o.fl.

# Efnisyfirlit

Svæðisskipulagsnefnd	2	<b>4.0 Austurland - svæði sóknarfæra</b>	<b>52</b>	<b>6.0 Austurland - ævintýri líkast</b>	<b>102</b>
Afgreiðsla og gildistaka	3	4.1 Framtíðarþróun atvinnulífs	55	6.1 Leiðangrar og upplifun	105
Formáli	4	H. Lykiláherslur við atvinnuþróun	56	V. Ferðaaauðlindir	106
<b>1.0 Um svæðisskipulagið</b>	<b>6</b>	I. Hornsteinar atvinnulífs	58	X. Ferðaleiðir	108
1.1 Hlutverk og viðfangsefni	8	4.2 Matvæli	61	Y. Áfangastaðir	110
1.2 Tengsl við aðrar áætlanir	9	Í. Framleiðsla matvæla og verðmætasköpun	62	6.2 Listir og menning	112
1.3 Uppbygging svæðisskipulagsins	10	J. Dreifing, innkaup og neysla matvæla	66	Ý. Menningarlíf	113
1.4 Mótun svæðisskipulagsins	11	4.3 Skógur	68	Þ. Miðbæjarlíf	116
<b>2.0 Áskoranir og sýn</b>	<b>12</b>	K. Uppbygging skógarauðlindar	69	6.3 Útivist og íþróttir	117
2.1 Megináskoranir	14	L. Skógarmytjar og verðmætasköpun	72	Æ. Almenn útivistarsvæði	118
2.2 Framtíðarsýn	15	M. Aðgengi og útivist í skógum	73	Ö. Útivistar- og íþróttasv. til sérnota	120
<b>3.0 Austurland - góð heimkynni</b>	<b>18</b>	4.4 Ferðaþjónusta	74	<b>7.0 Framfylgd</b>	<b>124</b>
3.1 Byggð og grunnkerfi	21	N. Samfélag og gestir	75	7.1 Samstarf og framkvæmdaáætlanir	126
A. Byggðamynstur	22	O. Auðlindir og innviðir ferðaþjónustunnar	78	7.2 Samráð og innleiðing	127
Á. Samgöngur	26	Ó. Vörur og þjónustugæði	80	7.3 Endurskoðun	128
B. Orka, fjarskipti og fráveita	30	<b>5.0 Austurland - sterkt samfélag</b>	<b>82</b>	7.4 Mælikvarðar á árangur	128
3.2 Hnatræn og staðbundin vistkerfi	34	5.1 Samvinna og fjölbreytni	85	<b>8.0 Umhverfismat</b>	<b>130</b>
D. Loftslagsmál	36	P. Samvinna sveitarfélaga og samfélagsins	86	8.1 Um umhverfismatið	132
E. Vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni	40	R. Fjölbreytni og fjölmennning	88	8.2 Nálgun við umhverfismatið	132
3.3 Landslag og staðir	42	5.2 Þekking og nýsköpun	90	8.3 Niðurstaða umhverfismats	135
É. Landslagssgerðir og verndarsvæði	43	S. Nám og nýsköpun	92	Umsagnaraðilar	
F. Staðarmótun	48	T. Umhverfi nýsköpunar	94	Fylgiskjal: Umhverfismatsskýrsla	
G. Minjar og saga	50	5.3 Gunnþjónusta og heilbrigði	95		
		U. Grunnþjónusta	97		
		Ú. Heilsuefning	100		

# SVÆÐISSKIPULAGSNEFND

2016-2017

**Borgarfjarðarhreppur**

Angrímur Viðar Ásgeirsson  
Þorsteinn Kristjánsson, varaformaður

**Breiðdalshreppur**

Hákon Hansson  
Sif Hauksdóttir

**Djúpivogshreppur**

Andrés Skúlason, varaformaður  
Sævar Þór Halldórsson

**Fjarðabyggð**

Eydís Ásbjörnsdóttir  
Páll Björgvin Guðmundsson

**Fljótshálfshérað**

Árni Kristinsson  
Guðrún Ragna Einarsdóttir

**Fljótshreppur**

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður  
Lárus Heiðarsson

**Seyðisfjarðarkaupstaður**

Halla Dröfn Þorsteinsdóttir  
Óla Björg Magnúsdóttir

**Vopnafjarðarhreppur**

Eyjólfur Sigurðsson  
Ólafur Áki Ragnarsson

**FAUST**

Díana Mjöll Sveinsdóttir

2018-2020

**Borgarfjarðarhreppur**

Eyþór Stefánsson  
Þorsteinn Kristjánsson

**Djúpivogshreppur**

Andrés Skúlason, varaformaður  
Kári Snær Valtingojer

**Fjarðabyggð**

Eydís Ásbjörnsdóttir  
Gunnar Jónsson

**Fljótshérað**

Árni Kristinsson  
Freyr Ævarsson

**Fljótshreppur**

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður  
Lárus Heiðarsson

**Seyðisfjarðarkaupstaður**

Bjarki Borgþórsson  
Halla Dröfn Þorsteinsdóttir

**Vopnafjarðarhreppur**

Axel Örn Sveinbjörnsson  
Sigríður Bragadóttir

**FAUST**

Díana Mjöll Sveinsdóttir

2021-2022

**Fjarðabyggð**

Eydís Ásbjörnsdóttir, varaformaður  
Valur Sveinsson

**Fljótshreppur**

Gunnþórunn Ingólfssdóttir  
Lárus Heiðarsson

**Múlaþing**

María Markúsdóttir  
Stefán Bogi Sveinsson, formaður

**Vopnafjarðarhreppur**

Axel Örn Sveinbjörnsson  
Sara Elísabet Svansdóttir

**FAUST**

Díana Mjöll Sveinsdóttir

**ÞRÍTTI SEM TEKID HAFI ÞÁTT Í  
STARFI NEFNDARINNAR 2016-2022**



Berglind Häsler  
Björn H. Sigurbjörnsson  
Esther Kjartansdóttir  
Gunnar Jónsson  
Hugrún Hjálmarsdóttir  
Ívar Dan Árnason  
Jónína Brynjólfssdóttir  
Kjartan Róbertsson  
María Hjálmarsdóttir  
Pálína Margeirsdóttir  
Skúli Vignisson  
Teitur Helgason  
Vilhjálmur Jónsson  
Vífill Björnsson



# AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA



Á fundi svæðisskipulagsnefndar Austurlands þann 2. september 2022 var samþykkt að senda endanlega tillögu að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 til lokaafgreiðslu sveitarfélganna fjögurra á Austurlandi í samræmi við 2. mgr. 25 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðisskipulagið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnnum, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda samanber 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

  
  
Bæjarstjórn Fjarðabyggðar  
samþykkti svæðisskipulagið 14. september 2022

  
  
Sveitarstjórn Fljótshrepps  
samþykkti svæðisskipulagið 6. september 2022

  
  
Sveitarstjórn Múlaþings  
samþykkti svæðisskipulagið 14. september 2022

  
  
Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps  
samþykkti svæðisskipulagið 22. september 2022

  
  
Skipulagsstofnun  
samþykkti svæðisskipulagið 12. október 2022

# HVAÐ ER AUSTURLAND?

Sveitarstjórnarmál eru skipulagsmál. Það tók mig allmörg ár að átta mig á þessu, en það er staðreynd að skipulagsvaldið er umfangsmesta stjórnæki sem sveitarfélögin fara með og í gegnum skipulag er hægt að hafa áhrif á allt það sem varðar nærsamfélagið. Þau sem gefa kost á sér til setu í sveitarstjórn gera það undantekningarlaust vegna þess að þau vilja hafa jákvæð áhrif á samfélagið sitt. Ef við gerumst háfleyg um stund getum við sagt að verkefni sveitarstjórna á hverjum tíma sé að byggja betri og bjartari framtíð. Tækið til þess er skipulagið.

Skipulagsvinna sveitarfélaga teygir sig frá hinu smáa og sértæka yfir í umfangsmikla almenna stefnumótun. Útfærsla einstakra lóða og svæða er skilgreind í deiliskipulagi og aðalskipulag skilgreinir landnotkun í sveitarfélaginu öllu, auk þess að fela í sér stefnumörkun um uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins í breiðum skilningi. Það sem liggur fyrir hér er svæðisskipulag, en því er fyrst og fremst ætlað að vera sameiginleg framtíðarsýn fyrir Austurland. Um leið er leitast við að setja niður á blað hvað það er sem sameinar okkur. Hvað einkennir þessi sameiginlegu heim-

kynni okkar, bæði landið en líka samfélagið? Hvaða þættir eru það sem við viljum varðveita og hvað er það sem við viljum þróa áfram og breyta?

Mörgum verður tíðrætt um hrepparíg á Austurlandi. Eftir að hafa setið í sveitarstjórn undanfarin tólf ár treysti ég mér til að fullyrða að það er ekki hrepparígur sem einkennir samskipti sveitarfélaga á Austurlandi heldur samstaða. Sveitarfélögin á Austurlandi og sveitarstjórnarfolk á svæðinu vinnur saman af heilindum og stendur saman um framfaraverkefni. Við höfum verið ófeimin við að stíga djörf skref til að þróa þetta samstarf og sveitarstjórnarstigið sem slíkt. Umfangsmiklar sameiningar sveitarfélaga og stofnun Austurbrúar, sameiginlegrar stoðstofnunar fyrir Austurland, sýna að hér ríkir engin þúfnapólitík, heldur ríkur vilji til að þróa samfélagið áfram íbúum til hagsbóta.

Austurland er ekki hrepparnir eða kaupstaðirnir, Fjarðabyggð eða Múlaþing. Austurland er samfélag fólksins sem hér býr, menning þess og saga, líf þess og starf. Verkefni þeirra sem bjóða sig fram til að starfa í sveitarstjórnnum er ekki að

viðhalda óbreyttri stöðu, heldur þróa þetta samfélag áfram og bæta það með öllum ráðum. Fyrirliggjandi svæðisskipulag er viðleitni í þessa átt. Með því að móta framtíðarsýn og setja hana á blað er líklegra að slík sýn verði að veruleika. Með nýju svæðisskipulagi fyrir Austurland er mótuð stefna í átt til bjartar framtíðar fyrir samfélagið okkar.

Stefán Bogi Sveinsson  
*formaður svæðisskipulagsnefndar  
Sambands sveitarfélaga á Austurlandi  
2021-2022*

# ÁVARP

Heildin er sterkari en summa einstakra hluta. Þetta er stundum sagt þegar ólíkir þættir koma saman og mynda eina öfluga heild. Þetta á ágætlega við á Austurlandi. Samfélögin eystra eru frábrugðin hvert öðru um margt og hafa sína sérstöðu en sem heild er landshlutinn ríkur af mannauði og auðlindum og saman skortir okkur fátt.

Það er þó rétt að undirstrika að það er miklu fleira sem sameinar okkur og í grunninn eru íbúar á Austurlandi sammála um flest það sem skiptir mestu máli. Þegar á reynir höfum við staðið saman sem ein heild og saga samvinnu á milli sveitarfélaga á Austurlandi er löng og blómleg.

Heimurinn er að breytast og hann breytist hratt. Líkt og aðrir íbúar jarðarinnar stöndum við frammi fyrir krefjandi áskorunum, m.a. vegna loftslagsbreytinga sem munu reyna á þau kerfi er við höfum búið til og þróað á síðustu árum og áratugum. Það er af þessari ástæðu sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett þjóðum heimsins markmið þar sem sjálfbær þróun er lögð til grundvallar.

Samvinnu hefðin mun hjálpa okkur að takast á við þessar breytingar. Svæðisskipulag Austurlands, sem nú lítur dagsins ljós, inniheldur fyrstu útgáfu sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir landshlutann. Í því kemur fram hvernig við viljum að samfélagið okkar þroskist og þróist á næstu tveimur áratugum eða svo og hvernig við getum samræmt markmið okkar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Með góðu samstarfi gerum við Austurland að öruggum og góðum stað til að búa á og heimsækja.

Vafalítið mun Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 þróast á næstu árum, það verður vegið og metið reglulega eins og eðlilegt er í síbreytilegu umhverfi. Ég er í engum vafa um að sameiginleg sýn, sem byggist á heimsmarkmiðunum og er mótuð í samtali íbúa landshlutans, muni skila komandi kynslóðum samfélagi þar sem almenn lífskjör verða með því besta sem gerist.

Ég óska íbúum á Austurlandi til hamingju með svæðisskipulagið.

Einar Már Sigurðarson  
*formaður Sambands sveitarfélaga  
á Austurlandi 2018-2022*

# 1.0

## UM SVÆÐISSKIPULAGIÐ

- 1.1 Hlutverk og viðfangsefni
- 1.2 Tengsl við aðrar áætlanir
- 1.3 Uppbygging svæðisskipulagsins
- 1.4 Mótun svæðisskipulagsins





## 1.1 Hlutverk og viðfangsefni

Markmið sveitarfélaga á Austurlandi er að landshlutinn verði sífellt eftir-sóknarverðari til búsetu, starfa og ferðalaga. Svæðisskipulagi Austurlands er ætlað að stuðla að þessu markmiði með því að samstillta stefnu sveitarfélaganna á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar. Leitast er við að samþætta þessi fjögur svið til að tryggja sjálfbæra þróun, núverandi og komandi kynslóðum í hag.

Svæðisskipulagið skilgreinir nokkur viðfangsefni á hverju sviði út frá:

- \* Svæðisbundnum málum sem hafa verið til umfjöllunar í sóknaráætlun<sup>1</sup> og áfangastaða-áætlun Austurlands,<sup>2</sup> sem og á vettvangi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi á liðnum árum.<sup>3</sup>
- \* Landslagsskipulagsstefnu 2015-2026<sup>4</sup> og tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við hana sem fjallar um loftslag, landslag og lýðheilsu.<sup>5</sup>
- \* Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, en þau eru 17 talsins og hvert með nokkur undirmarkmið.<sup>6</sup>

Lögð var áhersla á að draga fram mála-flokka og viðfangsefni sem hafa svæðis-bundið mikilvægi en jafnframt gert ráð fyrir að bætt verði inn stefnu um einstök viðfangsefni síðar meir, eftir því sem tilefni þykir til að móta sameiginlega stefnu sveitarfélaganna. Ný viðfangsefni eiga að geta fundið sinn stað í þeim ramma sem svæðisskipulagið setur.

Jafnframt var lögð áhersla á að svæðisskipulagið setti almenna stefnu sem slægi skýran tón fyrir nánari stefnumótun í aðalskipulagi og öðrum áætlunum sveitarfélaganna. Umhverfismat áætlana<sup>7</sup> mun gegna mikilvægu hlutverki við tryggja samræmi við svæðisskipulagið sem og við önnur viðeigandi stefnuskjöl.



Viðfangsefni svæðisskipulagsins ná til fjögurra sviða og byggja á svæðisbundnum áherslum, landsskipulagsstefnu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

## 1.2 Tengsl við aðrar áætlanir


Svæðisskipulagið er langtíma stefnumarkandi áætlun sem framfylgt verður með skipulagsáætlunum hvers sveitarfélags.

Aðrar áætlanir Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og einstakra sveitarfélaga landshlutans munu einnig gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd stefnunnar. Þar er helst að nefna sóknaráætlun og áfangastaðaáætlun en jafnframt framkvæmda- og fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna. Þær áætlanir horfa til þriggja til fimm ára í senn og þeim er því hægt að beita til að forgangsraða markmiðum svæðisskipulagsins á hverjum tíma.

Stefnuskjölum landshlutans og hvers sveitarfélags fyrir sig í málum sem t.d. varða umhverfi, menningu, ferðaþjónustu, fjölskyldu og atvinnu, er enn fremur ætlað að innleiða stefnu svæðisskipulagsins.

Við endurskoðun fyrirbyggjandi stefnuskjala og mótun nýrra ber að taka mið af stefnunni.

Unnin verður aðgerðaáætlun þar sem dregin verða saman þau markmið sem kalla á framfylgd í gegnum aðal- og deiliskipulag og ábyrgðaraðilar skilgreindir fyrir önnur markmið, þ.m.t. þau sem kalla á framfylgd í gegnum áætlanir ríkisins. Sjá nánar um framfylgd svæðisskipulagsins í kafla 7.0.



Uppbygging stefnu frá sýn til framkvæmda og tengsl svæðisskipulags við aðrar áætlanir sveitarfélaganna.

<sup>1</sup> Sóknaráætlun Austurlands.

<sup>2</sup> Áfangastaðurinn Austurland.

<sup>3</sup> Samband sveitarfélaga á Austurlandi.

<sup>4</sup> Landsskipulagsstefna 2015-2026.

<sup>5</sup> Tillaga Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu.

Lofslag, landslag og lýðheilsa.

<sup>6</sup> Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun.

<sup>7</sup> Sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

### 1.3 Uppbygging svæðisskipulagsins

Í þessum fyrsta kafla er hlutverki, viðfangsefnum og mótun svæðisskipulagsins lýst.


Í öðrum kafla er fjallað um þær áskoranir sem svæðisskipulagið tekst á við. Síðan er dregin upp framtíðarsýn fyrir Austurland sem lýsir heildarmynd af landshlutanum út frá umhverfi, atvinnulífi, samfélagi og menningu. Sýnin er nánar útfærð með meginmarkmiðum fyrir þessi fjögur svið, undir kjörordunum:

- \* Austurland - góð heimkynni
- \* Austurland - svæði sóknarfæra
- \* Austurland - sterkt samfélag
- \* Austurland - ævintýri líkast

Í þriðja til sjötta kafla er sett fram stefna fyrir hvert svið í formi markmiða fyrir einstök viðfangsefni og leiða að þeim. Síðan eru settar fram skýringar við stefnuna.

Í sjöunda kafla eru lagðar línur fyrir framfylgd svæðisskipulagsins.

Í áttunda kafla er samantekt um umhverfismat svæðisskipulagsins en umhverfismatsskýrsla er í fylgiskjali.<sup>7</sup>



Meginkaflar svæðisskipulagsins

Aftast í skjalinu er listi yfir umsagnar- aðila.

Kort og skýringamyndir í skjalinu sýna ýmist núverandi stöðu eða lýsa áherslum um framtíðarþróun til skýringar við markmið, sbr. myndatexta undir hverri mynd. Ljósmyndir eru notaðar til að draga sérkenni Austurlands sem best fram.

Svæðisskipulaginu fylgir vefsja með ýmsum gögnum sem nýtt voru við gerð þess og verða nýtt við framfylgd stefnunnar.<sup>8</sup>

## 1.4 Mótun svæðis- skipulagsins

Svæðisskipulagsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi Austurlands og einum fulltrúa frá Ferðamálasamtökum Austurlands, hefur haft umsjón með mótun svæðisskipulagsins. Austurbrú hefur stýrt verkefninu fyrir hönd SSA.

Svæðisskipulagsnefnd kynnti verkefnis- lýsingu vorið 2018. Hlé varð á vinnu í nefndinni 2019-2020 en þráðurinn

tekinn aftur upp með nýrri nefnd í árs- byrjun 2021. Frá ársbyrjun 2021 veitti ráðgjafafyrirtækið Alta aðstoð við skipulagsgerðina. Ritun texta og gerð skýringarmynda var í höndum Alta í samvinnu við Austurbrú.

Svæðisskipulagsnefnd kynnti svæðis- skipulagstillögu og umhverfismats- skýrslu í mars 2022, í samræmi við 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 12. og 14. gr. laga um umhverfismat fram- kvæmda og áætlana.<sup>9</sup>

Svæðisskipulagstillagan var birt á vef Austurbrúar og frétt birt á vef hvers sveitarfélags landshlutans og á sam- félagsmiðlum og íbúar hvattir til að kynna sér svæðisskipulagstillöguna og senda ábendingar og sjónarmið til svæðisskipulagsnefndarinnar. Samtímis var tillagan send á lögbundna umsagnar- aðila og fjölmarga hagsmunaaðila (sjá lista aftast í skjalinu) með ósk um umsögn innan fjögurra vikna. Tillagan var þá einnig send sveitarstjórnnum til umfjöllunar.

Þegar kynningartíma lauk var unnið úr umsögnum og ábendingum og ákveðið að gera nokkrar lagfæringar á tillögunni. Í kjölfarið afgreiddi svæðis- skipulagsnefnd og síðan sveitarstjórnir svæðisskipulagstillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu. Stofnunin veitti umsögn um tillöguna í júní 2022 gerði ekki athugasemdir við auglýsingu hennar. Tillagan var auglýst 7. júlí 2022 með athuga- semdafresti til 20. ágúst. Svæðisskipu- lagsnefnd og sveitarstjórnir afgreiddu athugasemdir sem bárust og samþykktu svæðisskipulagið í september 2022 og sendu til Skipulagsstofnunar til staðfest- ingar.

<sup>7</sup> Sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

<sup>8</sup> Vefsja svæðisskipulags.

<sup>9</sup> Lög nr. 123/2010 og nr. 151/2021.



# 2.0

## ÁSKORANIR OG SÝN

2.1 Megináskoranir

2.2 Framtíðarsýn



## 2.1 Megináskoranir

Svæðisskipulagið tekst á við helstu áskoranir sem landshlutinn mun standa frammi fyrir í náninni framtíð. Þær snúast um að:

1. Styrkja mannauð og efla nýsköpun.
2. Efla samvinnu á milli sveitarfélaga, íbúa og fyrirtækja og stofnana samfélagsins.<sup>1</sup>
3. Stuðla að lýðfræðilegu jafnvægi, góðu heilsufari íbúa og að menning og listir blómstri.<sup>2</sup>
4. Nýta auðlindir með sjálfbærum hætti og stuðla að þróun hringrásarhagkerfis.<sup>3</sup>
5. Vernda og styrkja landslags-sérkenni og menningararf.<sup>4</sup>
6. Takast á við loftslagsbreytingar og styrkja líffræðilega fjölbreytni.<sup>5</sup>

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna endurspeglast í þessum áskorunum, sem og áætlanir á landsvísu sem sveitarfélögum ber að taka mið af í sinni stefnumótun og skipulagsgerð.<sup>6</sup> Þær birtast í áþekkri mynd í fyrri og gildandi áætlunum landshlutans, s.s. sóknaráætlun, áfangastaðaáætlun og í stefnuskjölum sveitarfélaganna í einstökum málaflokkum.



Markmið sem sett eru fram í svæðisskipulaginu lýsa vilja sveitarfélaga Austurlands til að takast á við áskoranir framtíðar og leggja sitt af mörkum við að stuðla að sjálfbærri þróun.





Framtíðarsýn Austurlands lýsir mynd af umhverfi, atvinnulífi, samfélagi og menningu Austurlands árið 2044.

## 2.2 Framtíðarsýn

Svona verður Austurland árið 2044:

**Á Austurlandi er samheldið fjölmenningsamfélag með lífsgæði í forgrunni.**

**Litríkt listalíf, ríkur menningararfur og áhugaverðir staðir á fjörðum, héraði og hálendi veita gnótt tækifæra til að upplifa sannkölluð ævintýri.**

**Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda og þekkingu og sköpunarkrafti íbúa.**

<sup>1</sup> Aðgerðaáætlun um Árórsarsamninginn 2018-2021. Heimsmarkmið 17.

<sup>2</sup> Austurland. Stöðugreining 2019. Lýðheilsustefna og aðgerðaáætlun. Heimsmarkmið 3, 4 og 5.

<sup>3</sup> Hringrásarhagkerfi. Stefna um úrgangsförvarnir 2016-2027. Heimsmarkmið 6, 7, 12, 14 og 15.

<sup>4</sup> Landslagssamningur Evrópu. Menningarstefna í mannvirkjagerð.

<sup>5</sup> Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Samningur SP um líffræðilega fjölbreytni og stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Heimsmarkmið 11, 14 og 15.

<sup>6</sup> Landsskipulagsstefna 2015-2016.





Sett eru meginmarkmið fyrir hvert svið svæðisskipulagsins sem vísa veginn að framtíðarsýn Austurlands.

\* **Góð heimkynni:** Umhverfið, hið manngerða sem og náttúrulega, verður heilnæmt, vistvænt og öruggt. Það verður gott að búa á Austurlandi og eftirsóknarvert að sækja það heim.

\* **Svæði sóknarfæra:** Atvinnulífið nýtir auðlindir svæðisins á sjálfbæran hátt í sátt við samfélagið. Nýsköpun, þekking og rannsóknir verða æ styrkari grundvöllur atvinnusköpunar og framþróunar.

\* **Sterkt samfélag:** Samfélagið er samheldið og virkt þekkingar-samfélag með ríkan og skapandi mannaúð og góðar aðstæður til náms og heilbrigðis.

\* **Ævintýri líkast:** Menningarlífið er blómlegt og fjölbreyttir möguleikar eru til að stunda útivist og íþróttir, sem gerir landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa og heimsækja.

	 Góð heimkynni	 Svæði sóknarfæra	 Sterkt samfélag	 Ævintýri líkast
UMHVERFISMÁL	Vistvænt og fallett			
ATVINNUMÁL		Skapandi og kröftugt		
SAMFÉLAGSMÁL			Sameinað og hraust	
MENNINGARMÁL				Skemmtilegt og listrænt

Markmið á hverju sviði svæðisskipulagsins geta snúið að umhverfis-, atvinnu-, samfélags- eða menningarmálum. Með því er leitast við að brjóta múra á milli málaflokka og sýna hvernig þeir geta stutt hver við annan.



3.0

# AUSTURLAND - GÓÐ HEIMKYNNI

## 3.1 Byggð og grunnkerfi

A. Byggðamynstur

Á. Samgöngur

B. Orka, fjarskipti og fráveita

## 3.2 Hnattræn og staðbundin vistkerfi

D. Loftslagsmál


E. Vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni

## 3.3 Landslag og staðir

É. Landslagsgerðir og verndarsvæði

F. Staðarmótun

G. Minjar og saga



## Meginmarkmið 1: Austurland - góð heimkynni

Á Austurlandi verða áfram góð heimkynni. Umhverfið, hið manngerða sem og náttúrulega, verður heilnæmt, vistvænt og öruggt. Það verður gott að búa á Austurlandi og eftirsóknarvert að sækja það heim.

Þessum árangri ætla sveitarfélögin á Austurlandi að ná með því að vinna að sameiginlegum markmiðum sem falla undir:


- 3.1 Byggð og grunnkerfi
- 3.2 Hnattræn og staðbundin vistkerfi
- 3.3 Landslag og staði

Viðfangsefni markmiðanna snúa að því að Austurland sé:

- \* Svæði þar sem samfélagið býr við góðar samgöngur, sjálfbæra orku og öflug fjarskipti.
- \* Svæði þar sem unnið er að því að styrkja viðnámsþrótt gagnvart hnattrænum loftslagsbreytingum og viðhalda heilbrigði staðbundinna vistkerfa.
- \* Svæði þar sem borin er virðing fyrir verðmætu náttúrufari og landslagi og lögð áhersla á að móta aðlaðandi staði út frá landslagssérkennum, sögu og heilnæmi.



### 3.1 Byggð og grunnkerfi



Á Austurlandi þróast áfram byggðamynstur öflugra þéttbýlisstaða í fjölkjarnasamfélagi og möguleikum til búsetu í dreifbýli án tengsla við búskap fjölgar. Vistvænir ferðamátar verða ákjósanlegir og vegir á Austurlandi öruggir allan ársins hring. Ráðist verður í nauðsynlegar samgöngubætur og almenningsamgöngur styrktar. Rík áhersla verður lögð á reglulegt áætlunarflug til og frá Austurlandi og lykilsamgöngumannvirkjum í landshlutanum verður viðhaldið og þau efl. Orkulindir verða nýttar til að efla byggð, flutnings- og dreifikerfi raforku verður áreiðanlegt og síma- og netsamband um allan landshlutann tryggt.

Viðfangsefni kaflans eru:

A. Byggðamynstur

Á. Samgöngur

B. Raforka og fjarskipti


## A. Stefna um byggðamynstur

### A.1 Þéttbýlisstaðir styrkist sem öflugar einingar í sterku fjölkjarna samfélagi þéttbýlis og dreifbýlis.

- \* Unnið verði að því að styrkja alla þéttbýlisstaði með uppbyggingu atvinnulífs, þjónustu og íbúðarhúsnæðis og með bættri aðstöðu til útivistar og annarrar afþreyingar.
- \* Uppbygging og viðhald vegakerfis miði að því að það taki að hámarki 60 mínútur að aka að einum af fjórum stærstu þéttbýlisstöðunum hvaðanæva af svæðinu.
- \* Almenningsamgöngur verði í boði á milli allra þéttbýlisstaðanna.

### A.2 Samfélag í dreifbýli styrkist með möguleikum til búsetu þar án tengsla við búskap.

- \* Núverandi íbúða- og þjónustukjarnar í dreifbýli, þ.e. á Hallormsstað, Eiðum og í Mjóafirði, viðhaldist og styrkist.
- \* Uppbygging nýrra íbúða- og þjónustukjarna í dreifbýli verði ákvörðuð í aðalskipulagi, enda sé hún vel rökstudd m.t.t. áhrifa á umhverfi, efnahag og samfélag.
- \* Góð fjarskiptakerfi og öruggt og öflugt flutningskerfi raforku tryggi góðar aðstæður fyrir búsetu og atvinnulíf í dreifbýli.



Byggðakjarnar og sveitir Austurlands árið 2022.





## Skýringar við stefnu um byggðamynstur

### Byggðamynstur Austurlands


Á Austurlandi eru tæplega 11.000 íbúar, þar af rúmlega 1800 í strjálbýli. Þéttbýliskjarnarnir eru ellefu og liggja allir við sjó nema Egilsstaðir. Þrír þeirra eru með innan við 200 íbúa, fimm eru með á bilinu 300-700 íbúa, þrír með 1000-1500 og einn yfir 2500 íbúa.<sup>2</sup>

Í landskipulagsstefnu er lögð áhersla á að styrkja samfélög með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru og skilgreina meginkjarna í hverjum landshluta. Tilgangurinn er að nýta innviði sem best og stuðla að því að til verði vinnusóknar- og þjónustusvæði sem geta staðið undir fjölbreyttri þjónustu.<sup>3</sup>

Á Austurlandi er ekki talið æskilegt að leggja höfuðáherslu á einn kjarna umfram aðra þar sem á svæðinu eru margir rótgrónir byggðarkjarnar, langt á milli sumra þeirra og torfært á vetrum. Því er lögð áhersla á að styrkja alla kjarna með einum eða öðrum hætti og bæta samgöngur á milli þeirra. Sérstaklega verður lögð áhersla á að bæta grunnþjónustu í nærsamfélagi<sup>4</sup> og vinna að því að unnt verði að aka á milli allra þéttbýliskjarnanna á innan við 60

mínútum, allan ársins hring, sem einnig styður við Austurland sem eitt vinnusóknarsvæði.

Svæðisskipulagið beinir ákvörðun um nýja íbúðar- og þjónustukjarna eða ný íbúðarsvæði utan þéttbýlis til aðalskipulags.



Byggðakjarnar Austurlands og svæði sem er innan 60 mínútna akstursfjarlægðar frá fjórum stærstu kjörnum m.v. vegakerfi árið 2022.



## Byggðamynstur í þéttbýli

Við skipulag þéttbýlis þarf að leitast við að móta heilnæmt og vistvænt umhverfi sem veitir íbúum vellíðan og hefur sterkt aðdráttarafl fyrir gesti. Samspil landnotkunar, þéttleika og gatna- og stíga-kerfis hefur þar lykilhlutverki að gegna.

Í bæjum og þorpum, þar sem gatna- og stígakerfi er þétttriðið og þjónusta í innan við tíu eða fimmtán mínútna göngufæri við flest heimili, er hægt að sinna flestum erindum fótgangandi og/eða á reiðhjóli. Austfirskir bæir uppfylla flestir nú þegar þessi fjarlægðarviðmið og geta þróast enn frekar í þessa átt. Með góðum stígatengingum og vandaðri hönnun göturýma fyrir alla ferðamáta er hægt að greiða fyrir daglegri hreyfingu og bættri lýðheilsu. Gott aðgengi að útivistarsvæðum innan og í grennd þéttbýlis er einnig mikilvægur þáttur í heilnæmu og vistvænu bæjarumhverfi.<sup>5</sup>

Við þróun þéttbýlis þarf enn fremur að huga að fjölbreyttum húsnæðiskostum sem ýta undir félagslega fjölbreytni og auðvelda íbúum að stækka við sig og minnka eftir mismunandi æviskeiðum.<sup>6</sup>

<sup>2</sup> Hagstofa Íslands 1.1.2021.

<sup>3</sup> Landsskipulagsstefna 2015–2026.

<sup>4</sup> Sbr. Byggðaáætlun 2018–2024.

<sup>5</sup> Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu.

<sup>6</sup> Landsskipulagsstefna 2015–2026.


## Á. Stefna um samgöngur

### Á.1 Vegakerfi Austurlands styrkist og byggi á fjórum megin-einingum:

- \* Baugur sem er megingting vega og jarðganga milli stærstu þéttbýlisstaða á Austurlandi og annarra sem að honum liggja. Þéttbýlisstaðir sem liggja að baugnum eru Egilsstaðir/Fella-bær, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
- \* Nælur sem tengja aðra þéttbýlisstaði Austurlands inn á bauginn með vegum eða jarðgöngum.
- \* Lykkjur sem eru mikilvægar aukatengingar sem einkum þjóna sem ferðaleiðir.
- \* Festar sem eru vegtengingar inn og út úr landshlutanum.

### Á.2 Nauðsynlegar samgöngu-bætur í landshlutanum raungerist með umferðaröryggi og styttingu vegalengda að leiðarljósi.

- \* Uppbygging og viðhald vegakerfis miði að því að það taki að hámarki 60 mínútur að aka frá smærri þéttbýlisstöðunum að einum af fjórum stærstu þéttbýlisstöðunum.
- \* Unnið verði að því að bæta vegi, gera jarðgöng og breikka brýr til að stytta leiðir og auka öryggi. Þá þarf að gera stofn- og tengivegi greiðfæra allt árið um kring þannig að auðvelt sé að sækja þjónustu og vinnu á milli staða og ferðast um landshlutann. Áhersla verði lögð á að byggja Fjarðarheiðargöng, Seyðisfjarðargöng og Mjóafjarðargöng með það að markmiði að hringtengja miðsvæði Austurlands. Unnið verði að því að aðrar jarðgangaframkvæmdir, sem taldar eru nauðsynlegar, verði settar á 15 ára samgönguáætlun og síðan 5 ára aðgerðaáætlun hennar.



Þróun vegakerfis Austurlands miði að því að hringtenging, kölluð baugur, verði á milli stærstu þéttbýlisstaða og að út frá honum liggi nælur og lykkjur sem tengja aðra byggð inn á bauginn með vegum eða jarðgöngum. Vegir sem tengja Austurland við aðra landshluta kallast festar.

- \* Unnið verði að því að bæta hringtengingu (lykkju) á milli Fljótsdals og Jökuldals um hálendishluta Austurlands í samstarfi við samgönguyfirvöld.

### Á.3 Stofnvegir úr landshlutanum til norðurs og suðurs séu greiðfærir og öruggir allan ársins hring.

- \* Unnið verði að því að bæta vegi til annarra landshluta (festar) þannig að þeir gegni sem best hlutverki sínu.

### Á.4 Almenningsamgöngur innan landshlutans styrkist.

- \* Tryggt verði að almenningsamgöngur séu í boði á milli allra þéttbýlisstaða.
- \* Leiðakerfi bjóði upp á góða tengingu á milli ferjuferða í Seyðisfjarðarhöfn og flugs um Egilsstaðaflugvöll.
- \* Leiðakerfi miði við akstur byrji frá minni stöðum að stærri.
- \* Stuðlað verði að farþegasiglingum á milli fjarða þar sem þörf er á.

### Á.5 Áætlunarflug til og frá landshlutanum sé öruggt og reglulegt allan ársins hring og aðstaða til sjúkraflugs sem best.

- \* Egilsstaðaflugvelli og Vopnafjarðarflugvelli verði vel viðhaldið í þessum tilgangi og aðstaða í samræmi við þarfir.
- \* Flugbrautinni á Norðfirði verði vel viðhaldið sem lendingarstað fyrir neyðar- og sjúkraflug, auk einkaflugs minni véla.
- \* Aðrar flugbrautir og lendingarstaðir, sem þjóna öryggi og nýtast í ferðaþjónustu, verði kortlagðir og staða þeirra og hlutverk skilgreind.
- \* Verkefnið Loftbrú tryggi áfram fargjöld á viðráðanlegu verði til höfuðborgarsvæðis og úrræðið verði þróað áfram til að styrkja byggð.

### Á.6 Egilsstaðaflugvöllur eflist sem alþjóðaflugvöllur.

- \* Rými og aðstaða á flugvelli miði við þarfir millilandaflugs fyrir fólk og vöruflutninga.
- \* Áfram verði unnið að því að bæta samkeppnisstöðu flugvallarins og markaðssetja hann fyrir millilandaflug.

### Á.7 Seyðisfjarðarhöfn styrkist sem aðalhlið Íslands fyrir farþegaflutninga á sjó, auk þess að gegna mikilvægu hlutverki sem vöruflutningahöfn.

- \* Rými og aðstaða við höfnina miði við þarfir farþegaflutninga og vöruflutninga og mannvirkjum verði vel viðhaldið.

### Á.8 Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði styrkist sem ein aðal vöruflutningahöfn landsins.

- \* Rými og aðstaða Mjóeyrarhafnar miði við að hún sé aðal flutningahöfn á Austurlandi og miðstöð þjónustu tengdri flutningum á sjó og landi. Þar verði einnig helsta vaxtarsvæði landshlutans fyrir hafnsækna starfsemi.

## Skýringar við stefnu um samgöngur

### Vegasamgöngur

Sveitarfélög á Austurlandi hafa síðustu ár kallað eftir nýjum jarðgöngum milli þéttbýliskjarna til að rjúfa vetrareinangrun og skapa hringleið á svæðinu sem tengir firðina og Egilsstaði inni á Héraði.<sup>7</sup> Mikilvægt þykir að ráðast í samgöngubætur sem tryggja að ferðatími verði í mesta lagi 60 mínútur í næsta kjarna. Um 90% íbúa Austurlands búa í innan við klukkutíma akstursfjarlægð frá Egilsstöðum en hin 10% í minna en 1,5 klukkutíma fjarlægð. Nýleg jarðgöng frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar og frá Eskifirði til Norðfjarðar hafa stýtt ferðatíma talsvert.<sup>8</sup>

Í samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við Fjarðarheiðargöng á árinu 2022 og í framhaldinu verði gerð jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar (Seyðisfjarðargöng) og Mjóafjarðar og Fannardals (Mjóafjarðargöng).<sup>9</sup> Þessar framkvæmdir munu mynda hringtengingu innan svæðisins. Hugmyndir hafa verið uppi um fleiri jarðgöng til að tengja byggðirnar enn betur saman og tryggja öruggar samgöngur allan ársins hring. Þar er helst að nefna

Vopnafjarðargöng<sup>10</sup>, göng undir Vatnskarð<sup>11</sup>, Breiddalsheiði og Berufjarðar-  
skarð.<sup>12</sup> Þá hefur einnig verið bent á möguleg jarðgöng á milli Álftafjarðar og Lónsfjarðar til að bæta tengsl milli Austurlands og Suðurlands. Aðrar samgöngubætur sem kallað hefur verið eftir eru t.a.m. heilsársvegur yfir Öxi, ný brú yfir Lagarfjót, uppbygging á Þjóðvegi 1 í sunnanverðum Fáskrúðsfirði og víðar, bundið slitlag þar sem enn eru malarvegir og tvöföldun einbreiðra brúa.<sup>13</sup>

Við aðalskipulags- og deiliskipulagsvinnu m.t.t. vega er hægt að nýta leiðbeiningar sem Vegagerðin og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa gefið út.<sup>14</sup> Við þá vinnu er mikilvægt að huga að samráði og taka mið af umferðaröryggisáætlun stjórnvalda en hún er hluti samgönguáætlunar.

### Almenningssamgöngur

Í landsskipulagsstefnu er lögð höfuðáhersla á að boðið sé upp á fjölbreytta samgöngumáta en þar spila almenningssamgöngur lykilhlutverk. Almenningsamgöngur eru hagkvæmur og vistvænn ferðamáti og nauðsynlegar fyrir þá sem ekki hafa bíl til umráða og geta eða vilja ekki fara ferða sinna á bíl.

Á Austurlandi fara almenningssvagnar á milli helstu þéttbýlisstaða á svæðinu og flugvallarins á Egilsstöðum. Þá er Strætó með tengingar norður í land og frá Höfn um Suðurland. Tengingu vantar hins vegar til Djúfavogs og Breiddalsvíkur sem og á milli Vopnafjarðar og Egilsstaða. Þess utan er leiðakerfi á vegum Fjarðabyggðar sem miðar að samtengingu byggðakjarna innan sveitarfélagsins sem og hjá Múlaþingi sem rekur ferðir á milli Egilsstaða og Fellabæjar.

Reglubundnar ferjusiglingar eru með farþega og frakt milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar yfir vetrartímann.<sup>15</sup>

Íbúar á Austurlandi fá 40% afslátt af flugfargjöldum fyrir allt að þrjár ferðir til og frá höfuðborgarsvæðinu á ári í gegnum verkefnið Loftbrú.<sup>16</sup>

### Flugsamgöngur

Flugsamgöngur eru sérstaklega mikilvægar fyrir Austurland enda sá landshluti sem er fjarst frá höfuðborginni. Það tekur nokkurn veginn jafnlangan tíma að aka frá Egilsstöðum til Reykjavíkur hvort sem að farið er suður eða norður fyrir.

Flugvellir fyrir áætlunarflug eru á Egilsstöðum og Vopnafirði en auk þess er flugbraut á Norðfirði sem hefur verið notuð fyrir neyðar- og sjúkraflug. Egilsstaðaflugvöllur er einn af fjórum flugvöllum á Íslandi sem uppfylla kröfur um millilandaflug og er jafnframt fyrsti varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll. Á flugvöllum eru kjöraðstæður fyrir aðflug og landingu og hagstætt veðurfar.<sup>17</sup> Daglega eru þrjár áætlunarferðir milli Egilsstaða og Reykjavíkur árið um kring og er flugtíminn um 45 mínútur. Flugvöllurinn þjónar einnig leiguflugi til útlanda og einkaflugi. Það er yfirlýst markmið íslenskra stjórnvalda að reglulegt millilandaflug verði um flugvöllinn í náinni framtíð. Daglegt áætlunarflug er á milli Vopnafjarðar og Akureyrar virka daga.<sup>18</sup>

Undanfarin ár hefur mikið verið unnið í markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar.<sup>19</sup> Fólks- og vöruflutningar í millilandaflugi myndu efla ferðaþjónustu og aðra verslun og þjónustu á Austurlandi.<sup>20</sup> Einnig gætu þeir opnað fyrir sóknarfæri í aukinni framleiðslu á ferskvöru, s.s. sjávar- og eldisafurðum. Samtök sveitarfélaga á Austurlandi hafa

einnig lagt áherslu á að tryggð sé aðstaða fyrir þyrlusveit Landhelgisgæslunnar á flugvöllum.<sup>21</sup>


### Samgöngur á sjó

Hafnir gegna lykilhlutverki í atvinnulífi á Austurlandi enda byggðust flestir þéttbýlisstaðir á svæðinu upp í kringum sjósókn. Á Austurlandi eru sjö hafnir í grunnneti samgöngukerfisins. Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði er næst stærsta höfn landsins en um 1,5 milljón tonna af vörum fara um höfnina á ári.<sup>22</sup> Stór farþegaflutningahöfn er á Seyðisfirði þaðan sem ferjan Norræna siglir vikulega með fólk og vörur og bíla til Þórshafnar í Færeyjum og þaðan til Hirtshals í Danmörku. Seyðisfjörður, ásamt fleiri fjörðum á Austurlandi, er einnig vinsæll áfangastaður skemmtiferðaskipa yfir sumarið.<sup>23</sup>

Stórar hafnir sem þjóna fyrst og fremst fiskiskipum eru á Vopnafirði, Neskaupstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Meðalstórar fiskihafnir eru auk þess á Djúfavogi og á Reyðarfirði og smærri bátahafnir á Stöðvarfirði, Borgarfirði, Mjóafirði og Breiðdalsvík.<sup>24</sup> Laxeldi eru einnig vaxandi atvinnugrein í fjörðunum og því fylgja aukin umsvif.<sup>25</sup> Mikilvægt er að höfnum sé við haldið

og tryggt að þær hafi svigrúm til stækkunar vegna aukinna umsvifa og nýrra atvinnugreina.<sup>26</sup>

<sup>7</sup> Aðalskipulag Fljótshéraðs.  
<sup>8</sup> Innviðagreining Fljótshéraðs.  
<sup>9</sup> Samgönguáætlun 2020-2034.  
<sup>10</sup> Ályktanir haustþings SSA 2019.  
<sup>11</sup> Jarðgöng á Austurlandi. Mat á samfélagsáhrifum og arðsemi. RHA 2005.  
<sup>12</sup> Aðalskipulag Fjarðabygðar 2020-2040.  
<sup>13</sup> Ályktanir haustþings SSA 2019.  
<sup>14</sup> Vegir og skipulag. Vegagerðin og Samband íslenskra sveitarfélaga 2014.  
<sup>15</sup> Heimasíða Vegagerðarinnar, sótt 27. janúar 2022.  
<sup>16</sup> Ársskýrsla Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins 2020.  
<sup>17</sup> Innviðagreining Fljótshéraðs.  
<sup>18</sup> Bygðastofnun 2020: Stöðugreining Austurlands 2019.  
<sup>19</sup> Sóknaráætlun 2015-2019 (uppfærð 2016).  
<sup>20</sup> Aðalskipulag Fljótshéraðs.  
<sup>21</sup> Aðalfundur SSA 2018.  
<sup>22</sup> Innviðagreining Fljótshéraðs.  
<sup>23</sup> Innviðagreining Fljótshéraðs.  
<sup>24</sup> Bygðastofnun 2020: Stöðugreining Austurlands 2019.  
<sup>25</sup> Innviðagreining Fljótshéraðs.  
<sup>26</sup> Ályktanir haustþings SSA 2019.



Flugvöllir, hafnir og vegir á Austurlandi árið 2022.

## B. Stefna um orku, fjarskipti og fráveitu

### B.1 Orkulindir nýtist til eflingar byggðar í landshlutanum.

\* Við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og vinds til orkuframleiðslu verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarljósi og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag.

\* Stuðlað verði að góðri orkunýtni.

### B.2 Flutnings- og dreifikerfi raforku séu örugg og gæði orkuafhendingar mikil.

\* Tryggt verði fullnægjandi tenging Austurlandskerfisins við meginflutningskerfi Íslands.

\* Tryggt verði aðgangur að þriggja fasa rafmagni í öllum byggðum landshlutans.

### B.3 Síma- og netsamband sé gott um allan landshlutann.

\* Lokið verði við lagningu ljósleiðara um allt svæðið.


\* Unnið verði að því að tryggja farsímasamband í byggð og á fjölförnum stöðum, sérstaklega á öllum stofnvegum og á öðrum mikilvægum samgönguleiðum.

\* Unnið verði að því að tryggja farsímasamband á öllum helstu áfangastöðum ferðafólks.

### B.4 Fráveitur standast kröfur laga og reglugerða.

\* Unnið verði að úrbótum í fráveitumálum í þéttbýli og dreifbýli, þ.m.t. hreinsun fráveituvatns í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

\* Leitast skal við að beita blágrænum ofanvatnslausnum sem víðast. Þannig má leggja af mörkum til loftslagsaðgerða með gróðri, líffræðilegum fjölbreytileika og sköpun gróðurriks og heilnæms umhverfis.



Flutningskerfi raforku árið 2022.





## Skýringar við stefnu um orku, fjarskipti og fráveitu

### Raforka

Stærsta virkjun landsins með framleiðslugetu upp á 690 MW er í Fljótsdal. Auk hennar eru minni virkjanir á Austurlandi eins og Lagarfossvirkjun í Lagarfjótí (27,2 MW), Bjólfs- og Gúlsvirkjun í Seyðisfirði (9,8 MW) og Grímsárvirkjun í Skriðdal (2,8 MW). Engin orkuverkefni á Austurlandi eru í nýtingarflokki gildandi rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða.<sup>27</sup> Tveir virkjunarkostir á Austurlandi eru í biðflokki tillögu að þriðja áfanga rammaáætlunar: Hraunavirkjun til Berufjarðar (126 MW) og Hraunavirkjun til Suðurdals í Fljótsdal (115 MW).<sup>28</sup> Í skýrslu verkefnisstjórnar um fjórða áfanga rammaáætlunar var 60 MW virkjun á Hraunasvæði í Hamarsfirði, Hamarsvirkjun, sett í biðflokk.<sup>29</sup> Unnið er að fimmta áfanga rammaáætlunar.

Á Fljótsdalshéraði og í Fljótsdal er hafin skoðun á aðstæðum fyrir vindorkuver.<sup>30</sup> Þá hafa smærri virkjanir einnig verið til umræðu.<sup>31</sup>

Dreifing raforku er grunnþjónusta sem mikilvægt er að allir landsmenn hafi öruggan aðgang að. Í Byggðaáætlun 2018-2024 er lögð áhersla á að flutnings-

og dreifikerfi raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu.<sup>32</sup> Svæðisbundna flutningskerfið á Austurlandi samanstendur af hringtengingu á milli Hryggstekks, Eyvindarár, Eskifjarðar, Stuðla og Hryggstekks. Hluti af þessum hring, þ.e. línur á milli Hryggstekks og Eyvindarár annars vegar og Hryggstekks og Stuðla hins vegar, er rekinn á 132 kV en aðrar línur á 66 kV. Frá afhendingarstöðum í hringnum eru svo aðrir staðir í landshlutanum geisla tengdir með 66 kV við svæðisflutningskerfið. Styrkja þarf flutningskerfið þar sem það getur illa annað núverandi álagi og reiknaðer með jafnri aukningu á öllum afhendingarstöðum á næsta áratug.<sup>33</sup>

Samtök sveitarfélaga á Austurlandi hafa kallað eftir aðgangi að þriggja fasa rafmagni, sem er í jarðlínnum og er öflugra en eins fasa loftlínur, og leggja til að samnýta framkvæmdir við lagningu ljósleiðara.<sup>34</sup>

Í landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að byggja ákvörðun um orkuvinnslukosti og lagningu raflína á mati á umhverfisáhrifum, þar á meðal sjónrænum áhrifum og leitast við að velja þann kost sem veldur minnstum neikvæðum áhrifum. Einnig er lögð

áhersla á að beina meiriháttar mannvirkjagerð að stöðum sem rýra ekki viðerni eða landslagsheildir hálendisins.<sup>35</sup> Við nýtingu vindorku þarf sérstaklega að huga að áhrifum á landslag og fuglalíf.<sup>36</sup>

### Fjarskiptakerfi

Góð fjarskipti eru lykilatriði fyrir atvinnulíf, lífsgæði og öryggi í nútímasamfélagi. Markmið íslenskra stjórnvalda á sviði fjarskipta er að veita 99,9% lögheimila og atvinnuhúsnaðis aðgang að ljósleiðara fyrir árslok 2025 með veitingu ríkisstyrkja til ljósleiðarauppbyggingar í dreifbýli utan markaðsvæða.<sup>37</sup>

Unnið hefur verið að ljósleiðaravæðingu Austurlands á síðustu árum og er hún langt komin.<sup>38</sup> Einn af þremur neðan-sjávarköplum sem tengja ljósleiðaranet við Ísland kemur í land á Seyðisfirði.<sup>39</sup>

### Fráveitumál

Sveitarfélög bera ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna og er skylt að koma þeim upp í þéttbýli en í dreifbýli skal sveitarfélag koma fyrir fráveitu þar sem fjöldi húsa er u.þ.b. 20 á hverja 10 ha og/ eða atvinnustarfsemi felur í sér losun sem nemur u.þ.b. 50 persónueiningum

eða meira á hverja 10 ha. Skyldur þessar gilda þó ekki fyrir fyrrnefnda byggð sem var til staðar þegar lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna tóku gildi. Ef sveitarfélag nýtir ekki heimildir sínar um að koma á fráveitu í dreifbýli skal landeigandi sjá til þess að skólp sé hreinsað m.a. í samræmi við deiliskipulag.<sup>40</sup>

Blágrænar, eða sjálfbærar, ofanvatnslausnir eru þær aðferðir við meðhöndlun ofanvatns kallaðar sem veita ofanvatni í þéttbýli á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn sem næst þeim stað þar sem það fellur og yfirborð er haft eins gropið og kostur er. Ofanvatni sem ekki nær að síga niður strax er veitt yfir í net grænna geira og svæða. Þar nær það með tímanum að seytle niður. Jarðvegurinn, ásamt gróðrinum, hreinsar ofanvatnið jafnframt af mengunarefnum, þar sem þau ná að brotna niður að miklu leyti. Hringrás vatns verður sýnilegri í nærumhverfinu og auðgar bæði umhverfi þéttbýlisins og lífríkið í heild. Þegar vel tekst til verða blágrænar ofanvatnslausnir því að bæjarprýði; gerir bæjarrýmin bæði fallegri, grænni og nytsamlegri.<sup>41</sup>



---

<sup>27</sup> Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

<sup>28</sup> Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

<sup>29</sup> Skýrsla verkefnisstjórnar 4. áfanga.

<sup>30</sup> Innviðagreining Fljótsdalshéraðs.

<sup>31</sup> Tillaga Landsnets að Kerfisáætlun 2021-2030

<sup>32</sup> Bygðaaáætlun 2018-2024.

<sup>33</sup> Tillaga Landsnets að Kerfisáætlun 2021-2030.

<sup>34</sup> Ályktanir haustþings SSA 2019.

<sup>35</sup> Landsskipulagsstefna 2015-2026.

<sup>36</sup> Menja Von Schmalensee (2021).

Vindmylluparadísir Ísland?

<sup>37</sup> Stjórnarráðið.

<sup>38</sup> Sóknaráætlun 2015-2019 (uppfærð 2016).

<sup>39</sup> Innviðagreining Fljótsdalshéraðs.

<sup>40</sup> Umhverfisstofnun, fráveita.


<sup>41</sup> Blágrænar ofanvatnslausnir. Innleiðing við íslenskar aðstæður.

### 3.2 Hnattræn og staðbundin vistkerfi

Kolefnishlutleysi verður náð á sem flestum sviðum umhverfis, atvinnulífs og samfélags, grænir innviðir styrktir og vistkerfi haldast heilbrigð og fjölbreytt.



Viðfangsefni kaflans eru:  
D. Viðbrögð við loftslagsbreytingum  
E. Vistgerðir og líffræðileg fjölbreytni



Grænir innviðir í þéttbýli og grennd þess.

## D. Stefna um loftslagsmál

### D.1 Kolefnishlutleysi náist sem fyrst á sem flestum sviðum umhverfis, atvinnulífs og samfélags.

- \* Við aðalskipulagsgerð verði leitast við að haga landnotkun, byggðamynstri og samgöngum þannig að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda og binding aukin.
- \* Við aðal- og deiliskipulagsgerð og hönnun almenningsrýma verði búið vel að virkum ferðamátum og almenningsamgöngum.
- \* Við aðal- og deiliskipulagsgerð og framkvæmdir verði staðið vörð um jarðveg og gróður sem nú þegar geymir umtalsverðar kolefnisbirgðir.
- \* Stuðlað verði að orkuskiptum með því að veita svigrúm í skipulagi og vinna að uppbyggingu innviða eins og hleðslustöðva fyrir rafbíla og eldsneytisstöðva fyrir metan, vetni og annað loftslagsvænt eldsneyti, sem og innviða fyrir rafvæðingu hafna.
- \* Hvatt verði til aukinnar bindingar kolefnis, s.s. með ræktun skóga og annars gróðurs, landgræðslu, verndun votlendis og endurheimt þess þar sem hentar m.t.t. annarrar nýtingar.
- \* Hvatt verði til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði, s.s. með bættri nýtingu og meðhöndlun áburðar og bættrar fóðrunar búfjár til að draga úr iðragerjun.
- \* Unnið verði að því að auka endurvinnslu og endurnýtingu og draga úr urðun úrgangs, einkum lífræns.
- \* Stofnanir og stjórnsýsla sveitarfélaganna taki tillit til loftslagsáhrifa og annarra umhverfissjónarmiða við öll innkaup og mannvirkjagerð.
- \* Fyrirtæki verði hvött til að loftslagsvæns reksturs og vistvænnar mannvirkjagerðar.
- \* Íbúar verði hvattir til loftslagsvæns lífsstíls, m.t.t. ferðamáta, neysluvenja og matarsóunar.

### D.2 Þanþol gagnvart loftslagsbreytingum aukist.

- \* Við aðal- og deiliskipulagsgerð, landnýtingu og undirbúning framkvæmda verði tekið tillit til áskorana sem fylgja loftslagsbreytingum til langs tíma litið og skapa þannig skilyrði fyrir loftslagsþolinni þróun. Hér er t.d. átt við viðbrögð við og varnir gegn hækkun sjávarborðs, ágangi sjávar, vatnsflóð, flóðbylgjum, hörfun jökla, bráðnun sífrera, skriðuföllum, úrkomuákefð, þurrkum, ofviðri og gróðureldum.

### D.3 Grænir innviðir styrkist í þéttbýli.

- \* Við aðal- og deiliskipulagsgerð verði hugað að því hvernig nota má græna innviði, s.s. skógarreiti, garða, götutré, blágrænar/sjálfbærar ofanvatnslausnir til að milda og takast á við áhrif loftslagsbreytinga á byggð.

## Skýringar við stefnu um loftslagsmál


### Aðlögun að loftslagsbreytingum

Segja má að Austfirðingar hafi orðið fyrir beinum áhrifum af afleiðingum loftslagsbreytinga þegar aurskriður féllu á Seyðisfirði í desember 2020 og tóku með sér hluta af eldri byggð bæjarins í kjölfar óvenju mikilla rigninga. Í byrjun árs 2022 urðu talsverðar skemmdir á sjóvarnargörðum á Vopnafirði í óveðri sem gekk yfir Austurland. Þessir atburðir sýna fram á mikilvægi þess að kortleggja náttúruvá af völdum loftslagsbreytinga og aðlaga byggð og mannvirki í samræmi við það, til þess að auka þanþol og viðnámsþrótt gagnvart breytingum. Fyrir utan skriðuföll, snjóflóð og ágang sjávar vegna ofsavæðra og hækkunar sjávarborðs er helsta hættan á Austurlandi líklega vegna mögulegra gróðurelda og vatnsflóða í byggð.


Mikilvægt er að binda jarðveg með gróðri eða einhvers konar varnargörðum til að koma í veg fyrir ofanflóð og hafa Samtök sveitarfélaga á Austurlandi kallað eftir að ríkið heimili fjármögnun fyrir uppbyggingu ofanflóðavarna á svæðinu.<sup>42</sup> Helstu aðgerðir til að sporna við ágangi sjávar er gerð varnargarða en einnig er mikilvægt að tryggja í skipulagi að landhæð nýrrar byggðar sé í hæfilegri hæð yfir sjávarmáli. Vegna mögulegra vatnsflóða í byggð er mikilvægt að auka gegndræpi með innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna þar sem regnvatni og snjóbráð er veitt í gegndræpt yfirborð í stað regnvatnslagna neðanjarðar. Grænu geirarnir hægja á vatnsstreymi og hreinsa mengun úr ofanvatni áður en það rennur í viðtaka, s.s. sjó eða votlendi.<sup>43</sup>

<sup>42</sup> Ályktanir haustþings SSA 2019.

<sup>43</sup> Alta 2016: Blágrænar ofanvatnslausnir. Innleiðing við íslenskar aðstæður.



Dæmi um aðgerðir sem beita má í skipulagi til að vinna að loftslagsmálum.



### Landnotkun og landbúnaður

Á Íslandi er stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar.<sup>44</sup> Með endurheimt votlendis eru vistkerfi endurheimt og losun koltvísýrings hættir. Því er mikilvægt að kortleggja framræst landsvæði sem ekki eru í notkun og getur hentað til endurheimtar votlendis.<sup>45</sup> Einnig er mikilvægt að nýta uppbyggingarland vel og dreifa ekki um of úr þéttbýlisstöðum.

Nokkur hluti af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi kemur frá landbúnaði, fyrst og fremst vegna metanlosunar jörturdýra. Mögulegt er að minnka losun frá landnotkun og landbúnaði, t.d. með lífrænni ræktun, aukinni akuryrkju á óframræstu landi, meiri skógrækt, endurheimt votlendis, úrvinnslu metans úr mykju og vistvænum áburði og fóðri. Skógrækt er hvergi meiri á landinu en á Austurlandi og mikilvægt að halda því starfi áfram til þess að binda kolefni.<sup>46</sup>

### Orkuskipti í samgöngum og breyttar ferðavenjur

Á Austurlandi eru margir byggðakjarnar dreifðir um stórt landsvæði og eru vegasamgöngur stór losunarpáttur á svæðinu. Því er mikilvægt að stuðla að orkuskiptum í samgöngum með bættu aðgengi að hraðhleðslustöðvum og öðrum vistvænum orkugjöfum. Ekki síður er mikilvægt að stuðla að breyttum ferðavenjum með bættum almenningsamgöngum og góðum göngu- og hjólatengingum innan og á milli byggðakjarna þar sem raunhæft er að hjóla eða fara á minni rafknúnum farartækjum á milli.<sup>47</sup> Síðast en ekki síst er hægt að draga mjög úr losun frá samgöngum með því að minnka ferðapörf, t.d. með því að gera fólki kleift að vinna í fjarvinnu og styðja við netverslun. Auk þess er mikilvægt að vinna að rafvæðingu hafna og iðnaðar eins og kostur er.

<sup>44</sup> Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030.

<sup>45</sup> Umhverfis og loftslagsstefna Fjarðabyggðar.

<sup>46</sup> Tölulegar upplýsingar; grænt bókhald Umhverfisstofnunar.

<sup>47</sup> Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu.

<sup>48</sup> Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 m.s.br.

<sup>49</sup> Umhverfis og loftslagsstefna Fjarðabyggðar.



## Úrgangur

Hringrásarhagkerfið gengur út á flokkun, endurnýtingu á því sem hægt er að nýta, endurvinnslu á því sem ekki er hægt að nota áfram og moltugerð fyrir lífrænar leifar, en urðun á lífrænum úrgangi verður óheimil frá 1. janúar 2023.<sup>48</sup> Hringrásarhagkerfið miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka land undir landfyllingar. Samvinna sveitarfélaga á Austurlandi í úrgangsmálum er mikilvæg í þessu tilliti, bæði hvað varðar að draga úr úrgangsmyndun og stuðla að flokkun og endurnýtingu á svæðinu. Aukin fræðsla til einstaklinga og fyrirtækja um mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu skiptir einnig máli.

Þá geta sveitarfélögin verið fyrirmyndir hvað varðar vistvæn innkaup og mannvirkjagerð, t.d. með innleiðingu græns bókhalds, með því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Önnur leið er að nýta þær byggingar sem fyrir eru eins og kostur er í stað þess að rífa og byggja nýjar. Notkun vistvænna byggingarefna skiptir einnig máli í þessu samhengi.<sup>49</sup>





## E. Stefna um vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni

### E.1 Vistkerfi á landi, í vatni og sjó haldist heilbrigð og fjölbreytni vistgerða viðhaldist eða aukist.

- \* Við nýtingu auðlinda, skipulag og mannvirkjagerð verði leitast við að viðhalda heilbrigði vistkerfa þannig að þau geti veitt viðnám þegar áföll dynja yfir.
- \* Unnið verði að því að endurheimta vistgerðir sem hafa raskast.
- \* Staðið verði vörð um vistgerðir sem teljast hafa mikið verndargildi, s.s. vegna fágætis, tegundaauðgis, grósku og/eda kolefnisforða.<sup>10</sup>
- \* Stuðlað verði að rannsóknum á vistgerðum Austurlands og miðlun upplýsinga um þær.

### E.2 Gróður styrkist og jarðvegs-eyðing stöðvist.

- \* Unnið verði að því að stöðva rof, þ.m.t. landbrot af völdum fallvatna.<sup>11</sup>
- \* Fylgst verði með nýtingu gróðurs og komið í veg fyrir ofnýtingu.

## Skýringar við stefnu um vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni

### Vistgerðir

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram flokkunarkerfi fyrir vistgerðir sem lýsa eiginleikum svæðiseiningar hvað varðar gróður, dýralíf, jarðveg og loftslag. Flokkaðar og skilgreindar eru vistgerðir á landi, í ferskvatni og í fjöru. Með flokkun lands í vistgerðir fæst yfirlit yfir sérstæðar og sjaldgæfar vistgerðir, einkenni þeirra og útbreiðslu.<sup>52</sup>

Flokkun lands í vistgerðir er mikilvæg við gerð skipulagsáætlana, mat á umhverfis-áhrifum áætlana og framkvæmda og við ákvarðanir um landnotkun og verndarsvæði.<sup>53</sup>

### Landgræðsla og jarðvegsvernd

Markmið laga um landgræðslu miða að því að auka kolefnisbindingu með endurheimt vistkerfa. Einnig skal byggja upp og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast. Auk þess er mikilvægt að stuðla að auknum viðnámsþrótti og þanþoli vistkerfa gagnvart náttúrulegum áföllum og náttúruvá.<sup>54</sup> Verkefnið Gróllind um stöðu gróður- og jarðvegs-auðlinda á Íslandi er mikilvægt verkfæri í þessu tilliti.<sup>55</sup>

### Vötn, ár og sjór

Vatn er auðlind sem mikilvægt er að umgangast og nýta á ábyrgan hátt. Viðhalda þarf líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegu ástandi vistkerfa ferskvatns og strandsjávar og tryggja gæði grunnvatns.<sup>56</sup>

<sup>50</sup> Sbr. viðurkennd verndarviðmið.

<sup>51</sup> Héraðsáætlun fyrir Austurland 2015.

<sup>52</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands.


<sup>53</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands.

<sup>54</sup> Lög um landgræðslu nr. 155/2018.

<sup>55</sup> Gróllind. Landgræðslan, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Bændasamtökin og Landssamtök sauðfjárbænda.

<sup>56</sup> Umhverfisstofnun 2022: Stjórn vatnamála.

<sup>57</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðakort.



Gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vistgerðir eru gagnleg við skipulagsgerð og umhverfismat áætlana og framkvæmda.<sup>57</sup>

### 3.3 Landslag og staðir

Þekking og skilningur á þýðingu landslagssérkenna og -gæða Austurlands eykst. Vatnajökulsþjóðgarður verður sterkur aflvaki í atvinnulífi og hálendið nýtt í auknum mæli í ferðaþjónustu. Mannvirki falla vel að landslagi og metnaður verður lagður í hönnun þeirra sem og alla aðra landslags- og umhverfishönnun, t.a.m. í almenningsrýmum þéttbýlisstaða.



Viðfangsefni kaflans eru:

É. Landslagsgerðir og verndarsvæði

F. Minjar og saga

G. Staðarmótun og landslagshönnun

## É. Stefna um landslagsgerðir og verndarsvæði

É.1 Þekking á landslagssérkennum, -heildum og -gæðum Austurlands aukist, sem og skilningur á þýðingu þeirra fyrir lífríki, lýðheilsu, búsetugæði og atvinnulíf.

\* Unnin verði landslagsgreining fyrir Austurland með hliðsjón af flokkunarverkefni og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um landslagsgerðir á landsvísu og með það í huga að hún geti nýst við:

\* Stefnumótun um landnotkun og mannvirkjagerð í aðalSKIPULAGI, þ.m.t. stefnu um óbyggð víðerni og nýtingu vindorku og annarra orkulinda.

\* Mótun deiliskipulags fyrir afmörkuð svæði.

\* Umhverfismat áætla og framkvæmda.

\* Landshlutaáætlun í skógrækt og skógræktaráætlunir.

\* Þróun útivistarmöguleika og afþreyingar á sviði ferðapjónustu.

\* Þróun svæðismarks (e. *regional brand*) landshlutans og staðarmarks fyrir einstaka staði innan hans (e. *place brand*) sem aftur nýtist í markaðssetningu vara á svæðinu og til að laða að íbúa, fyrirtæki og ferðamenn.


## É.2 Verðmætt landslag varðveitist og landslagsgæði aukist.

\* Framangreindri greiningu og skipulags- og áætlanagerð verði beitt til að verðmætt landslag varðveitist og landslagsgæði aukist. Hugað verði að verndun jarðminja jafnt sem menningarminja.


\* Við skipulag frístundabyggðar og annarrar nýrrar byggðar í dreifbýli verði leitast við að skerða ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði.

\* Við nýtingu jarðefna verði hugað að landslagssjónarmiðum og landmótað með víðeigandi hætti að efnisnámi loknu.

\* Stuðlað verði að auknum rannsóknum á jarðfræði Austurlands og miðlun upplýsinga um hana.



Landslagsgerðir Austurlands.<sup>88</sup>



Verndarsvæði á Austurlandi árið 2022.

**É.3 Vatnajökulsþjóðgarður og önnur friðlýst svæði eflist sem aflvakar í ferðaþjónustu og störfum þeim tengdum í landshlutanum fjölgi.**

- \* Unnið verði að því að efla samvinnu sveitarfélaga við þjóðgarð og Umhverfisstofnun um skipulag svæðanna, hagnýtingu tækifæra og uppbyggingu innviða í þágu náttúruverndar, útivistar og ferðaþjónustu.

- \* Stjórnvísla Vatnajökulsþjóðgarðs verði vistuð á Austurlandi.

**É.4 Hálandissvæði Austurlands nýtist í auknum mæli sem auðlind í ferðaþjónustu.**

- \* Unnið verði með náttúru- og menningararf á hálendi Austurlands sem auðlind í ferðaþjónustu og stutt verði við samstarf ferðaþjónustuaðila um hagnýtingu auðlindarinnar.

**É.5 Hálandissvæði Austurlands haldi sérkennum sínum.**

- \* Sérkennum og náttúrugæðum hálandisins verði viðhaldið og tekið tillit til landslagsheilda, menningarminja og upplifunarmöguleika við skipulag, landnýtingu og mannvirkjagerð.

**É.6 Svæði sem teljast verðmæt á svædis-, lands- eða heimsvísu vegna náttúrufars og/eða landslags varðveitist sem best.**

- \* Staðið verði vörð um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi og hafa verið samþykkt á skrá Ramsarsamningsins, sem og svæði sem hafa verið skráð sem mikilvæg fuglasvæði samkvæmt viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International).

- \* Friðlýsingu samkvæmt lögum um náttúruvernd og lögum um minjavernd, eða hverfisvernd aðalskipulags, verði beitt eftir aðstæðum, til að vernda svæði sem þykja verðmæt.


## Skýringar við stefnu um landslagsgerðir og verndarsvæði

### Landslag sem auðlind

Hugtakið landslag nær til margvíslegra þátta náttúru, menningar og skynjunar sem til samans skapa upplifun af tilteknu svæði eða stað. Upplifunin er hluti af sjálfsmynd og vellíðan íbúa, ásamt því að hafa áhrif á búsetugæði, aðdráttaraff og ímynd staðar eða svæðis. Landslag er þannig auðlind sem nýtist við að laða að ferðafólk, fyrirtæki og nýja íbúa.

Breytingar á landslagi verða bæði vegna náttúrulegra ferla og mannglegra athafna. Skipulagsáætlanir og umhverfismat áætlana og framkvæmda gegna mikilvægu hlutverki við að stuðla að því að landslagsbreytingar verði sem jákvæðastar fyrir náttúru og samfélag, t.d. með því að setja landnotkunar-ákvæði, skilgreina verndarsvæði og tryggja vandaðan undirbúning mannvirkjagerðar.

Menningar- og búsetulandslag telst til menningarminja samkvæmt lögum um þær og í Landslagssamningi Evrópu<sup>59</sup> sem tók gildi á Íslandi árið 2020 er lögð áhersla á að landslagssjónarmið séu tvinnuð inn í stefnu á öllum sviðum samfélags og að unnið sé að því að auka vitund um gildi og gæði landslags, m.a. með landslagsgreiningu. Þeim áherslum er fylgt eftir í tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við landskipulagsstefnu sem kynnt var árið 2020.<sup>60</sup> Samsvarandi tillaga að þingsályktun var lögð fram á Alþingi í apríl 2021 en hefur ekki verið afgreidd.<sup>61</sup>



<sup>58</sup> Unnið út frá skýrslunni Landslag á Íslandi. Útg. Skipulagsstofnun 2020.

<sup>59</sup> Landslagssamningur Evrópu.


<sup>60</sup> Landsskipulagsstefna.

<sup>61</sup> Tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026.

<sup>62</sup> Mynd þýdd og staðfærð úr: Christine Tudor, 2014.

An approach to Landscape Character Assessment. Sbr. einnig mynd í tillögu Skipulagsstofnunar 2021 að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026.

Hugtakið landslag nær til margvíslegra þátta, náttúrufarslegra og menningarlegra, sem fólk skynjar með óikum hætti.<sup>62</sup>



Landslagsgerðir á Austurlandi og þau önnur svæði á Íslandi þar sem þær er að finna.

### Landslagsgreining

Skipulagsstofnun hefur látið vinna flokkunarkerfi fyrir landslagsgerðir á Íslandi þar sem hver gerð er skilgreind út frá landformum, landhæð, yfirborði lands, landnýtingu og sjónrænum eiginleikum. Tilgangur kortlagningarinnar er að leggja til grunnupplýsingar sem lítið verði til við skipulagsgerð og nánari framtíðarkortlagningu landslagsheilda.<sup>63</sup>

Framangreind flokkun dregur fram að á Austurlandi er mikil fjölbreytni í landslagi og að þar er að finna landslagsgerðir sem eru fágætar á landsvísu og veita landshlutanum því ákveðna sérstöðu.

Frekari staðbundin greining getur gefið enn betri grunn fyrir stefnumótun um verndun og mótun landslags, deiliskipulags- og mannvirkjagerð. Þá getur hún nýst við frekari þróun ferðaþjónustu sem byggir á sérstöðu svæðisins.

Auk landslagsgreiningar getur flokkun vistgerða og fornleifaskráning bætt grundvöll fyrir mat á verndargildi og ákvarðanir um verndun eða friðlýsingu svæða.

### Friðlýst svæði og önnur verndarsvæði


Náttúruverndarsvæði skiptast í:

- Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda.
- Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúru-minjaskrár.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.<sup>64</sup>

Ákvörðun um verndun svæða byggir á mati á verndargildi náttúruvafars, landslags, sögu eða minja. Í því mati er byggt á viðurkenndum viðmiðum og horft til sérstöðu á svæðisvísu, landsvísu eða heimsvísu.<sup>65</sup>

Austurland státar af því að eiga hlut í Vatnajökulsþjóðgarði sem er á Heimsminjaskrá UNESCO.<sup>66</sup> Þjóðgarðurinn dregur árlega að sér fjölda gesta og í honum liggja enn mikil sóknarfæri í ferðaþjónustu á Austurlandi. Á vegum þjóðgarðsins er rekin gestastofa í Fljótsdal, Snæfellsstofa, sem er mikilvægt akkeri náttúruverndar og ferðaþjónustu í landshlutanum.





Friðlýst svæði á Austurlandi árið 2022.

Önnur friðlýst svæði í landshlutanum eru ýmist friðlönd, fólkvangar, landslagsverndarsvæði, náttúruvætti eða vernduð búsvæði, auk verndarsvæðis vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum sem er friðlýst gagnvart orkuvinnslu. Svæðin eru þessi:

#### Búsvæði

- \* Hálsar í Djúpavogshreppi - búsvæði tjarnaklukku

#### Friðlönd

- \* Kringilsárrani
- \* Hólmanes
- \* Skrúður

#### Fólkvangar

- \* Álfborg
- \* Fólkvangur Neskaupstaðar
- \* Hólmanes
- \* Teigarhorn

#### Landslagsverndarsvæði

- \* Gerpissvæðið
- \* Svæði norðan Dyrfjalla

#### Náttúruvætti


- \* Stóruð
- \* Helgustaðanáma
- \* Teigarhorn
- \* Blábjörg á Berufjarðarströnd

<sup>63</sup> Landslag á Íslandi.

<sup>64</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

<sup>65</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúruminjasgrá. Minjastofnun Íslands, lög um menningarminjar.

<sup>66</sup> Vatnajökulsþjóðgarður.



## F. Stefna um staðarmótun

### F.1 Falleg landslags- og mannvirkjahönnun áfangastaði ferðamanna.

- \* Unnar verði leiðbeiningar fyrir hönnun áfangastaða í landshlutanum til að stuðla að auknum gæðum og öryggi.

### F.2 Miðbæir og önnur almenningsrými þéttbýlisstaðanna fegrist.

- \* Gatnahönnun og landslagsmótun verði beitt til að skapa aðlaðandi umhverfi og umgjörð um mannlíf.
- \* Gróður verði aukinn til að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útiveru, um leið og lagt er af mörkum til loftslagsmála og viðhalds líffræðilegs fjölbreytileika.

### F.3 Mannvirki falli vel að landslagi.

- \* Staðarval og hönnun mannvirkja í þéttbýli og dreifbýli taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.

## Skýringar við stefnu um staðarmótun

### Mótun staða og aðlögun að landslagi

Við þróun þéttbýlis og dreifbýlis, þ.m.t. áfangastaða ferðamanna, er mikilvægt að skilgreina sérkenni, ímynd og sérstöðu staða og stuðla þannig að eftirminnilegri upplifun íbúa og gesta.<sup>67</sup>

Mannvirki í dreifbýli ættu að taka mið af byggingarhefð, landslagi og staðháttum, s.s. kennileitum, sjónlínunum og útsýni. Forðast ætti að reisa mannvirki að óþörfu á svæðum sem eru einstök og verðmæt vegna landslagssérkenna eða vistgerða. Frístundabyggð ætti að vera vel afmörkuð og samfelld til þess að koma í veg fyrir skerðingu á viðkvæmum svæðum og landslagsgæðum.<sup>68</sup> Með skilgreindum ferðaleiðum og vandaðri mannvirkjagerð við ferðamannastaði er hægt að beina umferð eftir tilteknum leiðum og þannig vernda viðkvæma náttúru fyrir raski.

Leitast ætti við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar í þéttbýli þannig að landslagseinkenni séu varðveitt og að hönnun byggðar og bæjarrýma efla þau gæði sem felast í landslagi og náttúrulegu umhverfi. Tryggja ætti gott aðgengi fyrir alla ferðamóta að ósnortinni náttúru sem víða má finna á Austurlandi og hvetur til útiveru, hreyfingar og náttúruupplifunar.<sup>69</sup>

<sup>67</sup> Skipulag og ferðamál - hugmyndahefti. Skipulagsstofnun.

<sup>68</sup> Landsskipulagsstefna 2105-2026.

<sup>69</sup> Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu.



Vandaða byggingarlist má sjá víða á Austurlandi og er hönnun Snæfellsstofu gott dæmi en hún er fyrsta vistvottaða bygging landsins.

## G. Stefna um minjar og sögu

### G.1 Verðmætar menningarminjar varðveitist.

- \* Staðið verði vörð um verðmætan byggingararf og aðrar menningarminjar.
- \* Unnið verði að skráningu fornleifa og mati á verndargildi, með forgang á svæði sem kunna að raskast.

### G.2 Saga og menningararfur nýtist í auknum mæli.

- \* Gögn um fornleifar, sögustaði og aðrar menningarminjar verði gerð sem aðgengilegust. Tekið verði tillit til þeirra við landnotkun, mannvirkjagerð og nýtingu þeirra við vörupróun í ferðaþjónustu og öðrum greinum.
- \* Lögð verði áhersla á að draga fram og kynna sögur og sögustaði sem mynda söguþræði landshlutans og stuðla að nýtingu þeirra við vörupróun og markaðssetningu í ferðaþjónustu og öðrum greinum. Söguþræðir geta t.d. snúist um sögulegt efni eins og landnámsmenn, heiðarbýli, klaustur, norsku byggingarnar og áhrif erlendra sjómanna, en einnig um nýrri sögur og staði sem lýsa atvinnusögu og nútímamenningu landshlutans.

### *Skýringar við stefnu um minjar og sögu*

Saga Austurlands er, líkt og landslag, hluti af sjálfsmynd íbúa um leið og hún er auðlind sem hægt er að nýta við landslagsmótun, vörupróun og markaðssetningu svæðis og einstakra atvinnugreina eða vara.


Góð og aðgengileg gögn um sögu og minjar eru mikilvæg til að þessi auðlind nýtist sem skyldi. Því er örnefna- og fornleifaskráning mikilvæg sem og fornleifauppgröftur og aðrar rannsóknir á minjum og sögu.

Með því að huga að sögulegu samhengi við þróun byggðar og nýta menningararfinn til að draga fram sérkenni landslags, má styrkja rætur samfélags og staðaranda svæðisins. Sagan verður lifandi og sýnileg.

Í þeim tilgangi að gera söguna sýnilega er einnig mikilvægt að söfn séu í stakk búin að geta varðveitt og sýnt fornminjar sem finnast í landshlutanum.

Til verndar menningararfi þarf að fyrirbyggja að álag valdi raski eða skemmdum. Einnig þarf að huga að því að lagfæra spjöll sem orðið hafa. Þá þarf leyfi Minjastofnunar Íslands ef hrófla á við fornleifum en stofnunin getur jafnframt leiðbeint um hvers konar hagnýtingu menningarminja.

Á Djúpvoggi hefur byggðin við voginn<sup>70</sup> verið skilgreind sem verndarsvæði í byggð á grundvelli samnefndra laga.<sup>71</sup> Þar er unnið að frekari verndun byggðarheilda og horfa mætti til fleiri staða á Austurlandi í því tilliti.



<sup>70</sup> Djúpvogur - Verndarsvæðið við veginn.

<sup>71</sup> Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

<sup>72</sup> Minjastofnun Íslands og gögn Ferðamálastofu. Sjá vefsíðu svæðisskipulagsverkefnis. Kortid gefur ekki tæmandi mynd af minjum á svæðinu.

Friðlýstar fornminjar og friðlýst hús árið 2022 og sögustaðir Íslendingasagna.<sup>72</sup>

# 4.0

## AUSTURLAND - SVÆÐI SÓKNARFÆRA

### 4.1 Framtíðarþróun atvinnulífs

H. Lykiláherslur við atvinnuþróun

I. Hornsteinar atvinnulífs

### 4.2 Matvæli

Í. Framleiðsla matvæla og verðmætasköpun

J. Dreifing, innkaup og neysla matvæla

### 4.3 Skógur

K. Uppbygging skógarauðlindar

L. Skógarnytjar og verðmætasköpun


M. Aðgengi og útvist í skógum

### 4.4 Ferðaþjónusta

N. Samfélag og gestir

O. Auðlindir og innviðir ferðaþjónustunnar

Ó. Vörur og þjónustugæði



## Meginmarkmið 2: Austurland - svæði sóknarfæra

**Austurland eflist sem svæði sóknarfæra þar sem blómlegt atvinnulíf nýtir auðlindir Austurlands á sjálfbæran hátt í sátt við samfélagið og nýsköpun, þekking og rannsóknir verða æ styrkari grundvöllur atvinnusköpunar og framþróunar.**

Þessum árangri ætla sveitarfélögin á Austurlandi að ná með því að vinna að sameiginlegum markmiðum sem falla undir:

- 4.1 Framtíðarþróun atvinnulífs
- 4.2 Matvæli
- 4.3 Skóga
- 4.4 Ferðaþjónusta

Viðfangsefni markmiðanna snúa að því að Austurland sé:

- \* Svæði þar sem eru skýrar lykiláherslur um atvinnuþróun og hefðbundnir og nýrri hornsteinar atvinnulífsins styrkjast.
- \* Svæði þar sem er stuðlað að verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og góður matur er í boði fyrir íbúa og gesti.
- \* Svæði þar sem skógur vex vel í þágu umhverfis, atvinnusköpunar og útivistar.
- \* Svæði þar sem rekin er sjálfbær, ábyrg og öflug ferðaþjónusta allt árið um kring.





## 4.1 Framtíðarþróun atvinnulífs

Burðarstólpar efnahagslífs á Austurlandi verða styrktir og uppbygging atvinnugreina hefur sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi. Staðbundin þekking verður eflað í þágu nýsköpunar.



Viðfangsefni kaflans eru:  
H. Lykiláherslur við atvinnuþróun  
I. Hornsteinar atvinnulífs

## H. Stefna um lykiláherslur í atvinnuþróun

### H.1 Vöxtur í atvinnulífi Austurlands byggist á sjálfbærri nýtingu fjölbreyttra auðlinda Austurlands og útfrááherslum hringrásarhagkerfis.

- \* Stuðlað verði að þróun umhverfisvænna fyrirtækja og starfa sem byggja á auðlindum í umhverfi, samfélagi og menningu landslutans.
- \* Stuðlað verði að þróun starfsemi sem miðar að því að draga úr auðlindanotkun, auka líftíma auðlinda og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur.
- \* Stuðlað verði að uppbyggingu græns orkugarðs á Austurlandi.
- \* Hvatt verði til umhverfis- og gæðavottunar fyrirtækja sem nýta auðlindir lands, sjávar og strandsvæða.

### H.2 Tækniþekking, verkunnátta og hugvit sem er til staðar á Austurlandi nýtist og styrkist og nýsköpun aukist.

- \* Unnið verði yfirlit yfir mannaúð Austurlands svo greina megi tækifæri til að virkja og byggja hann upp frekar. Höfð verði hliðsjón af tækniþrengingum sem kenndar eru við fjórðu iðnbyltinguna og snúa t.d. að gervigreind, líftækni og sjálfvirknivæðingu.
- \* Stuðlað verði að auknu samstarfi á milli atvinnugreina svo þekking í þeim nýtist á sem flestum sviðum og skapi ný tækifæri.
- \* Stuðlað verði að góðu aðgengi að framhalds- og háskólanámi, sem og lengri og styttri námsleiðum, einkum á sviði hornsteina atvinnulífsins og grunnþjónustu samfélagsins.
- \* Stuðlað verði að eflingu rannsókna á umhverfi, atvinnulífi, samfélagi og menningu Austurlands og miðlun niðurstaðna þeirra.

\* Stuðlað verði að fjölgun starfa í skapandi greinum með eflingu þeirra á öllum skólastigum, s.s. tónlist, myndlist, sviðslist, kvikmyndagerð, dagskrárgerð, tölvuleikjagerð og hönnun hvers konar.

\* Sjá einnig 5. kafla um sterkt samfélag.

### H.3 Áhrif lista- og menningarlífs á atvinnulíf og búsetugæði skýrist og magnist.

- \* Stuðlað verði að eflingu atvinnustarfsemi á sviði lista.
- \* Unnið verði að gagnkvæmum skilningi og viðurkenningu á sam-eiginlegum hagsmunum menningarlífs og atvinnulífs.
- \* Stuðlað verði að rannsóknum á mikilvægi menningar í atvinnulífi Austurlands.
- \* Sjá einnig kafla 6.2 um listir og menningu.

## Skýringar við stefnu um lykiláherslur við atvinnuþróun

### Auðlindir Austurlands og hringrásarhagkerfið

Auðlindir Austurlands er að finna í umhverfi, samfélagi, menningu og íbúum. Náttúruauðlindir eins og vatn, jarðvegur, jarðefni, orkulindir og lífríki lands og sjávar eru grundvöllur búsetu og í þeim liggja sóknarfæri. Ekki síst ef mannauður er eflur til að nýta þekkingu sína, taka frumkvæði og grípa tækifæri. Þá býr auður í landslagi, sögu og menningarlífi sem nýta má við vöruþróun og markaðssetningu.

Sé litið til framtíðar er mikilvægt að stuðla að hringrásarhagkerfi við nýtingu auðlinda. Í því felst m.a. að standa vörð um takmarkaðar auðlindir og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í kerfinu eru vörur endurnýttar og úrgangur tekinn til flokkunar og endurvinnslu til að halda hráefnum í hringrás. Með eflingu hringrásarhagkerfis má búast við að ný störf skapist í viðgerðarþjónustu og annarri þjónustu, meðhöndlun og endurvinnslu úrgangs, nýsköpun, hugviti og hönnun.<sup>1</sup>

Möguleikar til vistvænnar atvinnustarfsemi og nýsköpunar með grænni orku eru miklir á Austurlandi.<sup>2</sup> Í undirbúningi er uppbygging á grænum orkugarði

í Reyðarfirði þar sem stefnt er á að framleiða rafeldsneyti til að greiða fyrir orkuskiptum í sjávarútvegi, sjó- og landflutningum. Auk þess stendur til að kanna möguleika á framleiðslu á kolefnislausum áburði, endurnýtingu varma til húshitunar á Reyðarfirði og notkun súrefnis við landeldi á fiski.<sup>3</sup>

### Tækni, hugvit og fjórða iðnbyltingin

Þær öru tæknibreytingar sem hafa verið í heiminum á liðnum áratugum og eru fyrirsjáanlegar í náinni framtíð, hafa verið kallaðar fjórða iðnbyltingin. Breytingarnar munu hafa áhrif á líf og störf íbúa Austurlands, eins og annars staðar. Hæfni mannauðs og samfélagsins alls, til að takast á við breytingarnar og nýta möguleika sem ný tækni veitir, eru forsenda hagfelldrar þróunar.<sup>4</sup>

Á Austurlandi hefur verið lögð áhersla á að efla tækniþekkingu,<sup>5</sup> skapandi greinar,<sup>6</sup> frumkvöðlastarf<sup>7</sup> og nýsköpun<sup>8</sup> og á næstu árum mun þurfa að beina sjónum enn frekar að þessum sviðum til að tryggja samkeppnishæfni landshlutans.<sup>9</sup> Bæta þarf möguleika til framhalds- og háskólamenntunar, efla rannsóknir og þróun og stuðla að

samvinnu atvinnugreina til að skapa ný sóknarfæri.<sup>10</sup> Sjá einnig kafla 5.2 um þekkingu og nýsköpun.

### Menningarlíf og atvinnulíf

Menningarlíf hefur viðtæk afleidd áhrif í efnahagslegu tilliti, m.a. í ferðaþjónustu, tæknigreinum, menntun, verslun og þjónustu. Blómlegt menningarlíf er því mikilvægur hluti af atvinnulífi og búsetugæðum svæðis og reiknað er með að það vegi enn þyngra í framtíðinni. Treysta þarf grundvöll fjölbreyttrar menningarstarfsemi og og vinna verður að auknum og gagnkvæmum skilningi á sameiginlegum hagsmunum menningarlífs og atvinnulífs.<sup>11</sup>

<sup>1</sup> Stjórnarráð Íslands: Hringrásarhagkerfið.

<sup>2</sup> Grænir iðngarðar - tækifæri fyrir Ísland.

<sup>3</sup> Landsvirkjun 2021: Þróunarferli græns orkugarðs á Reyðarfirði.

<sup>4</sup> Stjórnarráð Íslands 2019: Ísland og fjórða iðnbyltingin.

<sup>5</sup> Austurbrú 2014: Samstarf um þekkingarsköpun í áliðnaði á Austurlandi.

<sup>6</sup> Austurbrú 2014: Mikil hvatning fyrir skapandi greinar á Austurlandi.

<sup>7</sup> Hacking Austurland.

<sup>8</sup> Austurbrú: Atvinnuþróun og nýsköpun.

<sup>9</sup> Nýsköpunarlandið Ísland.

<sup>10</sup> Austurbrú 2014: Mikil hvatning fyrir skapandi greinar á Austurlandi.

<sup>11</sup> Menningarstefna stjórnvalda 2013.

## I. Stefna um hornsteina atvinnulífs

### I.1 Hefðbundnir hornsteinar atvinnulífs Austurlands; sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður viðhaldist og styrkist.

- \* Sjávarútvegur viðhaldist sem lykilatvinnugrein landshlutans með því að:
  - \* Búið verði vel að útgerð og vinnslu með góðum atvinnusvæðum, hafnarmannvirkjum og öðrum innviðum.
  - \* Stuðlað verði að aukinni fullvinnslu, nýsköpun og sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins og leitað verði nýrra tegunda, í veiðum og ræktun, bæði til manneldis og fyrir iðnaðarframleiðslu.
  - \* Hvatt verði og stutt við rannsóknir á lífríki sjávar við Austfirði og mögulegum breytingum á því vegna loftslagsbreytinga.
  - \* Stuðlað verði að möguleikum smábáta til að sækja afla á mið nálægt landi.
- \* Unnið verði að því að sveitarfélög hafi skipulagsvald yfir víkum og fjörðum og forræði yfir gjaldtöku hins opinbera af sjávarútvegi og fiskeldi.
- \* Landbúnaður viðhaldist sem lykilatvinnugrein landshlutans með því að:
  - \* Staðið verði vörð um þau náttúrugæði sem landbúnaðarframleiðslan byggir á, s.s. jarðveg og gott ræktarland, beitarlönd og vatn.
  - \* Landbúnaðarland verði flokkað með tilliti til ræktunarskilyrða til grundvallar landnotkunarskipulagi og ákvarðana um tegund ræktunar, með það að markmiði vernda land sem er gott til ræktunar matvæla og fódurs.<sup>12</sup>
  - \* Stuðlað verði að aukinni fjölbreytni í landbúnaði, s.s. með frekari ræktun matjurta, dýra og fódurs, skógrækt og mögulega ræktunar orkujurta og lífeldsneytis.
- \* Iðnaður viðhaldist sem lykilatvinnugrein landshlutans með því að:
  - \* Stuðla að því að álframleiðsla verði áfram ein undirstaða efnahagslífs landshlutans.
  - \* Búið verði vel að iðnaðarstarfsemi með góðum atvinnusvæðum, höfnum og öðrum innviðum.

### I.2 Nýrri hornsteinar styrkist á næstu áratugum til að efla atvinnulíf Austurlands, treysta búsetugæði og aðdráttarafi landshlutans og til að takast á við hnattrænar umhverfisbreytingar.

- \* Matvælaframleiðsla eflist, sjá kafla 4.2.
- \* Skógrækt vaxi, sjá kafla 4.3.
- \* Ferðaþjónusta styrkist, sjá kafla 4.4.

## Skýringar við stefnu um hornsteina atvinnulífs

### Sjávarútvegur

Sjávarútvegsfyrirtæki á Austfjörðum eru burðarásar atvinnulífs landshlutans og meðal þeirra stærstu á Íslandi. Bæði sveitarfélög og ríki hafa umtalsverðar tekjur af þeim sem skilar sér aftur í samfélagið. Sjálfbær og ábyrg nýting auðugra fiskimiða við Austfirði er því lykilmál fyrir svæðið. Hnattrænar umhverfisbreytingar af völdum hlýnunar loftslags kunna að hafa áhrif á göngu fiskistofna í framtíðinni og eru rannsóknir á auðlindum hafsins því mikilvægar.

Íslenskur sjávarútvegur hefur sterka alþjóðlega samkeppnisstöðu, m.a. vegna mikillar tæknivæðingar á liðnum árum. Það hefur hins vegar þýtt fækkun starfa í fiskvinnslu og hliðargreinum hennar og líklegt er að sú þróun haldi áfram. Mikill áhugi er því á að efla fullvinnslu sjávarfangs á Austurlandi og þannig ýta undir verðmætasköpun og fjölbreytni starfa. Einnig er áhugi fyrir því að aðrar matvælagreinar geti samnýtt þá tækni og kunnáttu sem skapast hefur í sjávarútvegi.

Sveitarfélögin styðja við sjávarútveg landshlutans t.d. með nægu rými til athafna og góðum hafnarmannvirkjum og öðrum samgöngumannvirkjum.

### Landbúnaður

Landbúnaður er mikilvæg grunnstoð í atvinnulífi Austurlands og vegur sauðfjárbúskapur þar langmest en kúabúskapur hefur einnig talsvert vægi og nokkur bú eru með nautgripi og varphænsni.<sup>13</sup> Þá hefur skógrækt verið mikilvæg tegund búskapar á Austurlandi og á eftir að þróast í fullburða atvinnugrein á næstu áratugum.<sup>14</sup> Enn fremur er á Austurlandi mikil reynsla og þekking í lífrænni ræktun trjáa og matjurta.

Framleiðslu landbúnaðarafurða er stjórnað í gegnum búvörusamninga á milli íslenska ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Samningarnir eiga að tryggja nægt framboð á landbúnaðarvörum, aukna verðmætasköpun og hagræðingu í framleiðslu. Í seinni tíð hefur verið aukin áhersla á sjálfbærni og að ákveðnar búgreinar nái að kolefnisjafna sig fyrir árið 2040.<sup>15</sup> Önnur áskorun landbúnaðar er sjálfbær nýting beitara- og ræktunarlands og hefur íslenska ríkið útbúið leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands, sem sveitarfélögum er

ætlað að fylgja eftir. Þar er lögð áhersla á flokkun lands sem nýtist til ræktunar á matvælum og fódri.<sup>16</sup>

Miklar tæknibreytingar hafa átt sér stað í landbúnaði með tilkomu sjálfvirknivæðingar og nákvæmnisbúskapar og þessar breytingar munu fækka og breyta störfum í landbúnaði. Því er mikilvægt að leita leiða til að styðja við aukna fjölbreytni í búskap og almennu atvinnulífi sveita. Á vegum stjórnvalda stendur t.d. yfir greining á möguleikum til að auka ræktun orkujurta og framleiðslu lífelfsneytis hér á landi.<sup>17</sup>

Landbúnaðarkerfið þarf í auknum mæli að vera í stakk búíð til að aðlagast breyttu neyslumynstri og miðla upplýsingum um uppruna og innihald til neytenda.<sup>18</sup>

<sup>13</sup> Sbr. Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2021.

<sup>14</sup> Austurland - Stöðugreining 2019.

<sup>15</sup> Drög að Landsáætlun í skógrækt 2021-2025.

<sup>16</sup> Stjórnarráðið. Búvörusamningar.

<sup>17</sup> Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar.

<sup>18</sup> Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu.

<sup>19</sup> Matvælastefna Íslands.

## Iðnaður

Á Austurlandi varð mikil bylting í atvinnulífi upp úr síðustu aldamótum með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Ný sérhæfð störf sköpuðust auk allra þeirra afleiddu þjónustustarfa sem verða til við slíka uppbyggingu. Fylgst hefur verið með þeirri þróun í gegnum sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar, sem Austurbrú hefur umsjón með.<sup>19</sup>

Fullyrða má að austfirskur iðnaður skipti miklu máli fyrir þjóðarhag því um fjórðungur af útflutningstekjum Íslands fer um hafnirnar í Fjarðabyggð.<sup>20</sup> Þetta vægi gæti aukist enn frekar með áframvinnslu áls á svæðinu en möguleikar á slíkri vinnslu hafa verið til skoðunar í gegnum árin.<sup>21</sup>

Í tengslum við aðra hornsteina atvinnulífsins, sjávarútveg og landbúnað, hefur byggst upp mikil iðnaðar- og tækniþekking á Austurlandi. Í þekkingu búa sóknarfæri, t.d. með yfirfærslu kunnáttunnar yfir í aðrar greinar.

Laða þarf að hæft og áhugasamt fólk til vinnu í iðnfyrirtækjum landshlutans en það hefur reynst erfitt á liðnum árum. Sú áskorun kallar á að styrkja tengsl á milli skólakerfis og iðnaðarins og stuðla að góðum atvinnu- og búsetuáðstæðum, þannig að lífsgæði aukist.<sup>22</sup>



<sup>19</sup> Sjálfbærni-verkefni á Austurlandi. Álver Alcoa Fjarðaáls.


<sup>20</sup> Austurbrú 2016: Iðnaður og þróun byggðar.

<sup>21</sup> Austurbrú 2014: Samráðsfundur um áframvinnslu áls á Austurlandi.

<sup>22</sup> Austurbrú 2016: Iðnaður og þróun byggðar.

## 4.2 Matvæli

Á Austurlandi verður stutt við framleiðslu matvæla á svæðinu, þekking eflð, fullvinnsla hráefna aukin og aðgengi að austfirskum mat bætt. Leiðarljósið er sjálfbærni, verðmætasköpun og lágmark sóunar innan matvæla-kerfisins. Þannig eflum við gæði og ímynd austfirska matvæla og tryggjum áframhaldandi samkeppnishæfni Austurlands sem svæði matvælaframleiðslu.



Viðfangsefni kafans eru:

- Í. Framleiðsla matvæla og verðmætasköpun
- J. Dreifing, innkaup og neysla matvæla

## Í. Stefna um framleiðslu matvæla og verðmætasköpun

### Í.1 Ræktun og öflun hráefna til matvælaframleiðslu einkennist af virðingu fyrir auðlindum, sjálfbærri og ábyrgri nýtingu þeirra.

- \* Nýting hráefna úr sjó, vatni og af landi byggist á þekkingu um viðkomandi vistkerfi og virku eftirliti með ástandi þess.

### Í.2 Fiskeldi og öflun hefðbundinna og nýrra hráefna úr sjó styrki matvælaframleiðslu Austurlands og hliðargreinar hennar.

- \* Stuðlað verði að rannsóknum á möguleikum til nýtingar nýrra tegunda til manneldis.
- \* Fiskeldi verði bundið við firði sem eru í byggð og atvinnustarfsemi fer þegar fram í. Eyðifirðir verði lokaðir fyrir fiskeldi og sérstaða ósnortinnar náttúru varðveitt.
- \* Hvatt verði til lífræns fiskeldis með tilheyrandi vottun og að notuð sé besta tækni til að sporna við neikvæðum áhrifum fiskeldis á lífríki.

- \* Áhersla verði lögð á að rannsóknir, vöktun. Ábyrg stjórnun og skilvirkt eftirlit einkenni fiskeldi á Austfjörðum til að tryggja gæði afurða og koma í veg fyrir neikvæð áhrif á lífríki.


- \* Kapp verði lagt á að störfum við við framleiðslu, vinnslu, eftirlit og rannsóknir verði sinnt í landshlutanum þannig að virðisauki framleiðslunnar verði til á Austurlandi.

- \* Unnið verði að því að sveitarfélög fái hlutdeild í gjaldtöku hins opinbera af fiskeldi.

- \* Strandsvæðisskipulagi og aðalskipulagi verði beitt til að samræma landnotkun og hagsmuni á mörkum lands og strandsvæða.

### Í.3 Stuðlað verði að ræktun búfjár og matjurta af miklum gæðum til aukinnar fullvinnslu.

- \* Hvatt verði til lífrænnar landbúnaðarframleiðslu og tilheyrandi vottunar.



Frumframleiðendur matvæla á Austurlandi.<sup>23</sup>





Hringrásarkerfi matvæla.

\* Kannaðir verði möguleikar á að finna jarðvarma sem hægt væri að nýta til matvælaframleiðslu.

\* Hvatt verði til að beita tækni við að auka framleiðni í landbúnaði á sjálfbæran hátt.

#### Í.4 Úrvinnsla og fullvinnsla hráefna aukist sem og verðmætasköpun.

\* Hvatt verði til samstarfs um vöruþróun og nýsköpun í matvælaframleiðslu á milli

\* menntastofnana og matvælaframleiðenda

\* framleiðenda mismunandi matvæla

\* matvælaframleiðenda og fyrirtækja í öðrum greinum

sem miðar að meiri nýsköpun, samlegðaráhrifum og samkeppnishæfni.

\* Stuðlað verði að aukinni sérstöðu austfirskra matvæla með áherslu á hollustu, ferskleika og einfaldleika, ásamt því að draga fram breytileika eftir árstíðum.

#### Í.5 Matarúrgangur minnki og nýtist í auknum mæli sem hráefni í nýja vöru.

\* Hvatt verði til minni matarsóunar við framleiðslu, vinnslu og neyslu matar með vitundarvakningu og fræðslu.

\* Unnið verði að því að bæta möguleika til jarðgerðar úr matarúrgangi. Hvatt verði til þróunar orkuframleiðslu úr úrgangi sem til fellur við framleiðslu, vinnslu og neyslu matar.

\* Greindir verði aðrir nýtingamöguleikar úrgangs sem til verður í matvælakerfinu.

<sup>23</sup> Matarlandslagið.

## Skýringar við stefnu um framleiðslu matvæla og verðmætasköpun

### Framtíðarþróun og matvæla- stefna Íslands

Á alþjóðavísu mun eftirspurn eftir matvælum aukast og breytast þar sem mannfólki fjölgar og neysluhegðun breytist. Finna þarf nýjar og betri leiðir til að tryggja fæðuöryggi, auka framleiðni og draga úr neikvæðum áhrifum matvælaframleiðslu.

Íslensk stjórnvöld birtu árið 2020 matvælastefnu fyrir Ísland, sem er liður í því að tryggja fæðuöryggi á Íslandi og styrkja matvælaframleiðslu í landinu öllu. Horft er til nokkurra lykilþátta í þeirri stefnumótun: Verðmætasköpunar, neytenda, ásýndar og öryggis, umhverfis og lýðheilsu. Markmiðið er að styrkja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja með sjálfbæra nýtingu auðlinda og nýsköpun að leiðarljósi. Markmið svæðisskipulagsins taka mið af þessum þáttum.

### Matvælaframleiðsla á Austurlandi

Á Austurlandi er matvælaframleiðsla úr hráefnum af landi og úr sjó kjölfesta í atvinnulífinu. Sjávarútvegur hefur alla tíð verið efnahagslegur burðarás byggðanna og í seinni tíð hefur fiskeldi verið að byggjast upp á Austfjörðum, en sjóeldiskvíar eru jafnan utan netlaga og því á yfirráðasvæði ríkisins. Engu að síður hefur fiskeldi, eða getur haft, bein atvinnutengd áhrif með fjölgun starfa, þ.á.m. tæknistarfa sem krefjast háskólamenntunar í eldis- og framleiðslustjórnun en einnig afleiddra starfa t.a.m. flutningsaðila, verktaka, í hafnarstarfsemi og netagerð. Þær tekjur sem sveitarfélög hafa af fiskeldi eru hafnartengd gjöld, fasteignagjöld og útsvarstekjur.

Unnið er að strandsvæðisskipulagi<sup>24</sup> á Austfjörðum um framtíðarnýtingu og vernd strandsvæðis frá staðarmörkum sveitarfélaga<sup>25</sup> að viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Skipulagsáætlunin er mótuð af ráðherraskipuðu svæðisráði sem í eiga sæti fulltrúar ríkisins og sveitarfélaga.<sup>26</sup>

Fjarðabyggð, þar sem stór hluti fiskeldis landshlutans er, hefur sett stefnu um fiskeldi þar sem lögð er áhersla á að eldið verði sjálfbært, burðarþósmat fjarða ákvarði umfang fiskeldis á hverjum stað og regluverk og skilvirkt eftirlit haldi í lágmarki hugsanlegum neikvæðum áhrifum. Einnig er farið fram á að eyðifirðir verðir lokaðir fyrir fiskeldi og sérstaða ósnortinnar náttúru varðveitt. Með þessu er verið að vernda verðmæt svæði og draga úr mögulegum ruðningsáhrifum fiskeldis á aðra starfsemi, t.a.m. ferðaþjónustu.<sup>27</sup>

Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að gengið sé út frá svokallaðri vistkerfisnálgun við strandsvæðisskipulag. Sú nálgun felur í sér að ákvarðanir um nýtingu auðlinda byggjast á bestu vísindalegu þekkingu um vistkerfið og að haft sé virkt eftirlit með ástandi þess.<sup>28</sup>

<sup>24</sup> Sbr. lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 og reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020. Breyting á reglugerð nr. 196/2022.

<sup>25</sup> Staðarmörk sveitarfélaga eru 115 m út frá stórstraumsfjöruborði.

<sup>26</sup> Strandsvæðisskipulag á Austfjörðum.

<sup>27</sup> Fjarðabyggð 2017: Stefnuþættir í fiskeldi.

<sup>28</sup> Landsskipulagsstefna 2015-2026.



## J. Stefna um dreifingu, innkaup og neyslu matvæla

### J.1 Flutningur á austfirskum matvælum, innan svæðis og utan, sé auðveldur.

- \* Vegakerfi styðji við skilvirkan flutning matvæla.
- \* Tryggð verði hentug aðstaða til vöruflutninga á Egilsstaðaflugvelli og í höfnum landshlutans.
- \* Unnið verði að því að styrkja möguleika til að tengja saman matvælaflutninga með flugi og skipum.

### J.2 Tengsl framleiðenda, sölu-aðila og kaupenda styrkist.

- \* Hvatt verði til samvinnu á milli framleiðenda á svæðinu og sölu-aðila í þeim tilgangi að svara þörfum markaða sem best.
- \* Stuðlað verði að auknu aðgengi að austfirskum matvælum í verslunum og veitingahúsum á Austurlandi og í öðrum landshlutum.
- \* Stuðlað verði að samvinnu framleiðenda, veitingastaða og ferðaþjónustuaðila til að skapa eftirminnilega matarupplifun á Austurlandi.
- \* Hvatt verði til þess að stofnanir og fyrirtæki á Austurlandi kaupi mat og hráefni úr landshlutanum.
- \* Hvatt verði til þess að koma á vefverslun sem selur austfirsk matvæli með áherslu á rekjanlegan uppruna.
- \* Hvatt verði til markaðssetningar á austfirskum matvælum erlendis.

## Skýringar við stefnu um dreifingu, innkaup og neyslu matvæla

Langmest af íslenskum landbúnaðarvörum fer á markað innanlands en því er öfugt farið með sjávarafurðir og fiskeldi. Þannig hafa kröfur erlendra markaða haft áhrif á stjórnun og vinnslu sjávarfangs og kemur það berlega í ljós hvað varðar kröfur um sjálfbæra nýtingu auðlinda og rekjanleika afurða.

Helstu markaðir fyrir fiskeldi, líkt og sjávarútveg, eru erlendis. Mörg tækifæri fylgja fiskeldi og tengdri starfsemi og mikilvægt er að greinin þróist í sátt við samfélagið og tengist atvinnulífnum almennt og þekkingarstofnunum svæðisins.



### 4.3 Skógur

Íbúar á Austurlandi munu í vaxandi mæli njóta útivistar í skógum. Skógrækt verður eflð, skógum viðhaldið og þeir stækkaðir þar sem við á, ekki síst í grennd við þéttbýli. Skógrækt mun þjóna þýðingarmiklu hlutverki til verndar umhverfinu og verður vaxandi og framsækin atvinnugrein á Austurlandi.



Viðfangsefni kaflans eru:

K. Uppbygging skógarauðlindar

L. Skógarnytjar og verðmætasköpun

M. Aðgengi og útivist í skógum

## K. Stefna um uppbyggingu skógarauðlindar

### K.1 Útbreiðsla vel staðsettra sjálfbærra skóga með margvíslega gagnsemi, aukist og náttúruskógar viðhaldist og stækki.

- \* Byggðir verði upp skógar með skipulegum hætti og stuðlað að góðri umhirðu þeirra með fjölbreytt markmið í huga; kolefnisbindingu, framleiðslu afurða, uppgræðslu lands, jarðvegsvernd, aðra vistkerfisþjónustu og útivist almennings.
- \* Lögð verði áhersla á að landval til skógræktar og val á trjátegundum miði að því að viðhalda og styrkja líffræðilega fjölbreytni og taki tillit til verndargildis fuglastofna, gróðurfars, landslagssérkenna, fornleifa og annarra minja. Flokkun landbúnaðarlands m.t.t. gæða til ræktunar á matvælum eða fódri, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland.
- \* Lögð verði áhersla á að vernda náttúruskóga Austurlands og stuðla að útbreiðslu þeirra.

- \* Stuðlað verði að aukinni þekkingu og rannsóknum á skógum, skógrækt og miðlun þeirra.

### K.2 Skógrækt stuðli að landgræðslu og góðum ræktunarskilyrðum.

- \* Skjólbeltarækt verði beitt til að bæta ræktunarskilyrði.
- \* Hvatt verði til skógræktar svo jarðvegsbinda megri rofið og rýrt land.

### K.3 Skógar og skógrækt gegni lykilhlutverki við að ná markmiðum um kolefnis-hlutleysi landshlutans.

- \* Hvatt verði til verndunar skóga og skógarleifa og ræktunar skóga til að binda og viðhalda kolefnisforða.
- \* Stuðlað verði að aðlögunarhæfni og þanþoli skóga gagnvart loftslagsbreytingum og aukinni kolefnisbindingu þeirra með vali á trjátegundum.




- \* Hvatt verði til þess að skógræktarbændur taki þátt í verkefnum um skógrækt til kolefnisbindingar.

### K.4 Skógrækt nýtist til að draga úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.

- \* Fjallað verði um möguleika skóga til að gegna hlutverki við varnir gegn ofanflóðahættu.

### K.5 Varnir gegn gróðureldum styrkist.

- \* Lögð verði áhersla á að fjallað sé um varnir og viðbrögð við mögulegum gróðureldum í landshlutaáætlun og ræktunaráætlunum.



Útbreiðsla skóglendis á Austurlandi.

## Skýringar við stefnu um uppbyggingu skógarauðlindar

Skógar eru eitt af aðalsérkennum landslags og landbúnaðar á Austurlandi. Þar á skógrækt sér langa sögu og mikil reynsla og þekking hefur byggst upp. Með áframhaldandi markvissri uppbyggingu auðlindarinnar og frekari eflingu þekkingar mun skógrækt í landshlutanum þróast í öfluga atvinnugrein. Til greinarinnar telst vernd, endurheimt, ræktun, umhirða, nýting og endurnýjun skóga og síðan framleiðsla úr ýmis konar skógarfangi. Til hennar teljast líka rannsóknir, ráðgjöf og áætlanagerð.<sup>29</sup>

Í drögum að landsáætlun um skógrækt er lögð áhersla á að tekið sé mið af umhverfis- og samfélagsþáttum jafnt sem hagrænum við uppbyggingu og nýtingu skóga, þ.e. að skógræktin sé sjálfbær. Á grunni hennar er áformað að setja fram landshlutaáætlanir í samstarfi Skógræktarinnar, sveitarfélaga og hagsmunaaðila, og þar sett sameiginleg markmið um uppbyggingu skóga, viðmið við val á svæðum og trjátegundum og aðrar áherslur við ræktun.

Í landsáætlunardrögum er sett í forgang að byggja upp skóg sem stemmir stigu við hraðfara loftslagsbreytingum til að stuðla að markmiði um kolefnis-

hlutleysi á Íslandi árið 2040.<sup>30</sup> Í tillögu að viðauka við landskipulagsstefnu er einnig áhersla á að skógrækt miði að aukinni bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.<sup>31</sup> Það er jafnframt eitt af markmiðum laga um skógrækt og laga um landgræðslu og í samræmi við það hefur Skógræktin hrundið af stað verkefni til að koma á fót viðurkenndu ferli vottunar á bindingu kolefnis með nýskógrækt.<sup>32</sup>

Auk kolefnisbindingar er skógrækt ætlað að styðja við áframhaldandi uppbyggingu og þróun annarra gæðaskóga, svo sem skógartengda atvinnuþróun, vistkerfisþjónustu skóga og lýðheilsu. Þá þarf að vernda náttúruskóga sem fyrir eru og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra til að vernda jarðveg og mikilvæg búsvæði, tryggja vatnsgæði og binda kolefni.<sup>33</sup>

Í tillögu að viðauka við landskipulagsstefnu er lögð áhersla á að skógrækt falli vel að landi og byggji á landslagsgreiningu, ásamt vistgerðaflokkun og flokkun landbúnaðarlands m.t.t. ræktunar og annars landbúnaðar og útivistar.<sup>34</sup> Markmið um landslagsmál er einnig sett í stefnu um skógrækt sem var unnin á vegum umhverfisráðherra og gefin út af Skógræktinni árið 2013.



Þar er lögð áhersla á að auka þekkingu á landslagsþáttum, vernda sérstætt landslag og nýta möguleika skógræktar til að fegra land með góðri hönnun og áætlanagerð í skógrækt.<sup>35</sup> Þá segir í drögum að landsáætlun um skógrækt að mikilvægt sé að huga að landslagsheildum, sérstöku landslagi og jöðrum og línunum í landslagi við val á landi og skipulag skógræktar.<sup>36</sup>

Í gildandi landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að huga sérstaklega að hættu á gróðureldum í skipulagi sínu, s.s. flóttaleiðum og brunavörnum.<sup>37</sup>

<sup>29</sup> Drög að landsáætlun um skógrækt 2021-2025. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

<sup>30</sup> Drög að landsáætlun um skógrækt 2021-2025.

<sup>31</sup> Tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu.

<sup>32</sup> Skýrsla Skógræktarinnar og LSE 2020.

<sup>33</sup> Drög að landsáætlun um skógrækt 2021-2025.

<sup>34</sup> Tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu.

<sup>35</sup> Skógar á Íslandi - Stefna á 21. öld.

<sup>36</sup> Drög að landsáætlun um skógrækt 2021-2025.

<sup>37</sup> Landsskipulagsstefna 2015-2016.



## L. Stefna um skógarnytjar og verðmætasköpun

### L.1 Atvinnustarfsemi tengd skógum aukist.

- \* Hvatt verði til framleiðslu og sölu fjölbreyttra austfirskra skógarafurða.
- \* Hvatt verði til fjölbreytni í skógrækt og góðrar umhirðu sem stuðlar að góðri framleiðslu í skógunum og hámarkar árangur.

### L.2 Nýsköpun í vinnslu skógarafurða aukist.

- \* Stuðlað verði að nýsköpun og vöruþróun úr öllum efnivið skóganna.
- \* Stuðlað verði að aukinni þekkingu á skógrækt og skógarafurðum til að efla verðmætasköpun.
- \* Stuðlað verði að samvinnu menntastofnana og skógræktarbænda með það að markmiði að efla þekkingu, nýsköpun og nýliðun í greininni.

### L.3 Markaður fyrir skógarafurðir frá Austurlandi stækki.

- \* Könnuð verði markaðstækifæri fyrir skógarafurðir frá Austurlandi. Sérstaklega verði horft til tækifæra sem samgöngutengingar veita.
- \* Skógurinn og skógarafurðir verði áberandi í markaðssetningu Austurlands.

## Skýringar við stefnu um skógarnytjar og verðmætasköpun

Á næstu áratugum mun vinnsla úr skógarafurðum Austurlands aukast og mikilvægt verður að styrkja þekkingu meðal þeirra sem stunda skógrækt, hlúa að verðmætasköpun, nýsköpun og gæðamálum í greininni og finna afurðum markað héraðs og erlendis.<sup>38</sup>

Samkeppnisfær úrvinnsluþnaður þarf að vera til staðar til að taka á móti því hraefni sem fellur til í skógum landsins og forsenda þess að hann geti orðið til er mikið og stöðugt framboð á timbri.<sup>39</sup>

Þrjár viðarvinnslur eru nú þegar með starfsemi á Austurlandi; á Hallormsstað, í Fljótisdal og á Eskifirði. Á Hallormsstað fer fram alhliða viðarvinnsla. Í Fljótisdal er unninn borðviður, plankar, klæðningar og eldiviður og á Eskifirði eru framleiddir viðarkögglar, viðar-spænir og skyldar afurðir.<sup>40</sup>

Aukin eftirspurn er eftir timbri í byggingariðnaði en einnig er hægt að framleiða úr trjáviði lífrænt plast, vefnaðarvörur, lyf o.fl. Einnig eru aðrar nytjar úr skógum mögulegar, s.s. matvæli, bragðefni, ilmkjarnaolíur, hunang, jólatré, greinar og könglar.<sup>41</sup>

Skógar á Íslandi hafa lengi verið vinsælir ferðamannastaðir, ekki síst Hallormsstaðaskógur. Samfara vinsældum tjaldferða og útihátíða hefur víða verið byggð upp þjónusta og ýmis konar aðstaða fyrir ferðafólk. Ferðaþjónustuaðilar nýta sér þá aðstöðu og munu geta gert í vaxandi mæli í framtíðinni eftir því sem skógur vex og dafnar.<sup>42</sup>



## M. Stefna um aðgengi og útivist í skógum

### M.1 Útivistarmöguleikar íbúa og gesta í skógum Austurlands aukist.

- \* Hvatt verði til ræktunar og umhirðu skóga í þágu útivistar.
- \* Hvatt verði til að heilbrigðisgeirinn nýti útiveru í skógum sem meðferðarúrræði.
- \* Unnið verði að uppbyggingu göngustíga, áningarstaða og bílastæða til að auðvelda íbúum og gestum að njóta útivistar í skógum.

### M.2 Skógrækt innan og í grennd við þéttbýli aukist.

- \* Hvatt verði til ræktunar útivistarskóga, bæði innan og í jafri þéttbýlisstaða.

<sup>38</sup> Skýrsla Skógræktarinnar og LSE 2020. Skógar á Íslandi - Stefna á 21. öld.

<sup>39</sup> Skógar á Íslandi - Stefna á 21. öld.

<sup>40</sup> Skýrsla Skógræktarinnar og LSE 2020.

<sup>41</sup> Skýrsla Skógræktarinnar og LSE 2020.

<sup>42</sup> Skýrsla Skógræktarinnar og LSE 2020.

<sup>43</sup> Lýðheilsa og skipulag.

Drög að landsáætlun um skógrækt 2021-2025.

<sup>44</sup> Skýrsla Skógræktarinnar og LSE 2020.

<sup>45</sup> Skógræktin. Nám og fræðsla.

<sup>46</sup> Lýðheilsa og skipulag.

<sup>47</sup> Lýðheilsa og skipulag.

## Skýringar við stefnu um aðgengi og útivist í skógum

Skógar eru frábær útivistarsvæði. Þeir skapa gott skjól fyrir veðri og vindum og hafa jákvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu. Þessi áhrif snúa einkum að öryggi gagnvart flóðum og mengun, ýta undir endurnæringu, slökun, streitulosun, hreyfingu og samveru. Skógræktarstarf hefur einnig góð heilsufarsleg áhrif og það er mikilvægt að almenningur geti notið skóganna á margvíslegan hátt.<sup>43</sup>

Fjórir þjóðskógar eru á Austurlandi: Arnaldsstaðaskógur í Fljótssdal, Hallormsstaðaskógur og Höfði á Héraði og Jörvík í Breiðdal. Í þjóðskógum hefur verið komið fyrir áningaradstöðu, stígum, borðum og bekkjum, salernisadstöðu, tjaldsvæðum og merkingum á gönguleiðum, trjám og kennileitum.<sup>44</sup> Þar er tækifæri til ýmis konar útiveru og umhverfismenntar en Skógræktin hefur útbúið gagnlegt fræðslufni um skóga.<sup>45</sup> Skógar í grennd við þéttbýli henta vel fyrir útikennslustofur, sérstaklega þar sem hægt er að ganga eða hjóla að þeim.<sup>46</sup>

Tré og skóglendi í og við þéttbýli eru einnig til þess fallin að fanga svífryk og bæta þannig loftgæði.<sup>47</sup>

## 4.4 Ferðapjónusta

Austurland verður heilsárs-  
áfangastaður sem höfðar jafnt  
til heimamanna og gesta. Hann  
byggist á öfluggu samgöngu-  
kerfi og ferðapjónustu í hæsta  
gæðaflokki þar sem auðlindir  
umhverfis, samfélags og  
menningar eru nýttar. Vöruþróun og markaðssetning  
landshlutans hefur sérkenni  
Austurlands sem leiðarljós.




Viðfangsefni kaflans eru:

N. Samfélag og gestir

O. Auðlindir og innviðir ferðapjónustunnar

Ó. Vörur og þjónustugæði



Tengsl samfélags og atvinnugreinar.

## N. Stefna um samfélag og gesti

### N.1 Austurland þróist sem sterkur og sjálfbær áfangastaður þar sem ferðapjónusta dafnar árið um kring.

- \* Verkefni áfangastaðastofu landshlutans verði eflð til að styðja við ferðapjónustuna, stuðla að samstarfi innan greinarinnar og við aðrar greinar og til að gæta þess að greinin þróist í takt við gildi og vilja heimamanna.

- \* Áfangastaðaáætlun Austurlands gegni áfram lykilhlutverki í að skilgreina sameiginlegar áherslur ferðapjónustugeirans og samfélagsins, setja fram markmið og forgangsraða verkefnum til að vinna að þeim.

- \* Svæðisheitið Austurland styrkist sem vörumerki landshlutans eins og það er skilgreint í áfangastaðaáætlun Austurlands.

- \* Rannsóknir á ferðapjónustu á Austurlandi verði eflðar og niðurstöður þeirra nýttar við frekari stefnumótun og áætlanagerð.

### N.2 Austurland styrkist sem áfangastaður, fyrir íbúa jafnt sem gesti.


- \* Í öllu skipulagi verði hugað að þörfum og væntingum íbúa, sem og gesta.

- \* Áhersla verði lögð á að svara væntingum og þörfum markhópa sem skilgreindir eru í áfangastaðaáætlun hverju sinni.

## Skýringar við stefnu um samfélag og gesti

Ferðaþjónusta er stærsta atvinnugreinin á heimsvísu og sú sem hefur vaxið hraðast á Íslandi á liðnum áratugum. Í þeirri þróun hafa falist áskoranir og tækifæri sem Austurland hefur greint og gripið með mótun áfangastaðarins Austurlands.<sup>48</sup>

Til að skapa ramma fyrir þróun áfangastaðarins hefur verið sett fram áfangastaðaáætlun í samráði við íbúa og hagsmunaaðila.<sup>49</sup> Áætlunin hefur sjálfbæra og ábyrga ferðaþjónustu að meginmarkmiði en í því felst að framgangur í greininni taki mið af umhverfis-, efnahags- og samfélagslegum sjónarmiðum. Út frá þeim sjónarhóli er lögð rík áhersla á að áhrif á búsetugæði Austurlands verði jákvæð, s.s. með atvinnusköpun, vöruþróun, menningarviðburðum, umhverfisvernd, landslagsmótun og mannvirkjagerð, sem og uppbyggingu innviða sem nýtist jafnt íbúum sem gestum.



Markhópar Austurlands eru skilgreindir í áfangastaðaáætlun á hverjum tíma.

Í áfangastaðaáætluninni er lögð rík áhersla á samstarf ferðaþjónustugeirans, annarra geira og samfélagsins. Sérstaklega hefur verið dregið fram að styrkja megi tengsl ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í því samhengi hefur skilgreining markhópa í áfangastaðaáætlun hlutverki að gegna, sem og skilgreining á þeirri upplifun sem stefnt er á að bjóða gestum upp á.

Áfangastaðaáætlun er unnin til þriggja ára í senn og því er mikilvægt að festa framtíðarsýn hennar í langtímaáætlun og setja hana í samhengi við stefnu landshlutans um aðrar atvinnugreinar og málaflokka sveitarfélaganna, eins og gert er í þessu svæðisskipulagi.




Efri mynd: Áfangastaðaáætlun Austurlands 2018-2021 er afrakstur ítarlegrar greiningar á aðdráttarafli og ferðaþjónustu landshlutans. Í henni eru sett fram markmið sem stuðla að því að Austurland verði ákjósanlegur staður til að búa á og heimsækja. Greining og stefnumótun var unnin með viðtæku samráði við hagsmunaaðila á Austurlandi.<sup>48</sup>

<sup>48</sup> Áfangastaðurinn Austurland.

<sup>49</sup> Áfangastaðaáætlun Austurlands 2018-2021.

<sup>50</sup> Sjá einnig enska útgáfu af áætluninni, Action Austurland.

Neðri mynd: Fjölbreytni í landslagi býður upp á margs konar upplifun.





## O. Stefna um auðlindir og innviði ferðaþjónustunnar

**O.1 Auðlindir ferðaþjónustunnar sem felast í náttúru, landslagi, minjum, söfnum, menningar- miðstöðvum og menningu svæðisins nýtist til verðmæta- sköpunar.**

- \* Skipulag ferðaþjónustunnar miði að því að dreifa ferðamanna- umferð sem víðast, til að draga úr álagi á einstaka staði og til að allt svæðið njóti góðs af.
- \* Haft verði gott samráð við land- eigendur og íbúa við skipulagsgærd til að samræma landnotkun og starfsemi og koma í veg fyrir hags- munaárekstra.
- \* Fylgst verði með álagi á einstaka staði svo hægt verði að bregðast við í tíma.

**O.2 Sérkenni landslags nýtist til að draga fram og byggja upp fjölbreytta möguleika til að upplifa ólíkar hliðar Austur- lands.**

- \* Ferðamöguleikar og saga byggð á fjörðum, héraði og hálendi verði dregin sérstaklega fram í markaðs- setningu, við skipulag ferðaleiða og áfangastaða (sjá kafla 6.1.1 og 6.1.2) og við staðarmótun (sjá kafla 3.3 og 6.1.3).

**O.3 Samgöngukerfi ýti stoðum undir heilsársáfangastað.**

- \* Viðhald og umhirða vegakerfis tryggji öruggan akstur og aðgengi að helstu ferðamannastöðum á öllum árstíðum.

Margir þættir hafa áhrif á upplifun gesta.



## Skýringar við stefnu um auðlindir og innviði ferðaþjónustunnar


Á ferð um Austurland kemst ferðalangur í margs konar snertingu við staði, landslag, þjónustu, viðburði, vörur og athafnir sem til samans skapa upplifun af svæðinu, sem og minningar og framtíðarvæntingar. Það er upplifun af þessum helstu snertiflötum sem hefur áhrif á hvort gestir koma aftur og hvetja aðra til að heimsækja svæðið. Með því að vinna markvisst með snertifletina í gegnum áfangastaðaáætlun, skipulagsáætlanir og aðrar áætlanir sveitarfélaganna má stuðla að jákvæðri upplifun gesta.

Náttúra Austurlands er kjarninn í upplifun af svæðinu og um leið stór hluti búsetugæða landshlutans og einn aðalgrundvöllur ferðaþjónustunnar. Um þessa auðlind þarf því að standa vörð samtímis því að hún er nýtt til atvinnu- og vörubróunar, útivistar og sköpunar.


Við þróun ferðaþjónustu er tækifæri til að byggja á sérkennum náttúru og bjóða upp á upplifun sem er ævintýri líkust. Fjölbreytt landslag og lífríki hálendis, héraðs og fjarða hefur mikið aðdráttarafl.

Sveitarfélög á Austurlandi hafa þegar hafið þróun ferðaleiða og áfangastaða og hyggjast halda áfram á þeirri braut. Áhersla er lögð á að dreifa umferð ferðafólks um allan landshlutann, bæði til að forðast ofálag á einstaka staði og til að styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu á öllu svæðinu (sjá 6. kafla). Öruggir innviðir og góðar upplýsingar fyrir gesti er hluti af þessari viðleitni og lykiltríði er að ferðafólk komist auðveldlega til Austurlands, hvort heldur sem er með flugi, á sjó eða landi.

Gagnasöfn og fræðastarf um menningu, lífríki og landslag Austurlands, þ.m.t. örnefnaskráning, eru mikilvægur grunnur um sérkenni og sögu landshlutans. Þær upplýsingar geta skapað hugmyndir sem verða að nýjum vörum eða nýrri afþreyingu.



Staðir úr Íslendingasögum.



## Ó. Stefna um vörur og þjónustugæði

**Ó.1 Sérkenni Austurlands nýtist æ meira í vöruþróun og markaðssetningu.**

\* Settar verði fram leiðbeiningar um hvernig nýta megi sérkenni Austurlands í náttúru og menningu í ferðaþjónustu, s.s. á sviði af þreyingar, gistingar, veitinga og handverks.

\* Fyrirtæki verði hvött til að nýta sér leiðbeiningarnar og þau studd við vöruþróun sína.

**Ó.2 Unnið verði að því að styrkja upplifanir og aðstöðu þar sem náttúran er í forgrunni.**

\* Unnið verði með áherslur sem skilgreindar eru í áfangastaða-áætlun hverju sinni, t.d. leiðangra, mat, útivist, sköpun og menningu.

**Ó.3 Unnið verði að því að styrkja og þróa árstíðabundnar upplifanir.**

\* Unnið verði með áherslur sem skilgreindar eru í áfangastaða-áætlun hverju sinni.

**Ó.4 Ferðaþjónusta á Austurlandi einkennist af fagmennsku og gæðum.**


\* Fyrirtæki í ferðaþjónustu verði hvött til að taka þátt í gæða- og umhverfissvottunarkerfum.

\* Stutt verði við aukna hæfni starfsfólks í ferðaþjónustu.

## Skýringar við stefnu um vörur og þjónustugæði

Ferðaþjónusta snýst einkum um gistingu, veitingar og afþreyingu. Tengdar henni eru ýmsar framleiðslugreinar sem búa til matvörur, handverk og annað sem ferðalangar hafa áhuga á að skoða, kaupa eða neyta. Söfn og aðrar menningarstofnanir, ásamt skapandi greinum skipta miklu máli í þessu samhengi, sem og nýting hráefna Austurlands.

Það er landshlutanum í hag að gestir upplifi að svo margt sé í boði allan ársins hring að þá langi til að dvelja lengi og koma aftur. Góðar flugsamgöngur innanlands og til annarra landa eru lykillinn að því að draga úr árstíðabundnum sveiflum í umferð ferðafólks og í uppbyggingu Austurlands sem heilsársáfangastaðar.



Áfangastaðaáætlun Austurlands 2018-2021 miðar að því að styrkja árstíðabundnar áherslur í ferðaþjónustu og afþreyingu.

5.0

# AUSTURLAND - STERKT SAMFÉLAG

## 5.1 Samvinna og fjölbreytni

P. Samvinna sveitarfélaga og samfélagsins

R. Fjölbreytni og fjölmennning

## 5.2 Þekking og nýsköpun


S. Nám og nýsköpun

T. Umhverfi nýsköpunar

## 5.3 Grunnþjónusta og heilbrigði

U. Grunnþjónusta

Ú. Heilsuefning



### Meginmarkmið 3: Austurland - sterkt samfélag

Á Austurlandi verður samheldið og fjölbreytt samfélag fólks sem hefur tækifæri til að nýta og þróa þekkingu sína, býr við örugga heilbrigðisþjónustu og heilsueflandi umhverfi.

Þessum árangri ætla sveitarfélögin á Austurlandi að ná með því að vinna að sameiginlegum markmiðum sem falla undir:

- 3.1 Samvinnu og fjölbreytni
- 3.2 Þekkingu og nýsköpun
- 3.3 Öryggi og heilbrigði

Viðfangsefni markmiðanna snúa að því að Austurland sé:

- \* Svæði þar sem sveitarfélög, fyrirtæki og íbúar sameinast um að byggja upp fjölbreytt og öflugt samfélag.
- \* Svæði þar sem viðtæk þekking, skapandi hugsun og vaxandi nýsköpun einkennir öll svið samfélagsins.
- \* Svæði þar sem að íbúar hafa gott aðgengi að grunnþjónustu, tækifærum til heilsueflingar og njóta góðrar heilbrigðisþjónustu.



## 5.1 Samvinna og fjölbreytni

Austurland verður opið og víðsýnt samfélag þar sem fjölmennung mun blómstra. Áfram verður lögð áhersla á samvinnu á milli sveitarfélaga og samráð innan þeirra. Íbúum á Austurlandi mun fjölga og jafnvægi verður náð í aldurssamsetningu og kynjaskiptingu samfélagsins.



Viðfangsefni kaflans eru:

P. Samvinna sveitarfélaga og samfélagsins

R. Fjölbreytni og fjölmennung

## P. Stefna um samvinnu sveitarfélaga og samfélagsins

### P.1 Sterk samvinna einkenni áfram allt starf sveitarfélaga á Austurlandi.

- \* Svæðisskipulagi verði framfylgt með markvissum hætti. Sjá 7. kafla um framfylgd.

### P.2 Virkt samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila einkenni starf sveitarfélaganna og stofnana þeirra.

- \* Leitað verði sjónarmiða og liðsinnis íbúa og hagsmunaaðila við stefnumótun og þróun verkefna á sviðum umhverfis-, atvinnu-, samfélags- og menningarmála.
- \* Hvatt verði til samvinnu fyrirtækja og stofnana um verkefni sem styrkja umhverfi, atvinnulíf og/eða samfélag landshlutans.







## Skýringar við stefnu um samvinnu sveitarfélaga og samfélagsins

Sveitarfélög á Austurlandi hafa lengi haft með sér mikið samstarf, bæði á vettvangi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og á milli einstakra sveitarfélaga. SSA hefur forgöngu um samgöngu-, atvinnu- og byggðáþróunarverkefni í landshlutanum og berst fyrir auknum jöfnuði meðal byggða landsins.<sup>1</sup>

Árið 2012 var sjálfseignarstofnunin Austurbrú sett á fót, en hlutverk hennar er að veita þverfaglega þjónustu á sviði símenntunar og rannsókna, atvinnuþróunar og markaðssetningar. Stofnunin er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og voru stofnaðilar öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi.<sup>2</sup>

Undir hatti Austurbrúar er unnið að fjölmörgum verkefnum fyrir hönd SSA, þ.m.t. stefnumótunarverkefnum eins og sóknaráætlun, áfangastaðaáætlun og nú svæðisskipulagi. Til að hrinda slíkum áætlunum í framkvæmd þarf að virkja íbúa, stofnanir, fyrirtæki og aðila á öllum sviðum samfélagsins. Frumkvæði sveitarfélaganna og hvatning til slíkrar samvinnu skiptir miklu máli til að ná þeim árangri sem áætlanirnar lýsa.

Á Austurlandi er einnig rík hefð fyrir starfsemi frjálsra félagasamtaka á ýmsum sviðum sem gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki og sem sveitarfélögin eiga í árangursríku samstarfi við, ekki síst um tólmstundir barna og ungmenna. Þá eru dæmi um beina aðkomu frjálsra félagasamtaka að ýmsum verkefnum sem snúa að félagastarfsemi ýmis konar og samvinnu sveitarfélaga við þau um þróun og uppbyggingu í landshlutanum.

<sup>1</sup> Tilgangur SSA.

<sup>2</sup> Um Austurbrú.

## R. Stefna um fjölbreytni og fjölmenningu

### R.1 Íbúum fjölgi og jafnvægi náist í aldurssamsetningu og kynjaskiptingu mannfjöldans á Austurlandi.

- \* Leitað verði leiða til að laða að ungt fólk til starfa og búsetu um allan landshlutann.
- \* Leitað verði leiða til að þróa atvinnulíf og búsetukosti um allan landshlutann sem höfða til allra kynja.

### R.2 Fjölmennung blómstri á Austurlandi.

- \* Unnin verði áætlun sem miðar að því að styðja við, virkja og nýta mannauð ólíkra samfélagshópa, sérstaklega þeirra sem eru af erlendum uppruna.
- \* Tryggt verði að allir njóti sömu tækifæra til þátttöku í samfélagi sem snýr t.a.m. að lýðræði og atvinnuþátttöku. Í þeim tilgangi verði t.d. gott aðgengi að upplýsingum á nokkrum tungumálum.
- \* Tryggt verði aðgengi að vandaðri íslenskukennslu.





## Skýringar við stefnu um fjölbreytni og fjölmenningu

Samfélag er samsett af fólki af ólíkum aldurs-, kynja- og félagshópum og ólíkum uppruna. Við byggðapróun Austurlands þarf að huga að mismunandi þörfum þessara hópa og einnig stuðla að því að hver og einn fái notið sín sem best.

Íbúum á Austurlandi fjölgaði um rúmlega 1.400 frá árinu 2001 til ársins 2021.<sup>3</sup> Fjölgunin hefur þó ekki dreifst jafnt yfir landshlutann og standa jaðarbyggðir margar höllum fæti hvað varðar íbúapróun, kynjahlutfall og aldurs-samsetningu. Þá hefur íbúavelta verið mikil í einstaka byggðakjörnum sem getur bitnað á uppbyggingu mannauðs.<sup>4</sup> Meðalaldur íbúa fer hækkandi og oft vantar ákveðið aldursbil inn í mannfjöldapírámíða þegar unga fólkið fer burtu til náms og starfa annars staðar.<sup>5</sup>

Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað á Austurlandi á síðustu árum og er það nú um fimmtán prósent íbúa.<sup>6</sup> Í sumum þéttbýliskjörnum landshlutans er þetta hlutfall þó mun hærra, t.d. hátt í tuttugu prósent á Eskifirði og Reyðarfirði. Þessi hópur er ekki einsleitur m.t.t. menntunar, reynslu, menningar, tungu-máls eða upprunalds. Því má segja að Austurland sé að þróast í átt að fjölmenningsamfélagi og felast í því bæði áskoranir og tækifæri.<sup>7</sup> Auðvelda þarf nýjum íbúum að læra á nýjar heimaslóðir og skapa þarf tækifæri fyrir samskipti og farveg fyrir nýjar hugmyndir sem nýtast Austurlandi.

<sup>3</sup> Hagstofa Íslands: Mannfjöldi eftir landshlutum 1. janúar 2021.

<sup>4</sup> Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019. Stöðugreining Austurlands 2019.


<sup>5</sup> Kynning á stöðu Sóknaráætlunar Austurlands 2020-2024.

<sup>6</sup> Ársskýrsla Austurbrúar 2019.

<sup>7</sup> Ársskýrsla Austurbrúar 2019.

## 5.2 Þekking og nýsköpun

Austurland eflist sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélag og aðgangur austfirskra sprota að fjármagni eykst. Möguleikum til náms á öllum skólastigum fjölgar og skapandi hugsun, forvitni og vilji til nýsköpunar einkennir starf menntastofnana í landshlutanum.



Viðfangsefni kaflans eru:  
S. Nám og nýsköpun  
T. Umhverfi nýsköpunar





## S. Stefna um nám og nýsköpun

### S.1 Möguleikum fjölgi til að stunda grunn-, framhalds- og háskólanám óháð búsetu.

- \* Tryggt verði gott aðgengi að námi á öllum skólastigum.
- \* Unnið verði að því að efla stað- og fjarnám á háskólastigi, einkum í greinum sem tengjast hefðbundnum og nýjum hornsteinum atvinnulífsins, heilbrigðisþjónustu og annarri grunnþjónustu.

- \* Stuðlað verði að samvinnu menntastofnana til að efla námsmöguleika.

### S.2 Áhersla á þekkingarleit, skapandi hugsun og nýsköpun einkenni starf menntastofnana landshlutans.

- \* Hvatt verði til þess að skólar og menntastofnanir tileinki sér nýsköpunarhugarfar, bæði í kennslu og vali á námsefni.

- \* Unnið verði að því að gera gögn um umhverfi, atvinnulíf, samfélag og menningu Austurlands aðgengileg á vef og í kortasjám og hvatt verði til notkunar þeirra í kennslu og rannsóknum.

- \* Hvatt verði til eflingar iðngreina og skapandi greina í grunn- og framhaldsskólum, hvort heldur í stað- eða fjarnámi.

### S.3 Samfélag nemenda í framhaldsnámi styrkist.

- \* Stuðlað verði að sterku skólasamfélagi nemenda í stað- og fjarnámi, með góðri aðstöðu og umgjörð náms og félagsstarfs.

### S.4 Nýsköpunarsamfélag styrkist.

- \* Boðið verði upp á samvinnurými fyrir einstaklinga og sprotafyrirtæki í þéttbýliskjörnum og í dreifbýli þar sem möguleikar á samstarfi geta skapast.

Frá og með haustinu 2021 hefur Háskólinn í Reykjavík boðið upp á undirbúningsnám fyrir háskólanám á Austurlandi, í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

## Skýringar við stefnu um nám og nýsköpun

Nýsköpun á öllum sviðum samfélagsins er forsenda vaxtar og eflingar Austurlands og lykillinn að því að fást við áskoranir komandi áratuga. Menntastofnanir Austurlands gegna stóru hlutverki í þessu tilliti. Mikilvæg skref voru tekin á árinu 2020 þegar undirritaður var samningur á milli Austurbrúar og menntamálaráðuneytisins um undirbúning stofnunar háskólaútibús og kennslu á háskólastigi.<sup>8</sup> Haustið 2021 hófst svo undirbúningsnám í verk-, tækni- og tölvunarfræði og er frekari uppbygging fyrirhuguð.<sup>9</sup>

Auk náms á háskólastigi skipta framhaldsskólar Austurlands miklu máli. Tveir þeirra, Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað (VA) og Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME), bjóða upp á nám til stúdentsprófs. Báðir skólar leggja grunn að frekara námi nemenda sinna, efla nýsköpunargetu í landshlutanum og leggja áherslu á góð tengsl við atvinnulífið, hvor á sinn hátt.

Í skólunum er val um nokkrar námslínur og starfsbrautir, auk þess sem iðnnám hefur um árabil verið í boði í VA.<sup>10</sup> Þá leggja skólarnir mikla áherslu á nýsköpun. Svo dæmi séu tekin er í VA sérstök nýsköpunarbraut og Fab Lab-

smiðja<sup>11</sup> í verkkenndahluta skólans sem öllum er opin. Í ME er tæknismiðja sem gerir nemendur hæfari í sköpun og hönnun. Tilgangurinn er meðal annars að auka áhuga á frekara námi í listum, hönnun og tækni. Auk þess stefnir skólinn á að auka framboð náms sem hefur sterka tengingu við atvinnulífið.<sup>12</sup>

Þriðji skólinn á framhaldsskólastigi er Hallormsstaðaskóli. Þar er í boði verk- og bóklegt nám í sjálfbærni og sköpun þar sem fengist er við viðfangsefni nútímans með lærdóm fyrri kynslóða í farteskinu. Skólinn hefur staðið fyrir fjölda opinna vinnustofa og námskeiða með sérfræðingum skólans sem hafa leitt til atvinnusköpunar og betri nýtingar á afurðum. Þá hefur tilraunaeldhús skólans veitt frumkvöðlum í vörubróun tækifæri til nýtingar vottaðs eldhúsrýmis skólans.<sup>13</sup>

Lýðháskóli LungA á Seyðisfirði býður upp á tilraunakennt listnám. Listrænn skilningur nemenda er þjálfður og lögð rækt við að auka listræna færni, næmni og hæfni þannig að nemendur fái gott veganesti til frekara náms.<sup>14</sup>

Vert er að taka fram að við alla þá skóla sem nefndir hafa verið til sögunnar eru heimavistir.

Á Austurlandi hefur verið lögð rík áhersla á tengsl allra skólastiga við atvinnulífið, s.s. með starfskynningum og vinnustaðanámi á yngri og eldri stigum. Í leikskólum hefur einnig verið stunduð nýsköpunarhugsun, t.a.m. í gegnum svonefnt „grænfána-verkefni“. Áhersla á tengsl skóla og atvinnulífs er jafnframt rík í símenntunar- og þekkingarstarfi Austurbrúar sem býður upp á fjölbreytt námskeið og lengri námsleiðir, námsráðgjöf, raunfærnimat og þjónustu við háskólanema. Í þessu samhengi mætti líka nefna árlegan Tæknidag fjölskyldunnar, sem VA og Austurbrú standa fyrir, þar sem sjónum er beint að tækni, visindum og nýsköpun.

Þá er þörf á að styrkja möguleika til grunnmenntunar heilbrigðisstarfsfólks til að tryggja mönnum heilbrigðisþjónustunnar. Heilbrigðisstofnun Austurlands gegnir þar mikilvægu hlutverki en stofnunin hefur um langt skeið tekið þátt í menntun tiltekinna heilbrigðisfagmanna, einkum lækna, sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga, sem

hefur hjálpað til við nýliðun og afleysingar. Mikilvægt er að styrkja sí- og endurmenntun heilbrigðisstarfsfólks vegna fjarlægðar landshlutans frá Reykjavík og í ljósi alþjóðlegrar samkeppni um fagfólk.<sup>15</sup>

<sup>8</sup> Austurbrú 15.9.2020.

<sup>9</sup> Austurbrú 18.8.2021.

<sup>10</sup> Verkmenntaskóli Austurlands.

<sup>11</sup> Fab Lab Ísland.

<sup>12</sup> Menntaskólinn á Egilsstöðum.

<sup>13</sup> Hallormsstaðaskóli.

<sup>14</sup> Lunga School.

<sup>15</sup> Heilbrigðisstefna. Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030.



## T. Stefna um umhverfi nýsköpunar

### T.1 Nýsköpunargeta samfélagsins styrkist.

- \* Stuðlað verði að auknu samstarfi á milli menntastofnana og fyrirtækja svæðisins, t.d. með því að setja á fót vettvang eða hugmyndabanka um lausnir á helstu áskorunum Austurlands.
- \* Mótun verði stefna um stuðning sveitarfélaganna, menntastofnana og fyrirtækja á svæðinu við nýsköpun, sprotafyrirtæki og skapandi greinar.
- \* Tryggt verði að sprotafyrirtæki og frumkvöðlar hafi greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf á sviði nýsköpunar.
- \* Fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi verði hvött til að nýta þekkingu og mannauð sem er til staðar á svæðinu.

### T.2 Aðgengi sprotafyrirtækja og einstaklinga að sjóðum batni.

- \* Sjóðir verði hvattir til að taka aukið tillit til svæðisbundinna aðstæðna og viðfangsefna og til að fjármagna verkefni til lengri tíma.
- \* Hvatt verði til að stofnaðir verði landshlutabundnir nýsköpunar-sjóðir.
- \* Sprotafyrirtæki og einstaklingar á svæðinu verði hvattir til að sækja um styrki.

### T.3 Markaður fyrir austfirskt hugvit stækki.

- \* Lögð verði áhersla á að stækka heimavöll austfirskra nýsköpunarfyrirtækja þannig að tækifæri til markaðssetningar og fjármögnunar góðra hugmynda takmarkist ekki við Austurland.



## Skýringar við stefnu um umhverfi nýsköpunar

Nýsköpunarstefna Íslands miðar að samfélagi sem styður við nýsköpun sem grundvöll menningarlegra og efnahagslegra lífsgæða.<sup>16</sup> Stefnan skilgreinir leiðir að markmiðinu, en þær geta átt við um landshluta, sem og landið allt og tekur svæðisskipulagið mið af þeim.

Stuðla þarf að jákvæðu hugarfari til nýsköpunar á öllum sviðum samfélags. Hampa þarf og halda á lofti góðum fyrirmyndum þannig að virðing og skilningur á sprotastarfsemi aukist, sem og meðvitund um óvissu og áhættu í nýsköpunarferlinu.

Auka þarf fjármagn sem varið er í vísindarannsóknir og tækniþróun, jafnt í sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Sérstaklega þarf að huga að fjármagni fyrir fyrstu stig vaxtar og aðgengi að fjármagni sem tekur tillit til aðstæðna og miðar við að koma með úrlausnir fyrir svæðið.

Bæta þarf aðgengi og stækka markaði nýsköpunarfyrirtækja út fyrir landsteinana. Með stærri markaði fjölga möguleikum til fjármögnunar og afurðir eru seljanlegri. Alþjóðlegt tengslanet er grunnur í þessu samhengi.

Bæta þarf umgjörð stuðningsstofnana og einfalda leikreglur, t.d. í tengslum við stofnun og rekstur fyrirtækja, til að auka samkeppnishæfni nýsköpunar.

Styrkja þarf mannauð svo að nýsköpunarumhverfi blómstri. Virða þarf almenn lífsgæði, velferð og öryggi. Einnig þarf að stuðla að blómlegu menningarlífi og mannvænlegu samfélagi sem eftirsóknarvert er að vera hluti af og laðar til sín hæfileikaríkt starfsfólk hvaðanæva úr heiminum.

<sup>16</sup> Stjórnarráð Íslands 2019: Nýsköpunarlandið Ísland.



### 5.3 Grunnþjónusta og heilbrigði

Heilbrigðisþjónusta og önnur grunnþjónusta í landshlutanum verður öflug og framsækin. Stafrænum lausnum verður beitt til að leysa verkefni og líkamleg og andleg heilsa íbúa verður metnaðarmál á Austurlandi.



Viðfangsefni kaflans eru:  
U. Grunnþjónusta  
Ú. Heilsuefning

## U. Stefna um grunnþjónustu

### U.1 Bætt aðgengi að góðri grunnþjónustu.

- \* Stuðlað verði að því að grunnþjónusta sé veitt sem næst íbúum og að jafnaði ekki í meira en 60 mínútna akstursfjarlægð fyrir íbúa svæðisins. Fjarþjónusta verði í boði þar sem það næst ekki.
- \* Við staðsetningu þjónustu verði tekið tillit til byggðamynsturs og stærðar þjónustukjarna.
- \* Leitað verði leiða til að styðja við fjölkjarnasamfélög með viðeigandi dreifingu og samnýtingu þjónustu.

### U.2 Stafrænar og vistvænar lausnir einkenni opinbera þjónustu á Austurlandi.

- \* Hvatt verði til þess að sveitarfélög og stofnanir á Austurlandi tileinki sér stafrænar lausnir í opinberri þjónustu við íbúa. Fjármagn til þess verði tryggt og mannauður eflur.
- \* Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup.

### U.3 Heilbrigðisþjónusta í landshlutanum styrkist.

- \* Stuðlað verði að því að Heilbrigðisstofnun Austurlands geti sinnt lögbundinni þjónustu sem best, tekist á við óvænt áföll og unnið að forvörnum og eflingu geðheilsu jafnt sem líkamlegrar heilsu íbúa.
- \* Lögð verði áhersla á að festa í sessi og efla enn frekar samstarf og samráð á milli sveitarfélaga landshlutans og Heilbrigðisstofnunar Austurlands.
- \* Stuðlað verði að því að efla umdæmissjúkrahús Austurlands.
- \* Stuðlað verði að því að styrkja heilsugæslustöðvar sem lykilaðila í veitingu nærþjónustu, forvörnum og heilsueflingu.
- \* Stuðlað verði að uppbyggingu hjúkrunarheimila í samræmi við þarfir.

\* Stuðlað verði að bættum samgöngum og þróun snjallþjónustu til að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

\* Stuðlað verði að námsmöguleikum á sviðum heilbrigðis- og annarrar grunnþjónustu.


## Skýringar við stefnu um grunnþjónustu

Til grunnþjónustu telst almennt sú opinbera þjónusta sem ríki eða sveitarfélögum er skylt að veita, s.s. heilbrigðisþjónusta, menntun, löggæsla, þjónusta við aldraða, þjónusta við fatlað fólk og félagsþjónusta. Samgöngur og fjarskipti falla einnig þarna undir en um þá þætti er fjallað í kaflanum Góð heimkynni, en gott búsetuumhverfi hjálpar til við að laða að starfsfólk.

Framtíðarsýn Bygðaaáætlunar 2018–2024 er að í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu sem næst nærsamfélagi, óháð efnahag og búsetu.<sup>18</sup> Þessi sýn rímar vel við áherslur Austurlands í byggðamálum og vill landshlutinn jafnframt vera leiðandi á sviði stafræna lausna í opinberri þjónustu. Það á við um alla grunnþjónustu en sérstaklega þarf að horfa til heilbrigðisþjónustu svo takast megi að bæta allar hliðar lýðheilsu, bregðast við öldrun íbúa og tryggja megi sem best aðgengi að þjónustu óháð búsetu.

Heilbrigðisstofnun Austurlands rekur umdæmissjúkrahús í Neskaupstað, heilsugæslustöðvar í stærri þéttbýliskjörmunum og ýmsa stöðþjónustu og heilsugæslusel á minni stöðunum, auk hjúkrunarheimila. Yfir 400 manns starfa hjá stofnuninni<sup>19</sup> og er hún því afar mikilvæg fyrir atvinnulíf landshlutans, um leið og þjónustan er þýðingarmikill hluti af búsetugæðum hans. Heilsugæslustöðvar gegna lykilhlutverki sem nærþjónusta en í svo stórum landshluta, sem er langt frá höfuðborginni, er gott aðgengi að sérfræðiþjónustu einnig veigamikil. Með tíð og tíma mun fjarheilbrigðisþjónusta nýtast meira í þessu tilliti<sup>20</sup> en tryggja þarf fjármagn og mannaúð á hverjum tíma til að heilbrigðisstofnunin geti gegnt lögbundnu hlutverki sínu.<sup>21</sup>

Samstarf sveitarfélaga Austurlands við Heilbrigðisstofnunina er mikilvægt í ljósi þess hve lýðheilsa er flókið og margslungið fyrirbæri en einnig vegna þeirrar óhjákvæmilegu skörunar sem er í mörgum tilvikum á milli félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga og heima-hjúkrunar á vegum stofnunarinnar.



Heilbrigðisþjónusta og sjúkraflugvellir á Austurlandi.<sup>17</sup>



<sup>17</sup> Þjónustukort Byggðastofnunar.

<sup>18</sup> Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2018–2024.

<sup>19</sup> Heilbrigðisstofnun Austurlands.


<sup>20</sup> Byggðaaáætlun 2018–2024.

<sup>21</sup> Ályktanir haustþings SSA 2019.

## Ú. Stefna um heilsueflingu

### Ú.1 Líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan íbúa Austurlands eykst.

- \* Lögð verði áhersla á að skólar, vinnustaðir og stofnanir leggi sitt af mörkum til að auka hreyfingu og útivist, bæta mataræði og efla geðrækt íbúa svæðisins.
- \* Hvatt verði til þátttöku í heilsueflingarverkefnum á lands- og svæðisvísu.
- \* Hugað verði að lýðheilsu og mögulegum áhrifum á hana við alla stefnumótun og skipulagsgerð.



Heilsuhjólíð, meginstoðir heilsuhugtaksins samkvæmt hugmyndafræði Jákvaðrar heilsu.<sup>22</sup>

## Skýringar við stefnu um heilsuefningu

Þrjú af fjórum sveitarfélögum á Austurlandi eru þátttakendur í verkefni Landlæknis um Heilsueflandi samfélag<sup>23</sup> og í aðgerðaáætlun velferðarráðuneytis frá 2016 er markmið um að öll sveitarfélög verði heilsueflandi.<sup>24</sup> Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Heilbrigðisstofnun Austurlands, fyrst íslenskra stofnana og í samstarfi við sveitarfélög í landshlutanum, hefur hafið innleiðingu á verkefni sem ber heitið Jákvæð heilsa. Verkefnið byggir á hollenskri aðferðafræði og er í samvinnu við Institute for Positive Health. Inntak Jákvæðrar heilsu er að horfa meira á úr hverju vellíðan og heilbrigði spretta, fremur en að horfa á þær takmarkanir sem sjúkdómar og skerðingar setja fólki. Meginstoðir heilsuhugaksins samkvæmt nálguninni eru: Andleg heilsa, tilgangur í lífinu, dagleg virkni, félagsleg

þátttaka, lífsgæði og líkamleg geta. Út frá mati á þessum þáttum er einstaklingum vísað á viðeigandi úrræði, sem oft eru hvorki frekari læknismeðferð né lyfjagjöf.<sup>25</sup>

Bæði verkefnin, Heilsueflandi samfélag og Jákvæð heilsa, hafa því líkamlega, andlega og félagslega vellíðan íbúa að markmiði en margt getur hafa áhrif á heilsu, s.s. húsnæði, öryggi, hreyfing, næring, samvera, samskipti, hvíld og endurnæring. Þá geta möguleikar til þátttöku í samfélaginu og sterk samsömun íbúa við sinn stað, landslag, sögu, menningu og samskipti haft mikið að segja.<sup>26</sup> Stjórnvöld geta nýtt ýmsar leiðir til að hafa áhrif framangreinda þætti í gegnum stefnumótun, aðgerðir og ákvarðanatöku á öllum sviðum samfélagsins.<sup>27</sup>

Á sviði skipulagsmála er sérstök ástæða til að horfa til þess hvernig megi móta manngert umhverfi og bæta aðgengi að náttúrulegu umhverfi.<sup>28</sup> Í tillögu

Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu (2021) er því beint til sveitarfélaga að horfa til allra aldurs- og getuhópa og beita skipulagi sem styður við heilsuvæna ferðamáta, hreyfingu í daglegu lífi, útivist í nánd við náttúru, fjölbreytt húsnæði, heilnæmt og öruggt umhverfi og tækifæri til áhrifa á mótun nærumhverfis.<sup>29</sup> Slíkar skipulagsáherslur geta stutt við lýðheilsustarf skóla og vinnustaða.<sup>30</sup>

Nálgun verkefnanna tveggja um heilsuefningu og jákvæða heilsu, er brýn í nútímasamfélagi, m.a. þar sem þeir aðilar sem ábyrgir eru fyrir og veita heilbrigðis-, félags- og skólaþjónustu og fara með skipulagsmál geta með útfærslu sinni á viðkomandi sviði ýmist viðhaldið, minnkað eða aukið á þröskulda og hindranir fyrir fólk.

<sup>22</sup> Institute for Positive Health, [www.iph.nl](http://www.iph.nl)

<sup>23</sup> Embætti landlæknis: Heilsueflandi samfélag.

<sup>24</sup> Lýðheilsustefna og aðgerðaáætlun um heilsueflandi samfélag.

<sup>25</sup> HSA. Jákvæð heilsa og heilsuhjólíð. Umsögn HSA um kynningartillögu svæðisskipulags.

<sup>26</sup> Heilsueflandi Austurland.

<sup>27</sup> Lýðheilsa og skipulag.

<sup>28</sup> Tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu.

<sup>29</sup> Heilsueflandi, vettvangur fyrir lýðheilsustarf í sveitarfélögum, skólum og vinnustöðum.

# 6.0

## AUSTURLAND - ÆVINTÝRI LÍKAST

### 6.1 Leiðangrar og upplifun

V. Ferðaaudlindir

X. Ferðaleiðir

Y. Áfangastaðir

### 6.2 Listir og menning

Ý. Menningarlíf


Þ. Miðbæjarlíf

### 6.3 Útivist og íþróttalíf

Æ. Almenn útivistarsvæði

Ö. Útivistar- og íþróttasvæði til sérnóta





## Meginmarkmið 4: Austurland - ævintýri líkast

**Austurland verður áfram sem ævintýri líkast. Blómlegt menningarlíf og góðar aðstæður fyrir fjölbreyttar íþróttir og margskonar útivist gerir landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa í og heimsækja.**

Þessum árangri ætla sveitarfélögin á Austurlandi að ná með því að vinna að sameiginlegum markmiðum sem falla undir:

- 3.1 Leiðangra og upplifun
- 3.2 Listir og menningu
- 3.3 Útivist og íþróttalíf

Viðfangsefni markmiðanna snúa að því að Austurland sé:

- \* Samfélag þar sem gestir eru velkomnir og geta skyggst inn í og verið þátttakendur í daglegu lífi íbúa.
- \* Samfélag sem býður upp á framúrskarandi aðstæður og fyrirmyndaraðstöðu til að iðka fjölbreytt lista- og menningarlíf.
- \* Svæði þar sem eru framúrskarandi aðstæður til að njóta margs konar útivistar og fyrirmyndaraðstaða fyrir alls konar íþróttir.



## 6.1 Leiðangrar og upplifun

Vandað verður til verka í hönnun og uppbyggingu stærri og smærri áfangastaða um allt Austurland. Innviðir sem þjóna ferðamennsku verða styrktir og þróað verður net leiða fyrir fjölbreytta ferðamáta.



Viðfangsefni kaflans eru:  
V. Ferðaauðlindir  
X. Ferðaleiðir  
Y. Áfangastaðir

## V. Stefna um ferðaauðlindir

**V.1 Fjölbreytt landslag Austurlands nýtist sem best til eflingar búsetugæða og ferðapjónustu, um leið og staðið er vörð um sérkenni þess.**

- \* Stuðlað verði að því að uppbygging í afþreyingu og ferðapjónustu dreifist sem mest um landshlutann til að koma í veg fyrir ofálag á tiltekna staði og stuðla að því að allt svæðið njóti aukinnar þjónustu.

**V.2 Samgöngu-, veitu- og fjar-skiptakerfi nýtist sem best og styrkist í samhengi við ferðamennsku jafnt sem búsetu.**

- \* Stuðlað verði að því að uppbygging í ferðapjónustu nýti og styrki samgöngukerfi og aðra innviði um allan landshlutann til að allt svæðið njóti góðs af, um leið og komið verði í veg fyrir ofálag á einstaka kjarna eða staði.

**V.3 Vörur, þjónusta og menningalíf landshlutans nýtist og styrkist jafnt fyrir íbúa í landshlutanum sem og ferðafólk.**

- \* Stuðlað verði að því að ferðapjónustuaðilar nýti sem mest þá þjónustu og vörur sem fyrir eru á svæðinu um leið og stuðlað er að því að nýjar vörur skapist.




## Skýringar við stefnu um ferðaauðlindir

Líta má á landslag og einstaka staði Austurlands sem auðlind sem íbúar og gestir nýta og njóta. Þessi auðlind er mikilvæg fyrir lífsgæði heimamanna um leið og hún er undirstaða ferðaþjónustu. Brýnt er því að standa vörð um auðlindina, jafnframt því að greina þau tækifæri sem í henni liggja til frekari þróunar búsetugæða og atvinnulífs.

Innviðir á Austurlandi, s.s. flugvellar, hafnir og vegir, gefa kost á frekari nýtingu og uppbyggingu í afþreyingu og ferðaþjónustu. Viðhald þeirra og styrking þarf þó að haldast í hendur við fjölgun ferðafólks með tilheyrandi álagi á einstaka staði.

Gestir upplifa landshlutann m.a. í gegnum austfirskar vörur, þjónustu og menningarlíf. Því jákvæðari sem upplifunin er, því meira aðdráttarafl hefur Austurland fyrir heimamenn og gesti. Aukin gæði vöru og þjónustu, s.s. matvöru, veitinga og gistiþjónustu, er þannig báðum hópum í hag.



<sup>1</sup> Vefsíða svæðisskipulags Austurlands.

Dæmi um ferðaleiðir fyrir akandi.<sup>1</sup>

## X. Stefna um ferðaleiðir

### X.1 Net ferðaleiða fyrir fjölbreytta ferðamáta, með söguþráðum og áfangastöðum, þróist um allan landshlutann.

- \* Áfram verði unnið að þróun lengri og styttri ökuleiða, gönguleiða, reiðleiða og hjólaleiða sem m.a. byggja á gömlum þjóðleiðum og bjóða upp á að njóta fjölbreytni í landslagi, náttúru og menningu Austurlands og fara sem víðast um landshlutann.
- \* Göngu-, reið- og hjólaleiðir verði kortlagðar og flokkaðar eftir lengd og færð/erfiðleikastigi.
- \* Göngu-, reið- og hjólaleiðir sem tengja sveitarfélög saman verði festar í aðalskipulagi.
- \* Þróaðar verði leiðir sem henta sérstaklega fyrir ferðafolk með ólíka hreyfigetu, þroska og færni.
- \* Hönnun hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum verði í samráði við Vega-gerðina og tryggt verði að stígarnir uppfylli kröfur og umferðaröryggismat stofnunarinnar, þannig að


þeir verði styrkhæfir á grundvelli samgönguáætlunar.

- \* Unnið verði að þróun ferðaleiða meðfram strönd, m.a. með skilgreiningu staða þar sem heimilt er að leggjast að, þ.m.t. bátar sem flytja farþega úr skemmtiferðaskipum í land.
- \* Þróaðir verði möguleikar til að fara um vötn og ár.
- \* Ferðaleiðirnar verði settar fram á ferðavef Austurlands þar sem nálgast má upplýsingar um umsjónaraðila (eftir því sem við á), lengd, færð, erfiðleikastig og áfanga- og áningarstaði, þ.m.t. gisti- og þjónustustaði, áningarhólf fyrir hesta og lendingarstaði við strendur, eftir því sem við á.
- \* Sett verði fram kynningarefni um leiðir og þær markaðssettar með markvissum hætti, jafnt gagnvart íbúum sem gestum.
- \* Unnið verði að vöruþróun í tengslum við ferðaleiðir, s.s. matvöru, handverk, veitingaþjónustu, gistingu og afþreyingarmöguleika.

### X.2 Aðgengi og öryggi ferðaleiða styrkist og umsjón um þær skýrist.

- \* Stuðlað verði að því að bílastæði verði í boði á ökuleiðum og við upphaf og enda tiltekinna göngu- og hjólaleiða, þannig að auðvelt sé að blanda ferðamátum.
- \* Leitast verði við að lágmarka árekstra á milli ferðamáta á vinsælum leiðum, t.d. með viðeigandi merkingum og reglum um hvar ólíkir ferðamátar eru heimilir og hvar ekki.
- \* Skilgreindar verði tilteknar vetrarferðaleiðir þar sem snjómokstur og önnur vetrarþjónusta er tryggð. Það getur átt við göngu- og hjólastíga í þéttbýli og í grennd þess, jafnt sem tiltekna vegi.
- \* Fylgst verði með álagi á einstakar leiðir og brugðist verði við með viðeigandi hætti þegar þess er talin þörf.

- \* Skilgreindir verði umsjónaraðilar ferðaleiða eftir því sem við getur átt. Lögð verði áhersla á að leiðsögmenn í skipulögðum hópferðum hafi góða staðarþekkingu.



Dæmi um lengri gönguleiðir.<sup>2</sup>

## Skýringar við stefnu um ferðaleiðir

Skilgreining tiltekinna lengri ferðaleiða er vel þekkt aðferð við byggðapróun. Tilgangurinn er að samhæfa uppbyggingu í ferðþjónustu á tilteknu svæði þannig að ímynd þess styrkist og aðdráttarafl aukist, sem aftur getur leidd að fleiri gesti og ný fyrirtæki og jafnvel nýja íbúa. Ferðaleiðirnar geta verið öku-, göngu-, reið- eða hjólaeiðir og jafnvel strand- og vatnaleiðir. Mörg þekkt erlend dæmi eru um þróun og markaðssetningu slíkra ferðaleiða og má nefna ökuleiðina um vesturströnd Írlands og þjóðstígakerfi Englands og Skotlands.<sup>3</sup>

Á Íslandi eiga nokkrar ökuleiðir sér styttri og lengri sögu sem markaðsettar ferðaleiðir, s.s. Gullni hringurinn, Demantshringurinn, Norðurstrandarleið og Vestfjarðaleið. Fleiri eru í þróun, t.d. á Snæfellsnesi.<sup>4</sup> Á Austurlandi hefur samsvarandi þróun verið í gangi og kynntar hafa verið nokkrar ferðaleiðir fyrir akandi ferðalanga. Þær dreifast um allan landshlutann og hver leið hefur fengið sitt nafn: Austurströndin, Flakkað um firði, Um öræfi og dali, Við ysta haf og Fljótsdalshringurinn.<sup>5</sup>

Lýsingar á fjölmörgum gönguleiðum á Austurlandi hafa verið settar fram á ferðavef Austurlands.<sup>6</sup> Nokkrar lengri leiðir eru vel þekktar, s.s. Víknaslóðir, Gerpissvæðið, heiðarbylin á Jökuldalsheiði og leiðin á milli Fljótsdals og Stafafells í Lóni sem kölluð hefur verið Austurstræti.<sup>7</sup> Sóknarfæri liggja í frekari ferðþjónustu í tengslum við leiðirnar og viðburðahald, t.d. Dyrfallahlaup á Borgarfirði eystra.

Austurland býður upp á áhugaverða valkosti fyrir fjallahjólatúra og þá sem vilja ferðast á reiðhjólum. Líkt og annars staðar á landinu njóta hjólreiðar vaxandi vinsælda í landshlutanum og tækifærin mörg. Vísí að uppbyggingu slíkrar ferðþjónustu má finna m.a. í gerð hjólaeiða í Rana-skógi í Fljótsdal og á Borgarfirði eystra þar sem gamlir vegslóðar eru nýttir.

<sup>2</sup> Ferðakort fyrir Fjarðabyggð, Djúpavog, Víknaslóðir og heiðarbylin á Jökuldalsheiði, Íslenskir þjóðstígar og póstleið og alfaraleiðir frá Höfn til Borgarfjarðar eystra.


<sup>3</sup> The Wild Atlantic Way, National Trails.

<sup>4</sup> Svæðisskipulag Snæfellsness.

<sup>5</sup> Visit Austurland.

<sup>6</sup> Visit Austurland.

<sup>7</sup> Íslenskir þjóðstígar.



Tjaldsvæði á Austurlandi.<sup>9</sup>

## Y. Stefna um áfangastaði

### Y.1 Flokkunarkerfi áfangastaða þróist sem skipulagsverkfæri.

- \* Áfangastaðir á helstu ferðaleiðum verði flokkaðir eftir gerð, aðgengi og núverandi eða mögulegu hlutverki í ferðaleiðakerfinu, álagi/þolmörkum og umsjón. Þörf fyrir innviði á þeim verði greind, s.s. hvort tiltekinnar aðstöðu er þörf (útsýnispalls, salernis, stígagerðar) eða hvort setja þarf upp skilti eða aðrar merkingar. Framkvæmda-áætlun byggji á greiningunni.

- \* Framangreind flokkun og greining verði jafnframt nýtt til að skilgreina nokkra lykiláfangastaði um allan landshlutann þar sem stefnt verði að uppbyggingu innviða sem geta í senn verið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og til verndar náttúru og/eða menningarsögulegum minjum.<sup>8</sup>

### Y.2 Hönnun áfangastaða sé vönduð og framkvæmdir á þeim vel undirbúnar.

- \* Vandað verði til allra skrefa í skipulags-, hönnunar- og framkvæmdaferli áfangastaða.

- \* Unninn verði gátlisti fyrir aðalskipulag og deiliskipulag áfangastaða til að tryggja að áherslur svæðisskipulags og áfangastaða-áætlunar nái fram að ganga.

- \* Hvatt verði til að gera rammahluta aðalskipulags fyrir þau svæði sveitarfélaga þar sem samræma þarf uppbyggingu nokkurra áfangastaða og/eða samræma hagsmuni ferðapjónustu við aðra landnotkun.

### Y.3 Góð tjaldsvæði séu í boði um allan landshlutann.

- \* Tryggð verði vel útbúin tjaldsvæði á þéttbýlisstöðum og nokkrum völdum stöðum í dreifbýli. Góður útbúnaður nái a.m.k. til hreinlætis- og eldunaraðstöðu, rafmagns og í einhverjum tilvikum afþreyingaraðstöðu, t.d. leiktækja.

<sup>8</sup> Sbr. lög og landsáætlun um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

<sup>9</sup> Þjónustukort Bygðastofnunar.



## Skýringar við stefnu um áfangastaði

Ferðamálastofa lét á árunum 2014-2015 kortleggja mögulega viðkomustaði ferðafólks á Íslandi í samstarfi við heimafólk og greina þannig hvar auðlindir ferðaþjónustunnar og tækifæri liggja til framtíðar.<sup>10</sup> Þessi gögn voru nýtt við mótun Áfangastaðaáætlunar Austurlands 2018-2021. Nokkrir áfangastaðir í landshlutanum eru nú þegar á framkvæmdaáætlun eða í vinnslu. Vinsælir staðir hafa verið kortlagðir í samvinnu við sveitarfélögin, svo og mögulegir aðrir staðir sem koma til síðari skoðunar.<sup>11</sup>

Við frekari stefnumótun um áfangastaði er mikilvægt að skilgreina mismunandi eðli eða tegund ferðamannastaða, t.d. með tilliti til þess fjölda sem hægt er að taka á mót og hverja þarf að vernda gagnvart mikilli umferð. Einnig er gagnlegt að greina hvaða staðir höfða til ákveðinnar tegundar ferðamennsku. Aðalskipulag gæti þarna gegnt mikilvægu hlutverki.<sup>12</sup>


Við frekari stefnumótun áfangastaða á hálendinu þarf að gæta samræmis við landsskipulagsstefnu og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Gildandi landsskipulagsstefna mælir fyrir um að uppbygging ferðamanna- aðstöðu á miðhálandinu verði takmörkuð og að megináhersla verði lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi þess. Gengið verði út frá flokkun þjónustustaða í jaðarmiðstöðvar, hálendismiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel. Sú flokkun byggir á fyrra svæðisskipulagi miðhálandisins sem fallið er úr gildi en sveitarfélög á Austurlandi hafa þegar innleitt í sitt aðalskipulag.

<sup>10</sup> Vefur og kortasjá Ferðamálastofu.

<sup>11</sup> Áfangastaðurinn Austurland 2021: Áherslur Austurlands.

<sup>12</sup> Landsáætlun um innviði.

<sup>13</sup> Áfangastaðurinn Austurland 2021: Áherslur Austurlands.



Vinsælir áfangastaðir á Austurlandi.<sup>13</sup>

## 6.2 Listir og menning

Hlúð verður að staðaranda og gróskumiklu menningarlífi og það nýtt til atvinnusköpunar. Rík áhersla verður lögð á aðlaðandi og lifandi umhverfi í bæjum sem bera blómstrandi menningunni vitni, menningarstofnanir og menningarhátíðir verða eflðar.



Viðfangsefni kaflans eru:  
Ý. Menningarlíf  
Þ. Miðbæjarlíf

## Ý. Stefna um menningarlíf

### Ý.1 Gróskumikið og fjölbreytt menningarlíf vaxi og dafni.

- \* Lögð verði áhersla á að skapa möguleika fyrir íbúa og gesti til að njóta og taka þátt í hvers konar menningarstarfsemi. Sérstaklega verði ungt fólk og íbúar af erlendum uppruna hvattir til þátttöku og að miðla sinni menningu.
- \* Lögð verði áhersla á listkennslu, menningarlæsi og safnafræðslu á öllum skólastigum og að bjóða upp á list- og handverksnámskeið fyrir almenning.
- \* Vel verði hlúð að listamönnum búsettum á Austurlandi og þeir studdir og hvattir til að miðla af reynslu sinni og þekkingu.
- \* Lögð verði áhersla á að greiða götu listamanna og annarra sem sækjast eftir því að starfa í heimabyggð.
- \* Lögð verði áhersla á að viðhalda og styrkja öflugt tengslanet listafólks í og úr landshlutanum og tengsl þess við atvinnulíf.

### Ý.2 Menningarstofnanir eflist.

- \* Leitað verði leiða til að efla hlutverk menningarmiðstöðvanna þriggja sem eru skilgreindar í samningi um sóknaráætlun en þær eru Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, Menningarstofa Fjarðabyggðar og Menningarmiðstöð Fljótsdals-héraðs.
- \* Stuðlað verði að eflingu annarra menningarstofnana, t.d. með aukinni samvinnu þeirra innan landshlutans, við aðrar miðstöðvar innanlands og erlendis og með sameiginlegri öflun fjármagns frá ríki, sveitarfélögum, sjóðum og fyrirtækjum.
- \* Viðurkennd söfn á Austurlandi verði eflð þannig að þau geti staðið vörð um menningararf svæðisins og sinnt af metnaði öllum grunnþáttum safnastarfs, þ.e. söfnun, varðveislu, skráningu, rannsóknnum og miðlun.
- \* Stuðlað verði að samvinnu á milli menningarstofnana og félagsamtaka í landshlutanum til eflingar tengsla við íbúa.

### Ý.3 Menningararfur nýtist sem auðlind til atvinnusköpunar.

- \* Unnið verði að því að gera gögn um menningararf Austurlands sem aðgengilegust til fræðslu, rannsóknna og sem uppsprettu nýrra hugmynda í hvers konar skapandi greinum og ferðaþjónustu.
- \* Stuðlað verði að menningarverkefnum sem draga fram eða efla áhugaverða þætti í menningararfleifð, t.d. handverk og vinnulag.
- \* Stuðlað verði að rannsóknum á menningu og menningararfi Austurlands (sjá kafla G.2).
- \* Stuðlað verði að menningartengdri ferðaþjónustu (sjá kafla 4.4).

### Ý.4 Framboð á húsnæði og útirýmum til listsköpunar aukist.


- \* Tekið verði saman yfirlit yfir rými og aðstöðu sem gæti nýst til hvers konar listsköpunar, með það að markmiði að miðla þeim upplýsingum til listamanna.
- \* Lögð verði áhersla á það að skapa listnemum og ungu listafólki aðstöðu og möguleika til að starfa í heimabyggð á námstíma og eftir nám.
- \* Stuðlað verði að því að gestavinnustofur verði í boði fyrir fræði- og listamenn.

### Ý.5 Menningarhátíðir og menningarviðburðir landshlutans eflist.

- \* Unnið verði áfram að þróun hátíða og viðburða fyrir börn og fullorðna á sviði menningar og lista.
- \* Lögð verði áhersla á að hátíðir og viðburðir fari fram sem víðast um landshlutann og að með þeim verði m.a. hlúð að menningu, sögu og sérstöðu hvers samfélagskjarna.
- \* Auðvelt verði fyrir bæði heimamenn og ferðamenn að kynna sér hvaða menningar- og listviðburðir eru í boði á hverjum tíma.
- \* Hugað verði að aðgengi íbúa að menningarviðburðum við útfærslu almenningsgangna.

### Ý.6 Útilistaverkum fjölgi.

- \* Hugað verði að möguleikum til að koma fyrir listaverkum í almenningsrýmum, s.s. í miðbæjum og almenningsgördum eða á vel völdum stöðum í dreifbýli.
- \* Haldin verði samkeppni um listaverk í völdum almenningsrýmum.



Söfn, sýningar, menningarhús og félagsheimili árið 2022.<sup>14</sup>

## Skýringar við stefnu um menningarlíf

Austurland er þekkt fyrir blómlegt menningarlíf enda hefur verið lögð mikil áhersla á mikilvægi menningar fyrir búsetugæði og aðdráttarafi landslutans. Öflugt menningarlíf opnar möguleika fyrir einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu, vinnur gegn félagslegri einangrun og örvar atvinnuþróun, þ.á.m. ferðaþjónustu.<sup>15</sup>

Í skólaskrifum hefur verið lögð sérstök áhersla á þátttöku barna og unglinga í listsköpun, sem aftur getur eflt viðsýni og félagsfærni. Í boði er listmenntun og sköpun á framhaldsskólastigi og lögð er áhersla á list og menningu sem mikilvægan vettvang til að ná til og koma til móts við íbúa af ólíkum uppruna.<sup>16</sup>

Þrjár menningarmiðstöðvar eru í landshlutanum sem eru skilgreindar í samningi um sóknaráætlun; Skafffell á Seyðisfirði, Menningarstofa Fjarðabyggðar og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs. Tónlistarmiðstöð Austurlands er starfrækt undir hatti Menningarstofu Fjarðabyggðar. Gunnarsstofnun að Skriðuklaustri í Fljótsdal er mikilvægt menningar- og fræðasetur með lifandi menningarstarfsemi árið um kring. Í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði fá listir og

skapandi greinar að njóta sín í gömlu frystihúsi. Á Austurlandi er fjölbreytt safnaflóra. Þar má finna margvíslegar sýningar, setur, safnvísa og síðast en ekki síst fjögur söfn sem uppfyllt hafa ströng skilyrði Safnaráðs og starfa sem viðurkennd söfn samkvæmt safnalögum.

Allar þessar stofnanir, með viðurkenndu söfnin í broddi fylkingar, gegna mikilvægu hlutverki í austfirsku menningarlífi og þar með samfélagi. Söfnin varðveita menningararf svæðisins og er mikilvægt að húsnaði uppfylli kröfur til varðveislu minja. Söfnin rannsaka einnig menningararfinn og miðla niðurstöðunum til almennings með fjölbreyttum hætti. Söfnin eru fræðslustofnanir sem taka á móti skólahópum á öllum skólastigum og stuðla þannig að fjölbreytileika í kennslu og menntun barna og ungmenna. Söfnin eru samkomustaðir þar sem fólk kemur saman til að njóta, fræðast og sækja fjölbreytta viðburði. Þau eru einnig mikilvægir viðkomustaðir ferðafólks þar sem gestir fá innsýn inn í líf og sögu fólksins á svæðinu.<sup>17</sup>

Sveitarfélögin á Austurlandi hafa lagt áherslu á að fjölga menningartengdum

verkefnum og störfum, nýta betur þá aðstöðu sem fyrir er og bæta miðlun upplýsinga um menningarstarf og menningararf Austurlands.<sup>18</sup> Dregið hefur verið fram að samræma mætti kynningarefni og merkingar fyrir listaverk, byggingar, bókmenntir og sögu svæðisins. Þá þurfi að tryggja að nægt rými sé til fyrir uppbyggingu menningarstofnana.<sup>19</sup>

Sveitarfélögin hafa á undanförunum árum jafnframt lagt áherslu á að ríkisvaldið veiti auknu fjármagni til menningarmála á landsbyggðinni og bent á að jafnt aðgengi að listum og menningu sé ein af meginforsendum jákvæðrar íbúaþróunar.<sup>20</sup>

Til þess að undirstrika mikilvægi menningar og lista á svæðinu er mikilvægt að hið byggða umhverfi beri þess merki með varðveislu á sögulegri byggð og vönduðum arkitektúr. Auk þess geta útilistaverk glætt almenningsrými lífi, ekki síst ef um er að ræða gagnvirk listaverk sem ungir sem aldnir geta leikið sér að. Slíkt umhverfi ýtir undir mannlíf og staðaranda.<sup>21</sup>

Í menningarstefnu ríkisins og aðgerðaáætlun hennar eru skilgreind verkefni sem fylgja þarf eftir og hægt er að tengja svæðisbundin verkefni við. Það mætti gera með mótun menningarstefnu fyrir landshlutann í heild eða við endurskoðun menningarstefnu einstakra sveitarfélaga, í ríku samráði við íbúa og aðila í menningarlífinu.<sup>22</sup>

<sup>14</sup> Þjónustukort Byggingastofnunar og vefurinn east.is

<sup>15</sup> Menningarstefna í þágu samfélagsins, Menningarstefna Fjarðabyggðar 2019-2021, Menningarstefna Fljótsdalshéraðs.

<sup>16</sup> Menningarstefna í þágu samfélagsins, Menningarstefna Fjarðabyggðar 2019-2021, Menningarstefna Fljótsdalshéraðs.

<sup>17</sup> Umsögn Félags íslenskra safna og safnmanna um kynningartillögu að svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044.

<sup>18</sup> Menningarstefna í þágu samfélagsins.

<sup>19</sup> Menningarstefna Fljótsdalshéraðs.

<sup>20</sup> Ályktanir haustþings SSA 2019.

<sup>21</sup> Menningarstefna Fljótsdalshéraðs.

<sup>22</sup> Menningarstefna Íslands 2013. Menningarsókn. Aðgerðaáætlun til 2030.

## B. Stefna um miðbæjarlíf

### B.1 Aðalgötur og miðbæir Austurlands eflist sem þjónustu- og menningarmiðstöðvar með aðlaðandi, heilsueflandi og lifandi miðbæjarumhverfi.

- \* Lögð verði áhersla á skýra afmörkun miðbæja með umhverfismótun, uppbyggingu á auðum lóðum, samræmdri gatnahönnun og aðlaðandi almenningsrýmum.
- \* Hugað verði að góðri tengingu milli aðalgötu og hafnarsvæðis, þar sem það á við, tveggja aðalmiðstöðva menningar- og atvinnulífs bæjanna.
- \* Hönnun almenningsrýma, s.s. aðalgatna og torga, ætti að taka mið af mismunandi ferðamátum, aðgengi fyrir alla og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem skapa mannlífið.
- \* Uppbygging miðbæjanna taki mið af hæð og stærð þeirra bygginga sem fyrir eru.

\* Tryggt verði nægt framboð á hentugu verslunar- og þjónusturými við aðalgötu eða miðkjarna með lifandi starfsemi, búðarglugga og innganga á jarðhæðum.

\* Verslunarstarfsemi verði beint í miðbæ, fremur en í nýja verslunar-kjarna fjarri miðbæ.

\* Unnið verði að því að auka gróður, setja götugögn og list í miðbæjar-rými.

\* Fordast ætti uppbyggingu á verslun og þjónustu í útjaðri með pláss-frekum bílastæðaplönnum.

### B.2 Unnið verði að því að styrkja staðaranda og sérhæfingu hvers miðbæjar/aðalgötu.

\* Unnið verði að uppbyggingu öflugra og lifandi miðbæja í stærstu þéttbýliskjörnunum þar sem hringvegurinn liggur í gegn en þar eru jafnframt stærstu bæirnir á svæðinu. Þeir þurfa að geta tekið á móti fjölda gesta og boðið upp á nauðsynlega verslun og þjónustu.

\* Dregin verði fram sérkenni hvers byggðarkjarna og unnið með ákveðin þemu í hönnun á almenningsrýmum, merkingum og markaðssetningu á miðbæjum, með sögulega eða menningarlega skírskotun.

\* Sögulegum byggingum og mannvirkjum verði vel viðhaldið og skoðað hvort tilefni sé til að skilgreina verndarsvæði í byggð.

## Skýringar við stefnu um miðbæjarlíf

Vönduð landslags- og bæjarhönnun getur stutt við hlutverk miðbæja sem verslunar- og þjónustumiðstöðva, menningarmiðstöðva og viðkomustaða ferðafólks.


Miðbæir Austurlands liggja ýmist meðfram aðalgötum eða á þar til gerðu svæði í grennd þeirra. Um aðalgöturnar fara flestir íbúar daglega og gjarnan akandi, en með meiri gróðri í göturýminu, listaverkum, litlum torgum, gördum og öðrum áningarstöðum má styðja við virka ferðamáta og auka líkur á því að gestir og gangandi staldri við og styðji þannig við verslun og mannlíf á staðnum.<sup>23</sup>

Hver og einn austfirsku bæjanna hefur sína sögu og menningu sem hægt er að nýta við þróun miðbæjanna. Tækifæri er til að varðveita gamlar byggingar og önnur mannvirki með sögulega skírskotun sem vekja forvitni og skapa fjölbreytni í byggðinni. Skörð í húsaröðum miðbæjanna er hægt að nýta fyrir nýtt verslunar- og þjónustuhúsnæði í stað þess að beina því í jaðar bæjanna eða þar til gerða nýja verslunar-kjarna.

<sup>23</sup> Lýðheilsa og skipulag.

## 6.3 Útivist og íþróttalíf

Á Austurlandi verður aðstaða til heilsuræktar utandyra sem innandyra fjölbreytt og gott aðgengi tryggt að svæðum sem veita möguleika á útivist í nálægð við náttúruna. Valkostir til íþróttaiðkunar verða margir og fjölbreyttir. Íþróttamót styrkjast og hreystiverkefnum fylgar.



Viðfangsefni kafans eru:

Æ. Almenn útivistarsvæði

Ö. Útivistar- og íþróttasvæði til sérnota

## Æ. Stefna um almenn útivistarsvæði

### Æ.1 Aðstaða til heilsuræktar utandyra sé fjölbreytt í þéttbýli og grennd þess.

- \* Unnið verði að því að skipuleggja og byggja upp fjölbreytt, gróðursæl og vel útbúin útivistarsvæði af mismunandi stærð og gerð sem tengjast með göngu- og hjólastígum og gefa kost á hreyfingu, leik, samskiptum og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.

### Æ.2 Gott aðgengi að svæðum í dreifbýli veiti möguleika á útivist í nánd við náttúru.

- \* Unnið verði að því að bæta aðgengi að svæðum sem henta til almennrar útivistar, s.s. með gerð bílastæða, stíga og áningarstaða í skógum og með skipulagi leiða og áfangastaða.

### Æ.3 Möguleikum til að stunda strand- og vatnasport fjölgi.

- \* Unnið verði að því að bæta aðstöðu fyrir siglingar, sjóstanga veiði, kajak og annað sjósport.
- \* Kannaðir verði þeir vörubrúnaarmöguleikar sem felast í strandlengjunni.
- \* Stuðlað verði að uppbyggingu aðstöðu til sjósunds.

### Æ.4 Möguleikar til að stunda frístundaveiðar á landi og sjó viðhaldist og styrkist.

- \* Austurland verði áfram markaðssett sem paradís veiðimannsins, þar sem aðstæður, hvort sem er fyrir skotveiði eða stangveiði, eru til fyrirmyndar.
- \* Hreindýr og hreindýraveiði verði áfram stór hluti af ímynd svæðisins út á við.
- \* Vakin verði athygli á tækifærum til sjóstanga veiði á fjörðunum.





## Skýringar við stefnu um almenn útivistarsvæði

Ótal tækifæri eru á Austurlandi til að stunda útivist í náttúrulegu umhverfi en hún hefur sérstaklega nærandi áhrif á fólk. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi fyrir alla að slíkum svæðum, t.d. með gerð bílastæða, stígagerð og kortlagningu á mislöngum og erfiðum göngu-, hlaupa- og hjólaleiðum.<sup>24</sup>

Á Austurlandi eru auk þess spennandi tækifæri fyrir ýmis konar veiðisport, sem kallar á mikla útiveru í náttúrunni. Austurland er eina svæðið á landinu þar sem hægt er að veiða hreindýr en veiðitímabilið er í ágúst og byrjun september. Einnig er hægt að veiða gæsir, rjúpur og svartfugl, svo eitthvað sé nefnt. Í landshlutanum eru vinsælar veiðiár þar sem byggð hefur verið upp góð aðstaða auk fjölda silungsveiðiáa.

Þéttbýlisstaðir á Austfjörðum byggðust flestir upp í kringum sjósókn og í flestum þeirra er fyrir hendi góð hafnar- aðstaða sem býður upp á möguleika fyrir hvers konar sjósport, s.s. siglingar og sjóstangaveiði. Í djúpum og oft skjólsælum fjörðum Austurlands ættu einnig að vera kjöraðstæður fyrir kajakróður, róðrabretti og sjósund. Þessar íþróttir geta dregið til sín breiðan hóp iðkenda og kalla ekki endilega á mikla eða dýra aðstöðu.

Í gegnum árin hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að þróa kajaksiglingar og annað bátasport meðfram ströndinni en þótt slík ferðapjónusta hafi ekki fest rætur nýtur slík afþreying vinsælda hjá almenningi og á nokkrum stöðum er rík hefð fyrir klúbbastarfi, t.d. í tengslum við kajakmennsku þar sem byggð hefur verið upp aðstaða til að geyma búnað og jafnvel fá lánaðan.

Fjölsóttir íþróttaviðburðir sem draga að fólk alls staðar af landinu eru haldnir á Austurlandi ár hvert. Sem dæmi eru Urriðavantssundið sem haldið er í tengslum við Landvætti Ferðafélags Íslands, Dyrfjallahlaupið á Borgarfirði eystra og gönguvikan Á fætur Fjarðabyggð sem haldin eru í júní og júlí ár hvert. Auk þess má nefna Vetrarhlaupasyrpu UMF Þristar á Egilsstöðum. Í mars er haldin fjalla- skíðahátíðin Austurland Freeride Festival í Fjarðabyggð og á vorin eru í boði ýmis konar göngu- og fjalla- skíðanámskeið og -ferðir í lands- hlutanum. Frekari þróun í þessa átt er líkleg miðað við aukinn áhuga almennings á hreystiverkefnum hvers konar og miðað við þá fjölbreytni sem landslag Austurlands býður upp á.

Auk þess að nýta til útivistar þá umgjörð sem stórbrotin náttúra Austurlands hefur upp á að bjóða, er mikilvægt að innan þéttbýlis séu fjölbreytt og vönduð útivistarsvæði, sem hvetja til hreyfingar og samskipta, fyrir ólíka aldurshópa.<sup>25</sup> Til að mynda mætti koma fyrir úti- æfingasvæðum við gönguleiðir.

Vönduð og áhugaverð leiksvæði innan byggðar draga að unga jafnt sem aldna og hvetja fjölskyldur til útiveru. Þau geta orðið vettvangur fyrir samveru og samskipti foreldra og barna. Mikilvægt er að gott aðgengi sé að slíkum leiksvæðum í íbúabyggð.<sup>26</sup>

<sup>24</sup> Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu.

<sup>25</sup> Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu.

<sup>26</sup> Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs.


## Ö. Stefna um útivistar- og íþróttasvæði til sérnota

### Ö.1 Aðstaða fyrir almennt íþróttastarf og keppnisíþróttir sé fjölbreytt og til fyrirmyndar.

- \* Lögð verði áhersla á að unnt sé að stunda allar helstu íþróttagreinir og taka þátt í keppnum.
- \* Stutt verði við þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi og almenningssamgöngur að íþróttadstöðu tryggðar.
- \* Unnið verði út frá því að kostnaðarsöm uppbygging sértækrar keppnis- og æfingaaðstöðu geti nýst íbúum alls svæðisins.
- \* Lögð verði áhersla á fagmennsku í þjálfun og umsjón með íþróttastarfi. Stutt verði við starfsemi íþróttafélaga.

### Ö.2 Sérstaklega verði hugað að uppbyggingu svæða þar sem íbúar og gestir geta lagt stund á vetrariþróttir.

- \* Áfram verði unnið að uppbyggingu góðrar aðstöðu til skíðaiðkunar og aðgengi tryggt fyrir bæði íbúa og ferðafólk.
  - \* Unnið verði að því að bæta möguleika til að iðka skíðagöngu í og við þéttbýli.
  - \* Kannaðir verði möguleikar á að byggja upp fjallaskíðamennsku.
  - \* Kortlagðir verð möguleikar sem felast í svæðum sem best henta til vélsleðaferða, bæði fyrir íbúa og ferðafólk.
- ### Ö.3 Íþróttamót styrkist og hreystiverkefnum ýmis konar fjölgi.
- \* Íþróttadstaða á völdum stöðum og fyrir valdar greinar verði bætt þannig að hún standist kröfur sem gerðar eru til mótahalds.
  - \* Stutt verði við og hvatt til þátttöku í hreystiverkefnum sem nýta sér aðstöðu og útivistarsvæði Austurlands.




Íþróttamannvirki og íþróttasvæði á Austurlandi árið 2022.

## Skýringar við stefnu um útivistar- og íþróttasvæði til sérnota

Á Austurlandi eru, auk góðs aðgangs að náttúrulegu umhverfi, ýmis konar skipulögð útivistar- og íþróttasvæði. Sundlaugar eru í flestum bæjum á svæðinu. Vök baths er eftirsóttur baðstaður með heitum laugum í og við Urriðavatn og heitar náttúrulegar eru í Fljótsdal.

Skíðasvæði eru í Oddsskarði milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og í Stafdal milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða. Ný Norðfjarðargöng og væntanleg Fjarðarheiðargöng kalla á breytta skilgreiningu vega að þessum svæðum og er nauðsynlegt að bregðast við því til að tryggja nauðsynlegt aðgengi að svæðunum. Engin stólalyfta er á þessum skíðasvæðum en skoða mætti tækifæri til frekari uppbyggingar sem gæti dregið að fleiri gesti og yfir lengri tíma ársins. Víða erlendis, í Hlíðarfjalli á Akureyri og í Skálafelli í Mosfellssveit eru stólalyftur opnar á sumrin fyrir göngu- og hjólaþólk. Ýmsir möguleikar eru fyrir göngu- og fjallaskíðaþólk, sem og vélsleðaþólk, í námunda við skíðasvæðin og á fleiri stöðum á Austurlandi.

Golf er vinsælt um allt land enda hentug íþrótt fyrir fólk á öllum aldri og þar með fyrirtaks fjölskyldusport. Sex 9 holu golfvöllir eru á Austurlandi; á Eskifirði, Neskaupstað, Reyðarfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði og í Fellabæ. Frisbígolf hefur notið mikilla vinsælda á síðustu árum og er íþrótt sem kostar ekki mikið og flestir ættu að geta stundað. Þegar eru þó nokkrir frisbígolfvöllir á Austurlandi.



Íþróttaiðkun barna og unglunga er sérstaklega mikilvæg til að ýta undir staðaranda og samheldni í litlum samfélögum þar sem þjálfarar, fjölskyldur og ættingjar hafa tækifæri til að hittast og eiga samskipti. Öflugt íþróttastarf gegnir einnig mikilvægu hlutverki fyrir lýðheilsu og forvarnir til framtíðar og á það ekki aðeins við um keppnisíþróttir heldur einnig áhugamannasport.<sup>27</sup> Hægt er að bjóða upp á æfingar fyrir foreldra á sama tíma og íþróttæfingar barna og hvetja þannig til aukinnar hreyfingar.

Íþróttahús og sparkvellir eru í allflestum þéttbýliskjörnum á Austurlandi með aðstöðu fyrir fjölbreytta íþróttaiðkun. Sveitarfélög ættu að tryggja að möguleikar séu á frekari uppbyggingu á íþróttaaðstöðu og að gott aðgengi sé að þeirri aðstöðu sem fyrir er. Mögulega þarf að samþætta almenningssamgöngur við frístundaakstur og tryggja góðar göngu- og hjólatengingar við íþróttahús.<sup>28</sup>

Vilhjálmsvöllur á Egilsstöðum er eini frjálsíþróttavöllurinn á Austurlandi sem stenst kröfur til mótahalds. Fjarðabyggðarhöllin á Reyðarfirði er eina knattspyrnuhúsið á Austurlandi í fullri stærð með löglegum keppnisvelli. Nýverið var reist á Egilsstöðum eina sérhæfða aðstaðan á Austurlandi til æfinga í hópímleikum.

Reiðhöll og útsvæði er á Iðavöllum skammt frá Egilsstöðum og á Kirkjubólseyrum í Norðfirði. Sú fyrri er starfrækt af hestamannafélaginu Freyfaxa og sú síðari af hestamannafélaginu Blæ.<sup>29</sup>


Skotiþróttasvæði eru á Reyðarfirði og á Þuridarstöðum á Fljótaldalshéraði.

<sup>27</sup> Íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastefna 2020–2026.

<sup>28</sup> Aðalskipulag Fljótaldalshéraðs.

<sup>29</sup> Innviðagreining Fljótaldalshéraðs.





# 7.0

## FRAMFYLGD

- 7.1 Samstarf og framkvæmdaáætlanir
- 7.2 Samráð og innleiðing
- 7.3 Endurskoðun
- 7.4 Mælikvarðar á árangur



## 7.1 Samstarf og framkvæmdaáætlanir

Svo hægt verði að ná markmiðum svæðisskipulagsins verða sveitarfélög, samtök, fyrirtæki, félög og stofnanir á Austurlandi að eiga í nánú samstarfi. Með vel undirbúnum ákvörðunum um úrlausn sameiginlegra hagsmunamála Austurlands næst sá árangur sem stefnt er að í umhverfis-, atvinnu-, samfélags- og menningarmálum.

Svæðisskipulagsnefnd, í umboði sveitarstjórna, fylgist með framfylgd skipulagsins og annast breytingar á því sbr. 9. grein skipulagslaga. Austurbrú ses. er falin umsýsla nefndarinnar, samkvæmt samningi við Samband sveitarfélaga á Austurlandi og felur nefndin stofnuninni verkefni eftir atvikum til að ná fram markmiðum skipulagsins. Það skal þó tekið fram að nefndinni er fjálst að vísa verkefnum annað. Verkefnastjóri Austurbrúar er starfsmaður nefndarinnar.

Unnin verður aðgerðaáætlun þar sem dregin verða saman þau markmið sem kalla á framfylgd í gegnum aðal- og deiliskipulag og ábyrgðaraðilar skilgreindir fyrir önnur markmið, þ.m.t. þau sem kalla á framfylgd í gegnum áætlanir ríkisins.

Sveitarfélög og stoðstofnanir á þeirra vegum verða að gæta að innra samræmi skipulagsáætlana þannig að t.a.m. aðal- skipulag og deiliskipulag sé í samræmi við stefnu svæðisskipulags. Aðgerða- áætlanir sveitarfélaganna þurfa einnig að taka mið af svæðisskipulaginu og markmiðum þess í sinni forgangs röðun. Með hugtakinu aðgerðaáætlunum er til dæmis, en ekki eingöngu, átt við:

- ✳ Áfangastaðaáætlun
- ✳ Sóknaráætlun Austurlands
- ✳ Áhersluverkefni SSA
- ✳ Áherslur Uppbyggingarsjóðs Austurlands
- ✳ Starfsáætlun Austurbrúar
- ✳ Verkefnaáætlanir fyrir einstök verkefni
- ✳ Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga
- ✳ Meirihlutasáttmála bæjar- og sveitastjórna

Svæðisskipulagsnefndin skal benda á ef misræmis gætir á milli stefnunnar sem lýst er í skipulaginu og annarra áætlana. Sveitarfélög á Austurlandi og stoðstofnanir þeirra skulu hafa innleitt stefnuna í aðalskipulagsáætlanir og aðrar aðgerðaáætlanir innan 24 mánaða frá samþykki þess. Við verulegar breytingar á t.d. aðalskipulagi,

sóknaráætlun, starfsáætlun Austurbrúar, sem og við gerð annarra opinberra aðgerðaráætlana, skal leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar um það hvort þær samræmast stefnu svæðisskipulagsins.

Í tillögum að breytingum á aðal- skipulagi skal í öllum tilvikum gera grein fyrir samræmi við svæðisskipulag og þegar breytingarnar teljast verulegar og varða svæðisbundna hagsmuni skal leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar um samræmi við svæðisskipulagið. Mótaðar verða leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnir og svæðisskipulagsnefnd hvað þetta varðar.



## 7.2 Samráð og innleiðing

Það þarf viðtækt samráð og gott aðgengi að upplýsingum til að ná markmiðum svæðisskipulagsins. Mikil hefð er fyrir samvinnu á Austurlandi og hafa sveitarfélögin unnið saman að úrlausn ýmissa verkefna fyrir landslutann í gegnum tíðina.

Innleiðing skipulagsins er háð breiðri þátttöku samfélagsins, þ.m.t. samtaka, félaga, fyrirtækja og stofnana. Sveitarstjórnir á Austurlandi eiga sinn samstarfsvettvang, SSA, þar sem mótaðar eru áherslur á hverjum tíma ,m.a. á haustfundi sambandsins. Þá er hægt er að kalla saman samráðshóp sóknaráætlunar Austurlands og hagadilafund Austurbrúar til samtals um framfylgd svæðisskipulagsins. Í þessum hópum sitja fulltrúar frá ólíkum atvinnugreinum, opinberum stofnunum samfélagsins, ýmsum félögum og samtökum. Mikilvægt er að útvíkka og efla enn frekar þessa samráðsvettvanga þegar svæðisskipulagið hefur tekið gildi þannig að allir hagsmunaaðilar í samfélaginu geti tekið þátt í samtali um innleiðingu stefnunnar og nánari útfærslu. Það mætti t.d. gera með skipun nefnda um einstök stefnusvið svæðisskipulagsins og faghópum um einstök verkefni.

Þá er mikilvægt fyrir innleiðinguna að svæðisskipulagsnefnd tryggi gott aðgengi að skipulaginu. Framsetningin þarf að vera skýr, miðlunin skilvirk og fjölbreytt þannig að það nái til breiðs hóps, t.d. til barna og ungmenna. Nefndin skal jafnframt hvetja til þess að efniviður skipulagsins sé nýttur í öll verkefni á vegum sveitarfélaga og stofnstofnanna þeirra sem tengjast með beinum eða óbeinum hætti stefnusviðum þess.

Tölulegar staðreyndir og stöðu aðgerðaáætlana þarf að uppfæra með reglubundnum hætti svo hagsmunaaðilar geti tekið upplýstar stefnumótandi ákvarðanir um sína starfsemi á grunni skipulagsins.

Jafnframt skal leggja áherslu á að hafa samráð út fyrir landshlutann þegar við á, t.d. við önnur landshlutasamtök og stýrihóp stjórnarráðs um byggðamál og miðla stefnu og viðfangsefnum svæðisskipulagsins til þeirra starfshópa og nefnda, á vettvangi stjórnvalda, sem skipaðir eru fyrir einstök málefni.

Þeim markmiðum sem kalla á framfylgd í gegnum stefnu og áætlanir ríkisins og einstakra stofnana á vegum þess verður fylgt eftir í samráðs- og umsagnarferli um þær og með öðrum hætti eftir því sem tilefni er talið til. Sem dæmi má nefna eftirfarandi áætlanir:

- \* Byggðaáætlun
- \* Heilbrigðisstefna
- \* Kerfisáætlun Landsnets
- \* Landsskipulagsstefna
- \* Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
- \* Menningarstefna
- \* Samgönguáætlun
- \* Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

## 7.3 Endurskoðun

Að loknum sveitarstjórnarkosningum, á fjögurra ára fresti, skal svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða eða uppfæra svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort t.d. landsskipulagsstefna, byggðáætlun eða aðrar áætlanir kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins, en jafnframt verður stefnu svæðisskipulagsins beint til ríkisvaldsins, eftir því sem við á. Enn fremur skal svæðisskipulagsnefnd taka tillit til þess hvort forsendur, t.d. efnahagslegar eða samfélagslegar, hafi breyst og hvort framfylgd svæðisskipulagsins hafi gengið eftir eins og að var stefnt.

Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs svæðisskipulags væri að ræða, eins og mælt er fyrir um í skipulagslögum. Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er sú að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar, heldur það gildi sínu. Tilkynna þarf Skipulagsstofnun um niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar um hvort endurskoða beri svæðisskipulagið eða ekki.

Óháð því hvort gerðar eru breytingar á svæðisskipulaginu eða ekki skulu sóknaráætlun landshlutans og aðrar aðgerðar- og þróunaráætlanir sveitarfélaga og stofnanna þeirra endurskoðaðar og uppfærðar reglulega í þeim tilgangi að ná fram markmiðum svæðisskipulagsins.

## 7.4 Mælikvarðar á árangur

Í kjölfar staðfestingar svæðisskipulagsins verða mælikvarðar sem samræmast markmiðum þess skilgreindir og þróaðir og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Það verður gert með hliðsjón af mælikvörðum sem þegar eru til í öðrum verkefnum á svæðis- og landsvísu. Þannig verði til yfirlit yfir þá vísa sem nýtast við eftirfylgni svæðisskipulagsins í viðbót við þá vísa sem sérstaklega verða þróaðir í tengslum við skipulagið sjálft.

## HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun





# 8.0

## UMHVERFISMAT

- 8.1 Um umhverfismatið
- 8.2 Nálgun við umhverfismatið
- 8.3 Niðurstaða umhverfismats



## 8.1 Um umhverfismatið

Tilgangur umhverfismats á áætlunarstigi er að stuðla að því að tekið sé tillit til sjálfbærrar þróunar við stefnumótun og áætlanagerð, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismat tillögu að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 er sett fram í fylgiskjali með áætluninni en hér er nálgun við matið lýst og niðurstaða dregin fram.

## 8.2 Nálgun við umhverfismatið

### Umhverfisviðmið

Umhverfisáhrif tillögu að svæðisskipulagi voru metin m.t.t. umhverfisþátta sem tilgreindir eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisþættirnir samsvara skilgreiningu á umhverfi í lögnum en þar er því lýst sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.“

Fyrir hvern umhverfisþátt voru tilgreind umhverfisviðmið. Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þau markmið sem stefnumið áætlunar eru borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss áhrif á umhverfisþáttinn.

Til að meta hvort svæðisskipulagstíllagan stuðlar að sjálfbærri þróun voru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna notuð sem umhverfisviðmið. Höfð var hliðsjón af nálgun í umhverfismati tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.<sup>1</sup> Þá voru markmið Landsskipulagsstefnunnar og tillögur að viðauka við hana einnig hafðar til hliðsjónar við matið, þar sem skipulagsáætlunum sveitarfélaga er ætlað að framfylgja henni. Líkt og í umhverfismati tillögu að Landsskipulagsstefnu voru einnig notuð viðmið sem byggja á Landslagssamningi Evrópu (ELS).

<sup>1</sup> Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 (febrúar 2021).

Heimsmarkmiðin, sem hvert hafa sitt númer og lit, voru flokkuð undir þrjú svið sjálfbærrar þróunar; **umhverfi**, **efnahag** og **samfélag og menningu**. Einungis voru tilgreind þau Heimsmarkmið sem voru talin eiga við svæðis-skipulagsstillöguna:

Númer og heiti	Heimsmarkmið
<b>UMHVERFI</b>	
6. Vatn og hreinlætisaðstaða	Tryggja sjálfbæra nýtingu og aðgengi allra að hreinu vatni.
7. Sjálfbær orka	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.
11. Sjálfbærar borgir og samfélög	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum.
13. Loftslagsmál	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
14. Líf í vatni	Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt.
15. Líf á landi	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi.
ELS Landslag	Vernda, nýta, greina og skipuleggja landslag.
<b>EFNAHAGUR</b>	
2. Ekkert hungur	Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.
8. Atvinna og hagvöxtur	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla.
12. Neysla og framleiðsla	Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáferðir.
<b>SAMFÉLAG OG MENNING</b>	
3. Heilsa og vellíðan	Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.
4. Menntun fyrir alla	Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.
9. Nýsköpun og uppbygging	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun.
17. Samvinna um markmiðin	Styðja leiðir til samstarfs um sjálfbæra þróun.

## Matsspurningar

Í töflum í umhverfismatsskýrslunni sjálfri, sem er í fylgiskjali, eru tilgreind þau undirmarkmið hvers Heimsmarkmiðs sem talin eru eiga við svæðisskipulagstillöguna. Einnig er þar gátlisti yfir umhverfisþætti sem Heimsmarkmiðið snertir.

Skilgreindar voru matsspurningar úr frá:

- \* Heimsmarkmiðunum (HM).
- \* Markmiðum Landsskipulagsstefnu 2015-2026 (LSK).
- \* Markmiðum í tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnuna (VLSK).
- \* Markmiðum í Landslagssamningi Evrópu (ELS).

Í skýringum við matið er vísað í viðeigandi viðmið með skammstöfununum HM, LSK, VLSK og ELS.

## Mat á samræmi við umhverfisviðmið

Í umhverfismatsskýrslunni eru dregin fram þau markmið svæðisskipulagstillögunnar sem talin eru varða viðkomandi Heimsmarkmið og vera í samræmi við umhverfisviðmið þess.

Vísað í númer viðeigandi markmiða svæðisskipulagstillögunnar en þau eru samsett úr einum bókstaf og einum tölustaf.

Eftirfarandi tákni eru notuð til að lýsa hvort svæðisskipulagstillagan í heild sinni telst í samræmi eða ósamræmi við viðkomandi Heimsmarkmið:

- ++ Tillagan er metin í samræmi við viðmið fyrir viðkomandi Heimsmarkmið og ekki voru greind frávik.
- + Tillagan er metin í samræmi við viðmið fyrir viðkomandi Heimsmarkmið en með frávikum.
- Tillagan er metin í ósamræmi við viðmið fyrir viðkomandi Heimsmarkmið, með frávikum.
- Tillagan er metin í ósamræmi við viðmið fyrir viðkomandi Heimsmarkmið, án frávika.
- ? Erfitt er að segja til um samræmi þar sem það er háð útfærslu á síðari áætlunar-/skipulagsstigum eða annarri óvissu.



## 8.3 Niðurstaða umhverfismats

Svæðisskipulagstillagan var í öllum aðalatriðum metin í samræmi við umhverfisviðmið. Tillagan er því talin hafa jákvæð áhrif á umhverfi, efnahag og samfélag.

Greind voru nokkur atriði þar sem tillagan er ekki í fullu samræmi við tiltekin viðmið eða ekki tekið á öllum þáttum sem viðmiðið nær til. Það á við um eftirfarandi:

\* Stefna um fjölkjarnasamfélag og mögulega nýja íbúðar- og þjónustukjarna í dreifbýli er í nokkru í ósamræmi við viðmið LSK 2.1 um að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru og viðmið LSK 3.1 um skilgreiningu meginkjarna í hverjum landshluta. Í skýringum við stefnu um byggðarmynstur í svæðisskipulagstillögunni segir: Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að styrkja samfélög með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru og skilgreina megin-kjarna í hverjum landshluta. Tilgangurinn er að nýta innviði sem best og stuðla að því að til verði vinnusóknar- og þjónustusvæði sem geta staðið undir fjölbreyttri þjónustu.<sup>2</sup> Á Austurlandi er

ekki talið æskilegt að leggja höfuð-áherslu á einn kjarna umfram aðra þar sem á svæðinu eru margir rótgrónir byggðakjarnar, langt á milli sumra þeirra og torfært á vetrum. Því er lögð áhersla á að styrkja alla kjarna með einum eða öðrum hætti og bæta samgöngur á milli þeirra. Sérstaklega verður lögð áhersla á að bæta grunnþjónustu í nærsamfélagi<sup>3</sup> og vinna að því að unnt verði að aka að stærstu þéttbýliskjörnunum á innan við 60 mínútum, allan ársins hring.

\* Markmið B.2 miðar að fullnægjandi tengingu Austurlandskerfisins við meginflutningskerfi Íslands en ekki er tekin afstaða til legu flutningsmannvirkja og því óvíst um áhrif á náttúru og umhverfi (LSK 2.5).

\* Stefna um loftslagsmál er til þess fallin að styðja við aðgerðir gegn súrnun sjávar (HM 14.3) en ekki er beint fjallað um það vandamál.

\* Ekki eru settar fram beinar aðgerðir gegn landnámi og áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni (HM 15.8).

<sup>2</sup> Landsskipulagsstefna 2015-2026.

<sup>3</sup> Sbr. Byggsáætlun 2018-2024.

UMSAGNARAÐILAR

## Sveitarfélög landshlutans

Múlaþing  
Fjarðabyggð  
Fljótsdalshreppur  
Vopnafjarðarhreppur  
Samband sveitarfélaga á Austurlandi

## Aðliggjandi sveitarfélög

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Skútustaðahreppur  
Norðurþing  
Svalbarðshreppur  
Langanesbyggð  
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE)

## Aðrir

Afl - Starfsgreinafélag  
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi  
Stjórnendafélag Austurlands  
Austurbrú  
Búnaðarsamband Austurlands  
Byggðastofnun  
Bændasamtök Íslands  
Ferðamálasamtök Austurlands  
Ferðafélag fjardamanna  
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs  
Framfara- og ferðafélag Vopnafjarðar  
Ferðafélag Djúpavogs  
Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystra  
Félag skógarbænda Austurlandi  
Gönguklúbbur Seyðisfjarðar  
Göngufélag Suðurfjarða  
Ferðamálastofa  
Fjarskiptastofnun  
Fjölmenningssetur  
Geðhjálp  
Hallormsstaðaskóli  
Hafrannsóknastofnun  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands  
Heilbrigðisstofnun Austurlands  
Hestamannafélagið Blær  
Hestamannafélagið Freyfaxi  
Hestamannafélagið Geisli  
Hestamannafélagið Glófaxi  
Héraðsskjalasafn Austfirðinga  
Íslandsstofa  
Landmælingar Íslands  
Landgræðslan  
Landssamband veiðifélaga  
Landsnet

Landsvirkjun  
Lögreglan á Austurlandi  
LungA-skólinn  
Matis  
Matvælastofnun  
Menntaskólinn á Egilsstöðum  
Minjasafn Austurlands  
Minjavörður Austurlands  
Minjastofnun Íslands  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Náttúrustofa Austurlands  
Náttúruverndarsamtök Austurlands  
Orkustofnun  
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík  
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Egilsstöðum  
Rarik  
Rauði krossinn í Fjarðabyggð  
Rauði krossinn í Múlasýslu  
Rauði krossinn á Djúpavogi  
Þroskahjálp  
Samál  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Samgöngustofa  
Samtök atvinnulífsins  
- Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi  
- Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu  
- Samtök iðnaðarins  
- Samtök fjármálafyrirtækja  
- Samtök verslunar og þjónustu  
- Samtök orku- og veitufyrirtækja  
Skógræktin  
Skógræktarfélag Austurlands  
Skógræktarfélag Íslands

Stjórn SSA  
Sýslumaðurinn á Austurlandi  
UÍA  
Umhverfisstofnun  
Útvegsmannafélag Austurlands  
Félag smábátáeigenda á Austurlandi  
Vatnajökulsþjóðgarður  
Veðurstofa Íslands  
Landssamband veiðifélaga  
Vegagerðin  
Verkmenntaskóli Austurlands  
Vinnumálastofnun

## Alþingi og ráðuneyti

Alþingismenn norðausturkjördæmis  
Forsætisráðuneytið  
Dómsmálaráðuneytið  
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-  
ráðuneytið  
Heilbrigðisráðuneytið  
Innviðaráðuneytið  
Matvælaráðuneytið  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Utánríkisráðuneytið

